


skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur




Holt í fyrirrúmi
*Sólrún Ásta Steinsdóttir gefur uppskrift að kjúklingabaunasúpu og brauðbollum.*
**allt**




# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
**6. janúar 2012**
5. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




## Nýr áfangi í menntun
*Listaháskóli Íslands undirbýr meistaranám í myndlist og hönnun.*
**tímamót 18**

## Gerir þáttaröð um offitu
*Inga Lind Karlsdóttir vinnur að þáttaröð um offitu landans.*
**fólk 34**

## Hefur engar áhyggjur
*Arnór Atlason er ekki nógu góður í bakinu en verður með á EM í Serbíu.*
**sport 30**



**veðrið í dag**




**SKÚRIR EÐA ÉL** í dag verða suðvestan 8-13 m/s og skúrir eða él en stíf SA-átt og snjókoma NA-til í fyrstu. Léttir til síðdegis. Hiti 0-6 stig.
**VEÐUR 4**

# 50 þúsund hús sýkt af svepp

**Gera má ráð fyrir að myglusveppur sé í allt að 40 til 50 þúsund húsum á Íslandi. 160 þúsund hús eru skráð á landinu. Fólk er nú að uppgötva sveppinn í auknum mæli og getur hann haft varanleg áhrif á heilsu.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Gert er ráð fyrir að um 30 prósent íslenskra húsa séu sýkt af myglusvepp. Um 160 þúsund hús eru skráð á Íslandi, þar af 70 þúsund íbúðahús sem í eru um 130 þúsund íbúðir.

Indriði Níelsson verkfræðingur segir að gera megi ráð fyrir því að hlutfall myglusvepps í húsum hér á landi sé eins og í nágrannalöndum okkar, ef marka megi rannsóknir.

Hann segir svepp geta komið upp í gömlum húsum sem nýjum, allt snúist það um rakastig.

„Ef nýtt hús er illa byggt getur hann hæglega komið þar upp," segir hann. „Við fengum nýlega verkefni þar sem fjölskylda í nýju húsi þurfti að flytja út í tvo mánuði. Heimilisfaðirinn náði heilsu um leið og hann flutti að heiman."

Í grein sem Indriði skrifar í Gangverk, fréttarit Verkís, kemur fram að reikna megi með að myglusveppur, eða „húsasótt", sé algengari á heimilum en í öðrum húsum. Íbúar geti verið seinir að átta sig á ástandinu og viðgerðir geti verið kostnaðarsamar. Oft geti lausnin þó einfaldlega falist í því að opna glugga og lofta vel út.

„Þetta snýst um að húsinu sé haldið vel við svo leki komi ekki inn," segir hann.

Indriði segir æ fleiri tilfelli koma upp, en ástæða þess sé sennilega sú að fólk sé að uppgötva sveppinn í meiri mæli.

Heilsufarslegar afleiðingar hjá þeim sem búa við myglusvepp eru misjafnar. Sumir geta búið við það í langan tíma án þess að fá nokkur einkenni, aðrir geta hlotið varanlegan skaða.

Hannes Petersen, yfirlæknir á háls-, nef- og eyrnadeild Landspítalans, segir eitt einkenni vera krónískar bólgur í öndunarvegi. Fólk sofi illa, fái hausverk og verk í andliti. Erfitt geti verið með greiningu því einkenni séu svipuð og í venjulegri flensu.

Hannes segir málin einnig geta vandast ef fólk býr í sveppamenguðum húsum en hafi engin einkenni. „Svo er til fólk sem býr við örlítinn svepp og fær afar slæm einkenni."

Ekki eru til neinar rannsóknir sem styðja skaðleg áhrif sveppamengunar í húsum með óyggjandi hætti, en Hannes segir þó að ef fólk er undir stöðugri árás sveppa geti það vissulega haft óæskileg áhrif til lengri tíma. **- sv**

### Einkenni myglu

- Þung lykt sem erfitt reynist að losna við, þrátt fyrir útloftun.
- Myglublettir efst í hornum í svefnherbergjum, gluggapóstum og í bílskúrum.
- Algengt er að finna sveppamyglu í þvottavélum – sérstaklega hjá þeim sem nota mýkingarefni.
- Algengir staðir eru rakir kjallarar, þvottahús, baðherbergi, vaskaskápar og ruslaskápar. „Grátandi" gluggar eru kjörlendi fyrir myglusvepp.

*Heimild: Hús og heilsa*



**SALTAÐ Á FRAKKASTÍG** Starfsmenn Reykjavíkurborgar hafa átt annríkt um jólin við að tryggja umferð gangandi og akandi borgarbúa í snjóþyngslum og hálku. Óskar Guðmundsson sló ekki slöku við þegar hann bar salt á gangstéttir á Frakkastíg í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skattar ekki lækkaðir í bráð:

## Einstaka agnúa má sníða af

**EFNAHAGSMÁL** Vel kemur til greina að endurskoða auðlegðarskatt og sníða agnúa af skattkerfinu, að sögn Oddnýjar G. Harðardóttur, nýs fjármálaráðherra.



**ODDNÝ G. HARÐARDÓTTIR**

Hún kveðst hins vegar í grunninn ánægð með þær breytingar sem gerðar hafa verið á skattkerfinu. „Megintilgangurinn er náttúrlega að ná í tekjur, en líka að auka jöfnuð," segir hún og bendir á að niðurstaða ársins 2010 sýni að 60 prósent skattgreiðenda greiði hlutfallslega lægri skatta en áður.

Oddný segir brátt hægt að huga að því að rétta hlut þeirra sem hafa þurft að þola niðurskurð í velferðarkerfinu, en nokkur ár séu í að skattalækkanir verði tímabærar. Fyrst þurfi að gera langtímaáætlun í ríkisfjármálum.

**-óká /** **sjá síðu 12**

Heiðar Helguson leikmaður QPR var kjörinn Íþróttamaður ársins 2011:

## Elstur fótboltamanna til að sigra

**ÍÞRÓTTIR** Heiðar Helguson var í gærkvöldi útnefndur íþróttamaður ársins 2011 af Samtökum íþróttafréttamanna en Heiðar hlaut 229 stig í kjörinu eða 30 stigum meira en spjótkastarinn Ásdís Hjálmsdóttir sem varð í öðru sæti. Körfuboltamaðurinn Jakob Örn Sigurðarson varð síðan í þriðja sæti með 161 stig en hann er fyrsti körfuboltamaðurinn í þrjá áratugi sem kemst svona hátt í kjörinu.

„Ég get ekki sagt að þetta hafi verið eitthvað sem ég átti von á að ég myndi nokkru sinni fá. Þetta var því góð og óvænt ánægja. Ég er mjög stoltur af þessari útnefningu og þetta fer nálægt því að vera toppurinn á ferlinum. Ég var ekkert að pæla í þessu fyrr en að ég heyrði að það væri búið að tilnefna mig. Þá vildi maður auðvitað vinna þetta," sagði Heiðar sem var ekki viðstaddur verðlaunaafhendinguna í gær þar sem hann stendur í ströngu með enska úrvalsdeildarliðinu Queens Park Rangers. Heiðar er fyrsti knattspyrnumaðurinn til þess að fá þessi verðlaun síðan Margrét Lára Viðarsdóttir var valin árið 2007 en handboltamenn hafa verið kosnir undanfarin þrjú ár.

Aðeins fjórir íþróttamenn hafa verið eldri en hinn 34 ára gamli Heiðar þegar þeir voru valdir Íþróttamenn ársins en Heiðar slær hins vegar öllum öðrum knattspyrnumönnum eftir að vera kominn á fertugsaldurinn en alls hafa sjö fótboltamenn fengið þessa útnefningu, þar af Ásgeir og Eiður Smári Guðjohnsen tvisvar sinnum. **- óój**



**HEIÐAR HELGUSON** Íþróttamaður ársins 2011.


Egill Árnason™
JUNCKERS
parketolía




*Mundu ...við erum flutt!*
Suðurlandsbraut 20 - Sími: 595 0500
www.egillarnason.is




BRENNIR YFIR 200 KALORÍUR
www.aspire.er.is
Hagkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Kostur

SPURNING DAGSINS



*Jón, áttu ekki annan kost?*

„Ég á betri Kost.“

Jón Gerald Sullenberger, kaupmaður í Kosti, þarf að merkja öll erfðabreytt matvæli með límmiða og segir það mjög tímafrekt.

Framkvæmdastjóraskipti hafa orðið hjá Framtakssjóði Íslands:

# Finnbogi hættur hjá Framtakssjóði

**VIÐSKIPTI** Finnbogi Jónsson tilkynnti í gær að hann hefði látið af störfum sem framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands (FSÍ). Tilkynningin kom daginn eftir að Finnbogi upplýsti um að endurmat eigna sjóðsins hefði tvöfaldast frá miðju ári 2010 og fram til júníloka 2011. Hann hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra FSÍ frá því í janúar 2010, eða í tvö ár. Starf framkvæmdastjóra FSÍ verður auglýst til umsóknar innan tíðar.

Finnbogi segir það vera sína ákvörðun að hætta nú störfum.



FINNBOGI JÓNSSON

„Sú áhöfn sem er hjá sjóðnum hefur skilað frábærum árangri. Síðastliðnu ári er þó búin að fylgja mjög mikil vinna. Ég hef því ákveðið að minnka við mig en mun áfram sinna stjórnarsetum fyrir sjóðinn.“

Að sögn Finnboga er óhjákvæmilegt að deildar meiningar séu um starfsemi sjóðs eins og FSÍ. „Svona sjóður kemur víða við og það verða alltaf einhverjir sem eru ekki ánægðir með að sjóðurinn sé að kaupa tiltekin félög. Það er óhjákvæmilegt. En aðalatriðið er að sjóðurinn hefur skilað góðri arðsemi fyrir lífeyrisþega þessa lands og hefur sannað gildi sitt.“

Fréttablaðið greindi frá því í gær að virði eigna FSÍ hefði aukist um tæp 100% á fyrsta fjárfestingaári sjóðsins. Samtals hækkaði virði þeirra um 16,6 milljarða króna og var samtals 33,4 milljarðar króna um mitt síðasta ár. **- þsj**

Bandaríkjamenn breyta til:

## Fjárframlög til hersins lækkuð

**BANDARÍKIN** Bandaríkjamenn munu lækka fjárframlög til varnarmála um 500 milljarða dollara á næstu tíu árum. Fækkað verður í landhernum en sjó- og flugherirnir verða efldir.

Ráðamenn kynntu nýja stefnu í varnarmálum í gær. Barack Obama forseti sagði nú tækifæri til að laga herstyrk landsins að nýjum aðstæðum. Bregðast á við ógnum í austurhluta Asíu og við Kyrrahafið, meðal annars vegna aukinna umsvifa Kínverja. **- þeb**

Arion banki selur:

## Allt hlutafé Pennans til sölu

**VIÐSKIPTI** Eignabjarg, félag í eigu Arion banka, bauð í gær allt hlutafé í Pennanum til sölu.

Félagið, sem hefur verið í eigu bankans í 33 mánuði, á og rekur verslanir Eymundsson, Pennans, Griffils og Islandia. Samkvæmt lögum mega bankar einungis eiga fyrirtæki í óskyldri starfsemi í 12 mánuði án þess að leita eftir undanþágu vegna þess eignarhalds hjá Fjármálaeftirlitinu. Arion banki fékk slíka undanþágu.

Arion banki tók yfir Pennann ehf. í lok mars 2009 og stofnaði nýtt félag utan um rekstur hans. Um átta milljarða króna skuldir voru skildar eftir í þrotabúi gamla Pennans og um 1,2 milljarða skuld við Arion banka var breytt í nýtt hlutafé þegar nýja félagið var sett á fót.

Samkeppniseftirlitið hefur haft til athugunar hvort nauðsynlegt hafi verið að setja eignarhaldi Arion á Pennanum frekari skilyrði í ljósi þess langa tíma sem það hefur staðið yfir. Samkvæmt Páli Gunnari Pálssyni, forstjóri eftirlitsins, er ekki komin niðurstaða í þá athugun. **- þsj**

Fundur um kjarasamninga:

## ASÍ gagnrýnir ríkisstjórnina

**VINNUMARKAÐUR** Hörð gagnrýni kom fram á ríkisstjórnina á fundi formanna allra félaga og deilda landssambanda innan ASÍ í gær.

Farið var yfir forsendur kjarasamninga sem voru undirritaðir í vor, en endurskoðun samninganna á að vera lokið 20. þessa mánaðar.

Snorri Már Skúlason, upplýsingafulltrúi ASÍ, segir að mönnum þyki mikið standa út af borðinu þegar kemur að loforðum ríkisstjórnarinnar.

Boðað hefur verið til fundar á ný 19. janúar, en þá verður ákveðið hvort samningunum verði sagt upp eða ekki. **- þeb**

# Fleiri hunda vantar fyrir blinda á Íslandi

**Fjórir nýir leiðsöguhundar fyrir blinda eru nú í þjálfun hér á landi. Alls eru fimm hundar þegar í slíkri þjónustu. Ef miðað er við hin Norðurlöndin ættu hundarnir hér að vera fimmtán til tuttugu því um 700 manns eru lögblindir.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Hundaþjálfarinn Drífa Gestsdóttir þjálfar nú fjóra leiðsöguhunda sem fá það hlutverk, uppfylli þeir kröfur, að leiða lögblinda notendur. Drífa starfar fyrir Þjónustu- og þekkingarmiðstöðina fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda.

Á landinu eru nú aðeins fimm leiðsöguhundar og brýn þörf fyrir fleiri. Hundarnir, sem eru „í skóla“ hjá Drífu, eiga því eftir að koma að góðum notum og auðvelda líf verðandi notenda sinna til mikilla muna.

Drífa hóf störf hjá Blindrafélaginu þegar fjórir af þeim fimm hundum sem nú vinna með blindum komu frá Noregi hingað til lands fyrir þremur og hálfu ári. Hún segir að með komu þeirra hafi í raun orðið vakning að því leytinu til að fólk hafi áttað sig á hversu gagnlegir leiðsöguhundar geta verið.

Fullþjálfaður leiðsöguhundur kostaði rúmar sjö milljónir króna fyrir þremur til fjórum árum þegar hann var fluttur inn frá Noregi.

Hundarnir sem Drífa þjálfar nú eru allir hreinræktaðir og fæddir hér á landi.

„Þegar hvolpur kemur til mín sé ég um að hann fái öruggt og gott uppeldi,“ lýsir Drífa þjálfuninni. „Umhverfisþjálfun er mikilvæg. Ég er með hundinn innan um margt fólk. Hann lærir strax að heilsa hvorki ókunnugum né öðrum hundum. Í leik má ekki venja hann á að elta bolta, leita hluta eða rekja slóðir. Athyglin á einungis að vera bundin við notandann.“

Þjálfun hundanna við að leiða mann upp tröppur, fram hjá grindverkum, inn í lyftur og fleira á þeim nótum fer þannig fram að þjálfarinn stoppar til dæmis alltaf við tröppur. Þetta kemst fljótlega upp í vana hjá hundinum og hann fer að taka frumkvæðið með tilheyrandi hrósi. Þá er hundurinn alltaf vinstra megin við þann sem hann leiðir. Hundinum er kennt að þegar hann er með leiðsöguhundabeislið á sér er hann tveir metrar á hæð og tveir metrar á breidd.

Maður og hundur eru þjálfaðir saman og áhersla lögð á tilteknar gönguleiðir. **jss@frettabladid.is**



**GÓÐIR HEIMILISHUNDAR** „Hundarnir sem passa best í þetta hlutverk eru geðgóðir, traustir og skynsamir,“ segir Drífa Gestsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Um 700 lögblindir hér á landi

Hér á landi eru um 700 manns lögblindir, að sögn Huldar Magnúsdóttur forstjóra Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda. Lögblindir teljast þeir sem hafa innan við tíu prósenta sjón.

„Ef staðan hér væri sambærileg miðað við það sem gerist á hinum Norðurlöndunum ættum við að vera með fimmtán til tuttugu leiðsöguhunda á hverjum tíma,“ segir Hulda.

Miðstöðin hefur sett af stað verkefni til að kaupa og þjálfa leiðsöguhunda á Íslandi í stað þess að kaupa þá frá útlöndum. Áætlað er að skila tveimur leiðsöguhundum á ári.

Saksóknarar í Egyptalandi:

## Vilja dauðadóm yfir Mubarak

**EGYPTALAND, AP** Saksóknarar vilja að Hosni Mubarak, fyrrverandi forseti Egyptalands, verði dæmdur til dauða fyrir dráp á mótmælendum í uppreisninni gegn honum í fyrra.



HOSNI MUBARAK

Jafnframt er farið fram á dauðadóm yfir yfirmanni öryggismála í stjórn Mubaraks og sex yfirmönnum í lögreglunni. Mubarak hrökklaðist frá völdum 18. febrúar í fyrra.

Yfirsaksóknari í málinu sagði Mubarak ábyrgan fyrir dauða mótmælenda og hann hafi ekkert gert til að stöðva drápin. Hann geti ekki haldið því fram að hann hafi ekki vitað hvað væri að gerast þegar skotið var á mótmælendur. **- þeb**

Fjármálaeftirlitið gekk of langt:

## Ekki vanhæfur í lífeyrissjóði

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur segir Fjármálaeftirlitið (FME) ekki hafa haft gilda ástæðu til að meta Ingólf Guðmundsson, fyrrverandi stjórnarformann Íslenska lífeyrissjóðsins, vanhæfan til að vera framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs verkfræðinga. Taldi FME að Ingólfur hefði vanrækt skyldur stjórnarformanns er Íslenski lífeyrissjóðurinn hefði farið út fyrir lagaheimildir í fjárfestingum árin 2007 og 2008.

Héraðsdómur segir að hefði Ingólfur notið lögmæts andmælaréttar gæti það hafa breytt ákvörðuninni sem FME tók haustið 2010. „Niðurstaðan er ótvíræð og ég vona að menn læri af henni,“ segir Ingólfur sem dæmdar voru 1,3 milljónir króna í málskostnað. **- gar**






Einn maður var tekinn með kíló í farangri og annar með 150 grömm innvortis:

# Tveir menn teknir með kókaín

**LÖGREGLUMÁL** Þrír íslenskir karlmenn eru í haldi lögreglu vegna tveggja óskyldra fíkniefnamála.

Hinn 22. desember síðastliðinn var karlmaður á sextugsaldri stöðvaður í Leifsstöð við komuna til landsins frá Kaupmannahöfn. Hann var stöðvaður við hefðbundna leit tollgæslu og fannst um eitt kíló af kókaíni falið í farangri hans. Hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald á Þorláksmessu. Varðhaldið rann út í gær en þá framlengt um viku, en þá var karlmaður á fertugsaldri einnig handtekinn vegna málsins. Ekki hafði verið tekin ákvörðun um gæsluvarðhald yfir honum í gær. Mennirnir hafa báðir komið við sögu lögreglunnar, en ekki í stórum málum.

Á gamlársdag var íslenskur karlmaður stöðvaður við komuna til landsins frá London, einnig við hefðbundna leit tollgæslunnar. Hann reyndist hafa um 150 grömm af kókaíni innvortis. Hann var svo úrskurðaður í gæsluvarðhald á nýársdag sem rennur út í dag. Ekki lá fyrir í gær hvort farið yrði fram á áframhaldandi gæsluvarðhald yfir honum.

Ekkert bendir til þess að málin tvö tengist. **- jss, þeb**



**LEIFSSTÖÐ** Málin eru ekki talin tengjast, en þrír menn hafa verið handteknir. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

• PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST •



28% AFSLÁTTUR

ÁÐUR: 1.795

**1.295**

**29 lítra plastkassi**
Góður plastkassi með smelltu loki.
Stærð: 46,5 x 35,5 x 25,7 sm.



25% AFSLÁTTUR

ÁÐUR: 795

**595**

**8 lítra plastkassi**
Góður plastkassi með smelltu loki.
Stærð: 34 x 22,5 x 16 sm.



**2.495**

**57 lítra plastkassi á hjólum**
Með smelltu loki og á hjólum.
Stærð: 59 x 41 x 33 sm.



**2.295**

HAMMAR PLAST

**31 lítra plastkassi**
Góður plastkassi með smelltu loki.
Stærð: 50 x 39 x 26 sm.

# NÚ KOMUM VIÐ SKIPULAGI Á GEYMSLUNA, BÍLSKÚRINN, HÁALOFTIÐ, HERBERGIÐ OG SKRIFSTOFUNA!

**TILBOÐ GILDA 06.01 - 08.01**



17% AFSLÁTTUR

ÁÐUR: 2.995

**2.495**

**50 lítra TOP ROLLER plastkassi**
Stór og rúmgóður plastkassi á hjólum.
Langt og gott handfang. Stærð: 60 x 40 x 34,5 sm.



**1.249**

**24 lítra plastkassi**
Góður plastkassi með loki og hjólum.
Stærð: 60 x 40 x 17 sm.



25% AFSLÁTTUR

ÁÐUR: 3.995

**2.995**

HAMMAR PLAST

**70 lítra plastkassi**
Stór og góður plastkassi á hjólum. Stærð: 72 x 40 x 39 sm.



**995**

**11,5 lítra plastkassi með loki**
Góður plastkassi með loki og handfangi.
Stærð: 37 x 28 x 16,5 sm.



23% AFSLÁTTUR

ÁÐUR: 1.295

**995**

**13 lítra plastkassi**
Góður plastkassi með loki.
Stærð: 40 x 29,5 x 21,2 sm.



**3.995**

**100 lítra plastkassi á hjólum**
Stór og góður plastkassi á hjólum. Stærð: 69 x 47 x 45,5 sm.



**1.695**

**25 lítra plastkassi**
Með smelltu loki.
Stærð: 46 x 35 x 27 sm.



HAMMAR PLAST

**499**

**3 lítra plastbox**
Með smelltu loki.
Stærð: 21 x 17 x 15 sm.



**2.995**

**32 lítra plastkassi**
Með tvöföldu loki.
Stærð: 80 x 40 x 17 sm.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ



**1.995**

**37 lítra plastkassi**
Með smelltu loki. Stærð: 50 x 37,5 x 29,4 sm.

• PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST • PLAST •

## GENGIÐ 05.01.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,93 | 123,51 |
| Sterlingspund | 191,13 | 192,05 |
| Evra | 157,83 | 158,71 |
| Dönsk króna | 21,224 | 21,348 |
| Norsk króna | 20,542 | 20,662 |
| Sænsk króna | 17,806 | 17,910 |
| Japanskt jen | 1,5980 | 1,6074 |
| SDR | 188,37 | 189,49 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
217,6361

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



**TÆKNISKÓLINN** Framhaldsskólar eru ekki almenningur segir umboðsmaður Alþingis.

Lögregla brotleg í Tækniskóla:

## Var óheimilt að leita fíkniefna

**DÓMSMÁL** Húsleit lögreglunnar hjá Tækniskólanum í Reykjavík í febrúar 2010 var ólögmæt samkvæmt niðurstöðu umboðsmanns Alþingis. Leitað var að fíkniefnum í skólabyggingunni og ákvað umboðsmaður að eigin frumkvæði að kanna lögmæti leitarinnar.

Kemur fram í áliti hans að lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu og dómsmála- og mannréttindaráðuneytið hafi sagt að lögreglu væri heimilt að leita í skólahúsnæði því það væri opið almenningi. Umboðsmaður segir hins vegar framhaldsskóla vera vinnustaði kennara og nemenda og ekki beinlínis ætlaða til að laða til sín almenning. Nemendur gætu því haft réttmætar væntingar til að njóta nokkurs friðar um lífshætti sína og einkahagi innan veggja skóla og gagnvart afskiptum stjórnvalda. - gar

### HALDIÐ TIL HAGA

Vegna viðtals sem birtist í Fréttablaðinu 20. desember 2011 vill Lárentsínus Kristjánsson, fyrrum formaður skilanefndar Landsbankans, koma því á framfæri að fyrirsögn viðtalsins „Vanþakklátasta starf í heimi“ endurspegli ekki upplifun hans á starfinu. Lárentsínus segir að „þrátt fyrir margar gagnrýnisraddir á störf nefndarinnar, oft réttmætar, þá hafi jákvæðar raddir verið mun fleiri og starfið verið, þrátt fyrir allt, mjög skemmtilegt og lærdómsríkt“.

Alls voru 1.136 hross seld til útlanda á síðasta ári fyrir samtals um það bil einn milljarð:

# Útlendingar kaupa fleiri góð og dýr hross

**VIÐSKIPTI** „Þróunin hefur verið sú að fleiri góð og dýr hross hafa selst úr landi að undanförnu, en hinum miðlungsgóðu hefur fækkað,“ segir Hulda Gústafsdóttir á Árbakka, sem á og rekur Hestvit ehf. ásamt eiginmanni sínum Hinriki Bragasyni.

Samtals 1.136 hross voru flutt héðan til útlanda á nýliðnu ári. Ekki er um ýkja mikla breytingu að ræða frá árinu 2010 þegar 1.158 hross voru flutt út.

Í skýrslu um útflutningsverðmæti íslenskra hrossa sem unnin var fyrir Alþingi fyrir um það bil tveimur árum kom meðal annars fram að veltan í hrossasölu til útlanda næmi um það bil einum milljarði íslenskra króna á ári. Hulda, sem sat í nefndinni sem vann skýrsluna, segir að búast megi við að söluverðmætið hafi haldist nokkurn veginn þótt hrossunum hafi fækkað.

Eins og undanfarin ár voru flest hrossanna seld til Þýskalands eða 444. Næstmesti fjöldinn fór til Svíþjóðar, 151 hross. Til Danmerkur voru seld 146 hross og 116 til Sviss. Eitt hross var selt til Spánar. - jss

### Fjöldi útfluttra hrossa 2001-2011




# Samstarf við Svía um iðnframleiðslu úr áli

**Hönnunarmiðstöð Íslands undirbýr samstarf við sænsk fyrirtæki um hönnun og framleiðslu úr áli. Lokatakmarkið gæti verið framleiðsla úr áli á Íslandi segir framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvarinnar. Fjármagn er þó ekki allt tryggt.**

**IÐNAÐUR** „Það er í bígerð samstarf um þróunar- og nýsköpunarverkefni milli íslenskra hönnuða, sænskra álframleiðenda og áliðnarins hér heima,“ segir Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands.

Að verkefninu koma Hönnunarmiðstöð Íslands annars vegar og hins vegar samtök glerframleiðenda, húsgagnaframleiðenda og fyrirtækja sem framleiða vörur úr áli í Suður-Svíþjóð. Sænska sendiráðið á Íslandi átti visst frumkvæði að málinu og Samtök iðnaðarins og Samtök álframleiðenda hérlendis eiga að því aðild.

Samstarfsverkefnið var rætt á húsgagnaráðstefnunni Möbelriksdagen í Smálöndunum í Svíþjóð á miðvikudaginn. Halla Helgadóttir ítrekar hins vegar að verkefnið sé á upphafsstigi. Til dæmis sé fjármögnunin enn ekki að fullu tryggð þótt vonast sé til að sá þáttur skýrist fljótlega.

Að sögn Höllu á málið rætur í samstarfi hönnuða og húsgagnaframleiðenda í Suður-Svíþjóð. „Hugmyndin þróaðist frá húsgögnum yfir í ál því það þótti áhugavert,“ útskýrir hún.

Halla minnir á að á Íslandi séu margir hönnuðir og mikil álframleiðsla en þó engin vöruframleiðsla úr áli. Í Svíþjóð séu hins vegar mörg fyrirtæki sem framleiði úr áli. Upplagt sé að leiða þessa aðila saman.

„Menn vilja rannsaka betur möguleikana á að vinna úr þeim hráefnum sem hér eru og framleiðsla úr áli er áhugaverð út frá því,“ segir Halla sem kveður tímann munu leiða í ljós hvaða hlutir gætu verið settir í framleiðslu. Það ráðist af þeirri þróun sem verði meðal hönnuðanna sem taka þátt.



**HALLA HELGADÓTTIR** Menn vilja skoða betur möguleikana til að framleiða úr þeim hráefnum sem eru á Íslandi, segir framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Ef við náum öllum þráðum saman verður þetta stórt og mjög spennandi verkefni.
>
> **HALLA HELGADÓTTIR** FRAMKVÆMDASTJÓRI HÖNNUNARMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

„Við sjáum ekki fyrir að á stuttum tíma verðum við með úrvinnslufyrirtæki í áliðnaði hér heima en það er samt sú mynd sem við horfum til,“ svarar Halla spurð hvort stefnt sé að því að álvöruframleiðsla verði hér á landi.

Að sögn Höllu hefur verið sótt um styrk til nýsköpunarsjóðsins Nordisk Innovation Fund.

„Ef við náum öllum þráðum saman verður þetta stórt og mjög spennandi verkefni,“ segir Halla en setur þó fyrirvara við allt málið. „Það er aldrei gott að blása í lúðurinn áður en búið er að skrifað undir samningana.“

gar@frettabladid.is

Hross fældust vegna flugelda:

## Hross aflífað eftir árekstur

**LÖGREGLUMÁL Umferðaróhapp varð í gærmorgun á Laugarvatnsvegi við Brúará á móts við bæina Efri-Reyki og Syðri-Reyki er hross varð fyrir pallbifreið sem átti leið um veginn. Hrossið slasaðist það mikið að ekki var hjá því komist að aflífa það, samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Selfossi.**

**Hrossastóð var á og við veginn og er talið að það hafi fyrr um nóttina fælst vegna notkunar skotelda í sumarhúsabyggð við Syðri-Reyki og stóðið ruðst í gegnum girðingu við veginn.**

Rúmar sjö milljónir til kvenna:

## Styrkur fyrir stelpurokk

**MENNING** Átján styrkir voru veittir úr menningarsjóði Hlaðvarpans, menningarsjóði kvenna, í gær. Styrkirnir nema samtals rúmum sjö milljónum króna.

Saga kvenna á Íslandi í 150 ár, rokksumarbúðir fyrir stelpur, heimildaþættir um konur í íslenskri kvikmyndagerð, bókmenntaverðlaun kvenna og bókin Á rauðum sokkum eru meðal þeirra verkefna sem fengu styrk nú. Vel á annað hundrað umsóknir bárust.

Úthlutað var úr menningarsjóðnum þriðja árið í röð nú en alls hefur fimm sinnum verið úthlutað á þessum tíma. - þeb

### LÖGREGLUMÁL

**Kannabisræktandi tekinn**

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði kannabisræktun í fjölbýlishúsi í austurborginni í fyrradag. Hald var lagt á 30 kannabisplöntur á ýmsum stigum ræktunar. Húsráðandi, karl um þrítugt, var handtekinn á staðnum.


## HB-hópur

Fjölbreyttar æfingar og hressir tímar fyrir lengra komna

**Þjálfari: Anna Borg sjúkraþjálfari**

Mán, mið og föst kl. 7.45 eða 9.00
Hefst: 8. ágúst – 4 vikur
Verð kr. 13.900 eða 9.900 í áskrift (3 mán binditími)



**Einnig karlatímar hjá Önnu á þri og fim kl. 11.00 frá 1. sept**

HEILSUBORG
Faxafeni 14 www.heilsuborg.is

Skráning á mottaka@heilsuborg.is eða í síma 560 1010


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**ASAHLÁKA!** Nú er nauðsynlegt að hreinsa snjó frá niðurföllum og anddyrum kjallara til að koma í veg fyrir vatnstjón en það hlánar víða í dag og snemma á sunnudag má búast við asahláku einkum um sunnan og vestanvert landið.



**Á MORGUN**
8-13 m/s austast, annars víða 5-10.

**SUNNUDAGUR**
Allhvöss SA-átt í fyrstu en hægari SV síðdegis.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 6° |
| Berlín | 3° |
| Billund | 3° |
| Frankfurt | 7° |
| Friedrichshafen | 2° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 9° |
| Mallorca | 17° |
| New York | 8° |
| Orlando | 21° |
| Ósló | -2° |
| París | 8° |
| San Francisco | 13° |
| Stokkhólmur | 1° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is


ÍSLANDS LAMB
Stolt kjötmeistarans
FRÁBÆR HELGARTILBOÐ
TILBOÐ
FERSKT JURTAKRYDDAÐ LAMBALÆRI
1.399 kr/kg.
Verð áður 2.199.-
ÍSLANDS NAUT
TILBOÐ 30% afsláttur við kassa
TILBOÐ
2.379 kr/kg.
Verð áður 3.398.-
ÍSLANDS NAUT
TILBOÐ 20% afsláttur við kassa
4% fita
TILBOÐ
1.678 kr/kg.
Verð áður 2.098.-
Holta
TILBOÐ 20% afsláttur við kassa
TILBOÐ
2.283 kr/kg.
Verð áður 2.854.-
Holta
TILBOÐ 20% afsláttur við kassa
TILBOÐ
798 kr/kg.
Verð áður 998.-
Piparsteik
Ungnautahakk
4% fita
Kjúklingabringur
ferskar
Kjúklingur
heill, ferskur
TILBOÐ
FUMAGALLI PARMASKINKA
998 kr/pk.
Verð áður 1.298.-
ALVÖRU HRÁSKINKA
BEINT FRÁ ÍTALÍU
fumagalli
NÝTT
BRIANNAS DRESSINGAR
599 kr/stk.
TILBOÐ
HNETUBARINN
30% afsláttur v/kassa
ORKUDRYKKUR 500 ML
108 kr/stk.
ENERGY DRINK
CHEERIOS
538 kr/pk.
Cheerios
NÝBAKAÐ
TILBOÐ
HEILSUBRAUÐ
289 kr/stk.
Verð áður 399.-
NÝBAKAÐ
TILBOÐ
RÚNSTYKKI
69 kr/stk.
Verð áður 99.-
NÝBAKAÐ
TILBOÐ
PEKANBAKA
599 kr/stk.
Verð áður 699.-
TILBOÐ
FLORIDANA APPELSÍNUSAFI
239 kr/stk.
Verð áður 257.-
24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg
Gildir til 8. janúar á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



*Hefur ríkisstjórnin gengið of langt í skattkerfisbreytingum?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 88,7% |
| NEI | 11,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ætlar þú að fylgjast með íslenska karlalandsliðinu á EM í handbolta?*

vísir

Sprengingar ýta enn frekar undir ótta við uppreisnarmenn í Bagdad:

# Að minnsta kosti 72 létu lífið

**BAGDAD, AP** Að minnsta kosti 72 létu lífið og yfir 60 særðust í fjölda sprengjuárása í tveimur hverfum sjía-múslíma í Bagdad í gær.

Árásirnar ýttu enn frekar undir ótta heimamanna um auknar aðgerðir uppreisnarmanna eftir að bandarískir hermenn yfirgáfu landið í síðasta mánuði.

Fyrsta sprengjan var fest við mótorhjól og sprakk nálægt strætóstöð þar sem verkamenn safnast saman á daginn í leit að vinnu. Önnur sprengja sprakk nær samstundis í vegkanti skammt frá. Lögreglan fann þriðju sprengjuna í nágrenninu en náði að aftengja hana.

Talsmaður hersins í Bagdad segir að það sé of snemmt að geta sér til um hverjir stóðu að baki árásunum. Sprengingar á þessum svæðum hafa þó verið eitt af einkennismerkjum súnní-múslíma tengda við al-Kaída.

Árásirnar í gær eru þær mannskæðustu síðan 22. desember þegar 69 manns létu lífið í sjíahverfum borgarinnar. Al-Kaída lýsti þeim árásum á hendur sér. **- sv**



**SYRGJA FÖÐUR SINN** Synir Abbas Lazim syrgja föður sinn sem lést á spítala eftir sprengjuárásirnar í Bagdad í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rannsóknarnefnd ÍLS:

## Skýrslutökur þegar hafnar

**RANNSÓKN** Vinna rannsóknarnefndar sparisjóðanna og rannsóknarnefndar Íbúðalánasjóðs er komin á fullan skrið. Síðarnefnda nefndin var skipuð 6. september.

Skýrslutökur eru hafnar hjá rannsóknarnefnd Íbúðalánasjóðs en ekki rannsóknarnefnd sparisjóðanna. Þar hafa verið tekin óformleg viðtöl.

Verkefni nefndanna er að komast að hinu sanna í rekstri Spron, Byrs, Sparisjóðsins í Keflavík og fleiri sparisjóða sem og hjá Íbúðalánasjóði.

6.626 mál voru skoðuð:

## Tilkynningum fækkaði í fyrra

**FÉLAGSMÁL** Tilkynningum til barnaverndarnefnda fækkaði um 5,5 prósent fyrstu níu mánuði ársins 2011 samanborið við sama tímabil 2010. Fram kemur á vef Barnaverndarstofu að tilkynningarnar hafi verið 6.626 talsins, samanborið við 7.011 árið áður.

„Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar,“ segir á vefnum. Flestar tilkynningar voru vegna áhættuhegðunar barna eða tæpur helmingur. **- óká**

**PERSÓNUVERND**

### Umsókn LSH hafnað

Persónuvernd hefur hafnað beiðni Landspítalans um að koma upp gagnagrunni með persónuupplýsingum um sjúklinga með skorpulifur og lifrarsjúkdóma á lokastigi. „Persónuvernd telur ekki vera fyrir hendi fullnægjandi heimild fyrir gerð og rekstri slíks gagnagrunns,“ segir á vef stofnunarinnar.

**SJÁVARÚTVEGUR**

### Þorskverð lækkað

Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna hefur lækkað verð um 3% á slægðum og óslægðum þorski, sem ráðstafað er til eigin vinnslu eða seldur til skyldra aðila. Verð á slægðri og óslægðri ýsu var hækkað um 3%. Þá var verð á karfa hækkað um 5%.



**ÉG FER HVERGI** Skjólstæðingar björgunarsveitanna eru af ýmsum toga.

Sérstakt útkall í Varmahlíð:

## Björgunarsveit stóð í nautaati

**ÖRYGGISMÁL Liðsmenn Flugbjörgunarsveitarinnar í Varmahlíð (FBSV) stigu krappan dans á þriðjudag við að koma nokkrum illvígum nautum til síns heima. Nautin voru á ferðinni í Steinstaðarhverfi um tíu kílómetrum frá Varmahlíð og höfðu hvorki látið girðingar né annað hefta för um íbúðahverfi.**

**Í frétt frá Landsbjörgu kemur fram að tvísýnt var um hríð hjá fimm mönnum frá FBSV á fjórum snjósleðum en nautin freistuðu þess að halda frelsinu með því að „láta vaða á sleðana“ á hlaupum. Nautin gáfu eftir þremur tímum eftir útkall.** **- shá**

# Skuldir Víkingaheima afskrifaðar að mestu

**Skuldir Íslendings ehf. og Útlendings ehf., sem halda utan um Víkingaheima, verða lækkaðar um hundruð milljóna króna. Reykjanesbær breytir skuldum í hlutafé. Sveitarfélagið myndar 250 milljóna króna eign með uppgjörinu.**

**SVEITARFÉLÖG** Skuldir tveggja félaga sem halda utan um Víkingaheima í Reykjanesbæ munu lækka um 60-70% samkvæmt uppgjörssamkomulagi þeirra við stærsta eiganda sinn, Reykjanesbæ, og lánardrottinn, Landsbankann. Félögin tvö, sem heita Íslendingur ehf. og Útlendingur ehf., skulduðu samtals um 620 milljónir króna í lok árs 2010.

Í uppgjörinu mun Reykjanesbær breyta rúmlega 100 milljóna króna skuld félaganna við sig í nýtt hlutafé og eignast við það 99% eignarhlut í Íslendingi, sem er móðurfélag Útlendings. Landsbankinn mun á móti lækka skuldir samstæðunnar um nokkur hundruð milljónir króna. Þetta kemur fram í ársreikningum Íslendings og Útlendings fyrir árið 2010 sem skilað var inn til ársreikningaskrár 30. desember síðastliðinn. Samkvæmt upplýsingum frá bankanum var SpKef sparisjóður upphaflega lánveitandi félaganna en skuldir þeirra færðust yfir til Landsbankans þegar hann tók yfir sjóðinn. Ekki er búið að ganga endanlega frá uppgjörssamkomulaginu.

Víkingaheimasafnið var opnað sumarið 2009. Það hýsir víkingaskipið Íslending, sem Reykjanesbær keypti árið 2002 af Gunnari Marel Eggertssyni, sem smíðaði skipið. Menntamálaráðuneytið styrkti á sínum tíma uppbygginguna safnsins um 120 milljónir króna auk þess sem ýmis fyrirtæki lögðu því til fé. Rekstur safnsins hefur verið í tveimur félögum: Íslendingi, sem sér um rekstur og á skipið sjálft, og Útlendingi, sem var stofnað utan um byggingu Víkingaheima. Íslendingur, sem á Útlending að öllu leyti, hefur verið í eigu Reykjanesbæjar (51%), Gunnars Marels (20%) og Olís (6%) auk þess sem félagið á 23% hlut í sjálfu sér.

Rekstur Víkingaheima hefur ekki gengið sem skyldi og samanlagt tap félaganna tveggja á árinu 2010 var tæpar 50 milljónir króna. Samanlagðar skuldir þeirra voru 619 milljónir króna og eigið fé samstæðunnar var neikvætt um 113,5 milljónir króna.

Í ársreikningum félaganna kemur fram að þau hafi unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu á árinu 2011. Þar segir að „allt bendi til þess að skuldir Útlendings ehf. í árslok 2011 verði lækkaðar um 60-70% og að Reykjanesbær muni skuldajafna kröfu sinni á félögin og breyta í hlutafé í Íslendingi ehf., að fjárhæð rúmar 100 milljónir króna og eignast þar með yfir 99% hlut í félaginu. Áætlað er að eignir samstæðu Íslendings ehf. muni í árslok 2012 nema 438 milljónum króna og að skuldir samstæðunnar eftir leiðréttingu og endurskipulagningu verði á sama tíma um 185 milljónir króna“.

Við þessa breytingu fer bókfærð eign Reykjanesbæjar í félögunum sem standa að Víkingaheimum úr því að vera neikvæð í það að vera jákvæð um rúmlega 250 milljónir króna. **thordur@frettabladid.is**



**VÍKINGAHEIMAR** Safnið var opnað sumarið 2009. Það hýsir víkingaskipið Íslending, sem Reykjanesbær keypti sumarið 2002. Samanlagt skulduðu félögin tvö sem eiga og reka safnið rúmlega 600 milljónir króna í lok árs 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Minnihlutinn vildi gjaldþrot

Bæjarráð Reykjanesbæjar samþykkti uppgjörssamkomulagið á fundi sínum 22. desember síðastliðinn. Í bókun meirihluta, sem samþykkti samkomulagið, segir að með ákvörðuninni sé „leitast við að tryggja kröfu bæjarsjóðs á hendur félaginu, rúmlega 100 milljónir króna og munu eignir samstæðu Reykjanesbæjar hækka um rúmlega 200 milljónir króna við þessa ákvörðun [...]. Vonir meirihlutans standa til þess að ekki þurfi að leggja félaginu til verulega fjármuni til rekstrar eftir fjárhagslega endurskipulagningu þess“.

Minnihluti bæjarráðsins vildi hins vegar að rekstri félaganna yrði hætt og að bæði félögin yrðu tekin til gjaldþrotaskipta. Í bókun hans segir að „það [sé] ekki forsvaranlegt að Reykjanesbær haldi áfram að leggja félögunum til fjármagn er ljóst [sé] að töluvert fé [þurfi] til“ ef halda eigi rekstri þeirra áfram. Allar áætlanir sem lagðar hafi verið fram varðandi félögin „hafa því miður ekki staðist í áranna rás“.


## Hönnunarsamkeppni Kárastaðastígur - Almannagjá



Þingvallanefnd í samvinnu við Arkitektafélag Íslands efnir til samkeppni um tillögur að gerð og hönnun öruggrar gönguleiðar um Kárastaðastíg á Þingvöllum þar sem djúp gjóta opnaðist í stíginn niður í Almannagjá vorið 2011.

Vonast er til að samkeppnin leiði fram einfalda og snjalla laust á gerð gönguleiðarinnar, sem unnt verður að hrinda í framkvæmd fyrir upphaf aðalferðamannatímans vorið 2012.

Tillögum skal skila í seinasta lagi **1. febrúar nk. kl. 16.00** á skrifstofu Arkitektafélags Íslands, Engjateigi 9, 105 Reykjavík.
Veitt verða þrenn verðlaun að upphæð 400.000- , 250.000- og 150.000- kr. auk vsk.

Um er að ræða opna samkeppni þar sem keppendur gera tillögu að heildarlausn viðfangsefnisins og tillögur að helstu atriðum tæknilegra lausna.

Rétt til þátttöku hafa allir þeir sem leyfi hafa til að leggja aðaluppdrætti fyrir byggingarnefnd.

Keppnislýsing er aðgengileg öllum á PDF-formi á vef þjóðgarðsins http://www.thingvellir.is og vef Arkitektafélags Íslands http://ai.is/

Þeir sem ákveða að taka þátt í samkeppninni skulu senda trúnaðarmanni samkeppninnar tölvupóst til staðfestingar þátttöku sinni. Trúnaðarmaður sendir tilbaka lykilorð sem veitir þátttakanda aðgang að öllum samkeppnisgögnum á heimasíðu þjóðgarðsins.


Blekkti norskt sendiráð til að gefa út vegabréfsáritanir á fölskum forsendum:

# Um 670 ólöglega til Norðurlandanna

**NOREGUR** Norska sendiráðið í Manila á Filippseyjum var blekkt til að gefa út vegabréfsáritanir fyrir 670 filippseyska ríkisborgara sem gerðu þeim kleift að komast til Norðurlandanna.

Sendiráðið gefur út áritanir til Danmerkur og Íslands þar sem hvorugt landið er með sendiráð í landinu. Kristín Völundardóttir, forstjóri Útlendingastofnunar, segir að ekkert bendi til þess að fólk hafi komið hingað til lands á fölskum forsendum.

Kona, sem ættuð er frá Filippseyjum en hefur danskan ríkisborgararétt, hefur verið ákærð fyrir mansal með því að hafa haft milligöngu fyrir útgáfu vegabréfsáritananna, að því er fram kemur á vef norska blaðsins Dagbladet.

Konan rekur ferðaskrifstofu í Danmörku og blekkti norska sendiráðið með bréfum sem áttu að staðfesta að fólkið ætti skyldmenni í Danmörku eða Noregi. Sendiráðið gaf í kjölfarið út tímabundna ferðamannaáritun, en fólkið sneri ekki til baka þegar áritunin rann út.

Talið er að fólkið sem komst til Norðurlandanna með þessum hætti hafi greitt konunni og samverkafólki hennar háar upphæðir fyrir áritunina. **- bj**




**MEST SELDI BÍLL Á ÍSLANDI 22. ÁRIÐ Í RÖÐ.**

Toyota á Íslandi þakkar landsmönnum traustið í gegnum tíðina og góðar viðtökur árið 2011. Toyota var mest selda bifreiðin 22. árið í röð. Við hlökkum til að þjónusta eigendur Toyota og kynna landsmönnum þær nýjungar sem Toyota hefur fram að færa. Erum á Facebook - Toyota á Íslandi. **www.toyota.is**

Toyota á Íslandi Nýbýlavegi 2-8 Kópavogur Sími: 570-5070

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða eign vill meirihluti bæjarstjórnar Reykjanesbæjar selja?
2. Hver leikur kráareigandann í söngleiknum Vesalingarnir í sýningu Þjóðleikhússins?
3. Hvaða söngkona heldur tónleika hér á landi í fyrsta skipti í sjö ár á Gauki á Stöng í janúar?

SVÖR

1. Hlut bæjarins í HS veitum. 2. Þórhallur Sigurðsson (Laddi). 3. Leoncie.

Afsláttarkerfi lagt af hjá Byko og allt verð lækkað, Húsasmiðjan jafnar sum verð:

# Allt verð lækkað í verslunum Byko

**VIÐSKIPTI** Byggingavöruverslunin Byko hefur kynnt nýja verðlagningarstefnu og hefur allt verð til almennra neytenda verið lækkað.

„Við höfum endurskoðað verðlagningu á öllum vörum og lækkað öll verð,“ segir Guðmundur Halldór Jónsson, forstjóri Byko. „Þá gerum við verðverndinni hjá okkur hærra undir höfði en með henni tryggjum við viðskiptavinum okkar lægsta verð á sömu eða sambærilegri vöru.“

Guðmundur segir meðalverðlækkun vera á bilinu 10 til 15 prósent.



GUÐMUNDUR HALLDÓR JÓNSSON

Guðmundur segir þetta rými fyrirtækisins til verðlækkana ekki vera vísbendingu um að það hafi hingað til okrað á viðskiptavinum sínum. Fyrirtækið hafi lagst í miklar hagræðingaraðgerðir, það hafi lagt niður afsláttarkerfi búðarinnar og þá geri fyrirtækið ráð fyrir því að sala aukist í kjölfar breytinganna.

Þá segir Guðmundur að harðnandi samkeppni á byggingavörumarkaði, meðal annars með væntanlegri innkomu Bauhaus-verslunarinnar, hafi knúið á um þessar breytingar.

Búast má við því að lægra verð hjá Byko hafi áhrif á verð hjá samkeppnisaðilum fyrirtækisins, þar á meðal á verð Húsasmiðjunnar sem býður upp á verðvernd á sumum vörum. Lækki verð á vörum Byko má því búast við sambærilegum lækkunum á verði, í það minnsta, sumra vara hjá Húsasmiðjunni.

- mþl

Ákærður fyrir alvarleg brot:

## Með byssu á skemmtistað

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fertugsaldri hefur verið ákærður fyrir að vera með riffil og vasahníf inni á skemmtistað í miðborg Reykjavíkur í desember árið 2010. Hann var einnig með um 109 grömm af amfetamíni á sér inni á staðnum.

Lögreglan fann nokkur grömm af spítti og járnkylfu í bíl mannsins og seinna var hann tekinn með gras, vasahníf og hnúajárn inni á skemmtistað í miðborginni. Maðurinn hefur tvisvar verið tekinn dópaður undir stýri.

# Minna úrval vegna merkinga matvara

**Finnur Árnason, forstjóri Haga, telur að ákveðnar vörur muni detta út af markaðnum vegna reglugerðar um merkingar á erfðabreyttum matvælum. Cheerios og Cocoa Puffs verða áfram flutt inn segir framkvæmdastjóri Nathan & Olsen.**

**NEYTENDUR** Hagar hafa að mestu leyti skipt út matvælum sem þarf að merkja vegna reglugerðar um merkingar á erfðabreyttum matvælum sem tók gildi um áramótin, að sögn Finns Árnasonar forstjóra.

„Við höfum farið í það að skipta út stærstum hluta. Ég held að það sé algjör undantekning að við séum með vörur sem þarf að merkja. Ég er þeirrar skoðunar að þegar fram í sækir flytjist ákveðin viðskipti til Evrópu þar sem minna er um þetta innihald. Þar eru vörurnar auk þess merktar og ekki þarf að endurmerkja þær hér.“

Það er mat Finns að ákveðnar vörur muni detta út af markaðnum hér. „Sumir framleiðendur vilja ekki að þessar merkingar séu settar á vörur þeirra. Jafnframt ríkir óvissa um sumar vörutegundir þar sem margir framleiðendur, sérstaklega í Bandaríkjunum, vilja ekki staðfesta hvort þær innihaldi erfðabreytt efni.“

Ekki þarf að merkja morgunkornstegundirnar frá General Mills, Cheerios, Cocoa Puffs og Honey Nut Cheerios sem fluttar verða inn á þessu ári, sem erfðabreytt matvæli, að því er Ari Fenger, framkvæmdastjóri Nathan & Olsen, greinir frá.

Að sögn Ara verður Nathan & Olsen ekki með neinar vörur sem þarf að merkja.

Spurður hvort fyrirtækið hafi verið með til sölu erfðabreytt matvæli segir hann: „Ég vil ekki tala um erfðabreytt. Við uppfyllum bara kröfur yfirvalda.“

En eru Cheerios og Cocoa Puffs sem eru í hillum verslana nú erfðabreytt matvæli?



**VÖRUÚRVAL** Hagar hafa að mestu leyti skipt út matvælum sem þarf að merkja vegna reglugerðar um erfðabreytt matvæli. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

> Sumir framleiðendur vilja ekki að þessar merkingar séu settar á vörur þeirra.
>
> FINNUR ÁRNASON FORSTJÓRI HAGA

„Ég get ekki svarað því. Við uppfylltum reglugerðir árið 2011 og munum gera það 2012.“

Ari bætir því við að gamla, góða, gula Cheerioið, eins og hann orðar það, verði áfram til sölu á Íslandi með sama góða bragðinu. Það verði áfram flutt inn frá Bandaríkjunum.

„Við höfum hins vegar lagað Cocoa Puffs og Honey Nut Cheerios að óskum neytenda og minnkað sykurmagn og annað í því. Það er ný uppskrift í þeim pökkum.“

Markmiðið með reglugerðinni um merkingar erfðabreyttra matvæla sem tók gildi um áramótin er að neytendur fái réttar upplýsingar um þau erfðabreyttu matvæli sem eru til sölu.

ibs@frettabladid.is

IKEA innkallar barnastóla:

## Gölluð belti valda slysum

**NEYTENDUR IKEA á Íslandi hefur innkallað frá framleiðanda belti úr svokölluðum ANTILOP barnastólum númer 17389 og með framleiðsludagsetningarnar 0607-0911. Þessi númer er að finna upphleypt undir sætinu. Erlendis hafa IKEA borist átta tilkynningar um belti sem opnast við notkun og valda þannig slysahættu. Í þremur þessara tilfella hafa börn dottið úr stólunum og slasast óverulega. Þeim viðskiptavinum sem eiga stóla sem passa við framleiðslunúmer og dagsetningu er bent á að hafa samband við IKEA til að fá nýtt belti sér að kostnaðarlausu.**



- trs

Nýr kolefnisskattur ESB:

## Kínverjar vilja ekki borga skatt

**KÍNA** Stærstu flugfélög í Kína munu ekki greiða kolefnisskatt sem Evrópusambandið setti á um áramót. Skatturinn var settur á til að draga úr losun kolefnis í andrúmsloftið. Öll flugfélög þurfa nú að greiða gjald í samræmi við það magn sem flugvélar þeirra losa.

BBC greinir frá því að gjaldið hafi verið gagnrýnt í Bandaríkjunum, Kanada, Indlandi og Kína.

Ákvörðun Kínverja gæti leitt til kostnaðarsamra sekta og jafnvel banns við flugi um tiltekin svæði. Talið er að gjaldið muni kosta kínversk flugfélög um 95 milljónir evra á ársgrundvelli.

- sv

Fimm mánuðir á skilorði:

## Stal úrum fyrir milljónir króna

**DÓMSMÁL Tæplega tvítugur piltur hefur verið dæmdur í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir allmörg brot.**

**Pilturinn fór í félagi við annan inn í verslunina Leonard, spennti upp læstan glerskáp með kúbeini og stal sex Breitling armbandsúrum að verðmæti ríflega 4,6 milljónir króna.**

**Þá ók hann réttindalaus og framvísaði skilríkjum annars manns hjá lögreglu. Fyrir utan söluskála í Grindavík sparkaði hann í konu svo hún datt og sló hana síðan í andlitið.**

**Einnig var hann dæmdur fyrir að slá mann, sem tveir lögreglumenn leiddu á milli sín, en hitti ekki og lenti höggið í andliti annars lögreglumannsins.**

- jss

Jón Ásgeir og Lárus Welding standa í ströngu hálfu öðru ári eftir málshöfðun:

# Reyna enn að fá kyrrsetningu aflétt

**DÓMSMÁL** Athafnamaðurinn Jón Ásgeir Jóhannesson og Lárus Welding, fyrrverandi forstjóri Glitnis, reyna enn að fá kyrrsetningu eigna sinna aflétt fyrir dómstólum. Málflutningur vegna þess fer fram í Hæstarétti í næstu viku.

Slitastjórn Glitnis fékk eignir þeirra kyrrsettar sumarið 2010 vegna sex milljarða skaðabótamáls sem kennt er við félagið Aurum Holdings. Pálmi Haraldsson, sem einnig er stefnt í Aurum-málinu, greiddi slitastjórninni hálfan milljarð til tryggingar til að forða eignum sínum, einkum Iceland Express, frá kyrrsetningu.

Héraðsdómur hefur þegar staðfest, gegn mótmælum tvímenninganna, að slitastjórnin hafi haft lögvarða kröfu í málinu og því hafi kyrrsetningin verið lögum samkvæm.



LÁRUS WELDING

JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON

Meðal þeirra eigna Jóns Ásgeirs sem voru kyrrsettar hér á landi voru jarðir og fasteignir að andvirði á annað hundrað milljóna, þrír bílar sem samtals voru metnir á tuttugu milljónir og tæplega þrjár milljónir á bankareikningum. Eitthvað af þessum eignum hefur runnið upp í kostnað vegna kyrrsetningarmálarekstrar í Bretlandi.

Meðal eigna Lárusar sem voru kyrrsettar er hús hans við Blönduhlíð í Reykjavík.

- sh



**FÆÐINGARDEILD** Atvikið átti sér stað á fæðingardeild Landspítalans.

Saknæm mistök á LSH:

## Bætur námu 11,6 milljónum

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið þarf að greiða ellefu ára stúlku rúmar 11,6 milljónir króna vegna saknæmra mistaka starfsmanna á Landspítala - háskólasjúkrahúsi þegar stúlkan fæddist á fæðingardeildinni þar.

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur kemur fram að við fæðinguna lenti barnið í svokallaðri axlarklemmu með skaða á hálstaugafléttu.

Fram kom hjá ljósmóður að hún hefði fjórum sinnum togað stíft í koll barnsins. Dómurinn bendir á að samkvæmt gögnum sem hann hafði kynnt sér sé slík aðferð ekki hjálpleg í venjulegum fæðingum og beinlínis skaðleg þegar axlarklemma greinist. Varanleg örorka stúlkunnar er 40 prósent.

- jss



**KREPPIR AÐ** Flest bendir til þess að mikið fleiri íbúðir verði seldar nauðungarsölu í ár en í fyrra í Danmörku. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞORGILS

Kreppan komin til Danmerkur:

## Spá fleiri nauðungarsölum í ár

**DANMÖRK Fastlega er búist við því að nauðungarsölum muni fjölga mikið í Danmörku á þessu ári frá nýliðnu ári. Í fyrra voru að jafnaði 417 nauðungarsölur á mánuði þar í landi, en fjöldinn jókst jafnt og þétt til loka árs.**

**Arne Arnth Jensen hjá samtökum veðlánafyrirtækja segir í dönskum miðlum að allt stefni í að ástandið muni versna á þessu ári, meðal annars vegna vaxandi atvinnuleysis.**

**Útreikningar gefa til kynna að lántakendur séu eftir á í afborgunum sem nemur 41 aur af hverjum 100 krónum sem skuldað er. Því greiða um 6.000 eigendur ekki af lánum sínum á réttum tíma.** - þj

## DÓMSMÁL

### Fangelsi og svipting

Karlmaður hefur verið dæmdur í tveggja mánaða fangelsi og til sviptingar ökuréttar ævilangt. Hann ók tvívegis réttindalaus og dópaður. Þá hafði hann í vörslu sinni þónokkurt magn af kannabisefnum.




# Jeppadagar

Núna standa yfir Jeppadagar hjá Toyota Betri notuðum bílum, þar sem fjölmargir jeppar eru í boði á betri kjörum. Allir jepparnir hafa staðist 125 punkta gæðaeftirlit Toyota og þeir eru allir í ábyrgð, að lágmarki í 12 mánuði.




**Toyota Rav4 GX**
2000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 06.06 Ekinn: 93.000 km
Verð: 2.350.000 kr. Raðnr. 120623




**Toyota Land Cruiser 150 GX**
3000 Dísel, sjálfsk.
Á götuna: 05/11 Ekinn: 28.000 km
Verð: 9.350.000 kr. Raðnr. 998029




**Toyota Land Cruiser 120 GX**
3000 Dísel, sjálfsk.
Á götuna: 07.05 Ekinn 130.000 km
Verð: 4.350.000 Raðnr. 997907
**Betra verð: 3.890.000 kr.**




**Toyota Rav4 GX**
2000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 06.10 Ekinn: 56.000 km
Verð: 4.550.000 kr. Raðnr. 997833
**Betra verð: 3.990.000 kr**




**Toyota Rav4 VX**
2000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 05.07 Ekinn: 83.000 km
Verð: 2.800.000 Raðnr. 998031
**Betra verð: 2.500.000 kr.**




**Lexus RX400H Luxury**
3300 Bensín/Rafmagn, sjálfsk.
Á götuna: 08.07 Ekinn: 81.000 km
Verð: 7.150.000 Raðnr. 997927
**Betra verð: 6.400.000 kr.**




**Toyota Land Cruiser 120 VX**
3000 Dísel, sjálfsk.
Á götuna: 11.05 Ekinn 133.000 km
Verð: 4.800.000 Raðnr. 110771
**Betra verð:4.390.000 kr.**




**Lexus RX350 EXE**
3500 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 06.07 Ekinn: 47.000 km
Verð: 5.290.000 kr. Raðnr. 997848
**Betra verð: 4.650.000**

*Farðu á **www.toyotakopavogi.is** og fáðu nánari upplýsingar um bílana með því að skrá raðnúmer í leit.

**Toyota Kópavogi**
**Nýbýlavegi 4**
**Sími: 570-5070**
**Afgreiðslutími: mán - fös 09.00 - 18.00 - lau 12.00 - 16.00**
**info@toyota.is**

ergo

**Betri** notaðir bílar

TOYOTA



**VETRARRÍKI Í EVRÓPU** Fólk á gangi í bænum Oberstdorf í sunnanverðu Þýskalandi. NORDICPHOTOS/AFP

Vegagerðin á Selfossi fékk um jólin, að sögn svæðisstjóra, uppfyllta ósk af óskalista sínum:

# Ný skilti sýna vindstyrk undir Ingólfsfjalli

**SAMGÖNGUR** Á næstu dögum verða tekin í notkun tvö upplýsingaskilti sem sýna vindstyrk undir Ingólfsfjalli við Selfoss. „Það er búið að leggja að þessu rafmagn og á bara eftir að setja upp svokallað samskiptabox í skiltin,“ segir Svanur G. Bjarnason, svæðisstjóri Vegagerðarinnar á Selfossi.

Að sögn Svans voru skiltin sem sett hafa verið upp áður í notkun austur á fjörðum.

„En þetta er búið að vera á óskalistanum hjá okkur í dálítinn tíma. Nokkuð er síðan þarna var sett upp veðurstöð og það hefur verið kallað eftir þessum upplýsingum,“ segir hann.

Í vondum veðrum geta orðið allmiklar vindhviður og nokkuð um að sendiferðabílar og kerrur hafi fokið út af.

„En þetta kostar dálítið og aðrir staðir verið á undan í forgangsröðinni,“ bætir Svanur við.

Nýju skiltin, annað við Kögunarhól og hitt við gatnamótin upp á Biskupstungnabraut, eiga að sýna meðalvindstyrk, auk vindstyrks sem mælst hefur í mestu hviðum. **- óká**




**VESTAN VIÐ INGÓLFSFJALL** Upplýsingaskilti Vegagerðarinnar við Ingólfsfjall á þjóðvegi eitt við Selfoss eiga að sýna styrk vinds og vindhviða. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

Fyrrum leiðtogi ákærður:

## Aftur sakaður um spillingu

**JERÚSALEM, AP Fyrrum forsætisráðherra Ísrael, Ehud Olmert, var ákærður í gær fyrir að hafa þegið mútur í tíð sinni sem borgarstjóri Jerúsalem árið 2006, áður en hann varð forsætisráðherra. Samkvæmt ákærunni hafa milljónir dollara farið á milli manna vegna ólöglegra fasteignaviðskipta í borginni.**



**EHUD OLMERT**

**Réttarhöld standa nú þegar yfir Olmert vegna fleiri mála. Hann á meðal annars að hafa þegið mútur frá bandarískum stuðningsmanni Ísraela og látið gyðingahópa greiða tvöfalt gjald vegna ferða sinna erlendis.**

**Fyrrverandi forsætisráðherrann neitar sök í öllum málum.** **- sv**

### UTANRÍKISMÁL

**Takmörkunum aflétt**

Ákvæði sem takmörkuðu réttindi Búlgara og Rúmena til að dveljast og starfa hér á landi féllu úr gildi um áramót. Fólk frá Búlgaríu og Rúmeníu þarf því ekki lengur að afla sér dvalar- og atvinnuleyfa frekar en aðrir ríkisborgarar ESB- og EFTA-ríkja.

### EFNAHAGSMÁL

**Vöruskipti við útlönd jákvæð**

Fluttar voru út vörur fyrir 53,5 milljarða í nóvember, en inn fyrir 45,6 milljarða samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Vöruskiptin voru jákvæð um 7,9 milljarða króna. Fyrstu ellefu mánuði ársins 2011 voru vöruskiptin jákvæð um 97,5 milljarða, samanborið við 105,5 milljarða á sama tímabili árið 2010.

### LÖGREGLUMÁL

**Þrír menn börðu einn**

Þrír karlmenn ruddust inn í íbúð í Árbæ um miðnætti í fyrrinótt og réðust á húsráðanda þar. Hann var fluttur á slysadeild en reyndist ekki mikið meiddur. Orsök árásarinnar er talin vera nágrannaerjur. Árásarmennirnir voru ófundnir síðdegis í gær, en lögreglan er með málið í rannsókn.



**SLÁTTUR Á SNÆFELLSNESI** Alls var dreift ellefu þúsund tonnum af áburði sem innihélt ríflega tvöfalt það magn kadmíums sem reglugerðir heimila. Kadmíum er eitraður þungmálmur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Mistök að veita ekki upplýsingar án tafar

**Lærdómur þess að kadmíummengaður áburður fór í dreifingu er að bæta upplýsingagjöf, segir forstjóri Matvælastofnunar. Málið gefur ekki tilefni til afsökunarbeiðni frá hendi stofnunarinnar eða að hann segi af sér, segir forstjórinn.**

**UMHVERFISMÁL** Jón Gíslason, forstjóri Matvælastofnunar (MAST), viðurkennir að það hafi verið mistök að upplýsa ekki bændur og almenning um að áburður með of háu kadmíum-innihaldi hafi verið seldur og honum dreift. Af því verði lært og verklagsreglum breytt. Málið gefur hins vegar ekki tilefni til afsökunarbeiðni frá hendi stofnunarinnar, að hans mati, hvað þá að honum sem forstjóra beri að segja af sér vegna þess.

„Það er allt of langt gengið. Þetta mál er ekki þannig vaxið. Það var engin hætta fyrir hendi í þessu eina tilviki,“ segir Jón, en hann sem forstjóri Matvælastofnunar ber faglega ábyrgð á störfum hennar.

MAST fór fram á það 2008 að birta upplýsingar úr áburðareftirliti. Það gekk ekki eftir því sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið gaf út stjórnsýsluúrskurð um að það væri óheimilt. Lögum var seinna breytt til að birting upplýsinganna væri möguleg og á þeim grundvelli hefur MAST birt þessar upplýsingar í ársskýrslu.



**JÓN GÍSLASON**

„Það er tilefni þess að þetta mál kemur upp núna,“ segir Jón. „Það sem við höfum lært núna er að það voru mistök að birta ekki upplýsingarnar strax og þær lágu fyrir.“

Jón segir málið snúa að ábyrgð Skeljungs á sinni vöru, enda hafi þeir fengið upplýsingar um innihald áburðarins strax. „Ef við ætlum að stöðva vöru verðum við að hafa rökstuddan grun um að eitthvað sé að. Í þessu tilviki var ekki um það að ræða. Þá var spurningin hvað ætti að gera á miðju sumri, en niðurstöður voru endanlega staðfestar í júní. Þá var varan komin í dreifingu og byrjað að nota hana. Þá fór fram hættumat og niðurstaðan var að ekki væri nein bráð hætta.“

Spurður hvort ekki hafi verið rétt að hafa samband við þá sem keypt höfðu vöruna um leið og lá fyrir hvers kyns var, og þannig láta bændum það eftir að taka ákvörðun um hvort áburðurinn yrði settur í jörð segir Jón: „Það er kjarni málsins. Við, eða fyrirtækið, áttum að upplýsa þetta strax. Þar liggja mistökin og við munum taka það verklag upp að birta svona upplýsingar um leið og þær liggja fyrir. Við höfum enga ástæðu til að leyna svona upplýsingum.“

Jón segist hins vegar ekki getað svarað því af hverju ákveðið var í sumar að upplýsa engan í níu mánuði um að ósöluhæfur áburður var kominn í dreifingu. „Ég get ekki svarað því af hverju nákvæmlega þetta var ekki upplýst á þeim tíma.“ **svavar@frettabladid.is**

Málsókn á Íslandi skoðuð:

## PwC fagnar málalyktunum

**DÓMSMÁL** Endurskoðunarfyrirtækið PricewaterhouseCoopers (PwC) fagnar því að slitastjórn Glitnis hafi ákveðið að falla frá málsókn á hendur því og sjö einstaklingum í New York. Slitastjórnin fylgdi ekki eftir áfrýjun málsins frá því í vor og er málinu nú formlega lokið þar ytra.

Í yfirlýsingu frá PwC segir að málshöfðuninni hafi alla tíð verið mótmælt sem tilhæfulausri, enda hafi samningar PwC við Glitni kveðið skýrt á um að úr ágreiningi skyldi leyst á Íslandi. Engu að síður hafi verið haldið áfram. PwC harmar að hafa að ósekju verið dregið inn í málshöfðunina án þess að fyrir því væru forsendur.

Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnarinnar, segir í samtali við Fréttablaðið að enn sé í skoðun að höfða skaðabótamál á hendur PwC á Íslandi. **- sh**



**VETRARRÍKI** Illu heilli er heitur ofn ekki í boði við allar aðstæður. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Kuldakast eykur vatnsnotkun:

## Heitt vatn rann hratt í frostatíð

**ORKUMÁL Höfuðborgarbúar og nærsveitarmenn mættu frostatíð í desember með því að nota einni milljón tonna meira af heitu vatni en venja er til. Alls runnu um pípur 74,7 milljónir tonna af heitu vatni árið 2011.**

**74,7 milljónir tonna samsvarar 2.400 lítra notkun á sekúndu árið um kring.**

**Í nóvember 2010 var notkunin 1,3 milljónum tonna minni en í sama mánuði 2011, þannig að segja má að tölur Orkuveitu Reykjavíkur um heitavatnsnotkun gefi ágætan vitnisburð um tíðafar.** **- shá**

nicorette
Nýárstilboð
20%
afsláttur
af öllum pakkningastærðum af:



Nicorette fruitmint lyfjatyggigúmmí
Nicorette invisi plástur
Nicorette inhalator innsogslyf

Tilboðið gildir til 31.01. 2012 í öllum apótekum Lyfja & heilsu

Lyf & heilsa Við hlustum!

Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til meðferðar á nikótínfíkn og til að draga úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtar eru: Forðaplástur 1 stk., lyfjatyggigúmmí 24 stk.,innsogslyf - 12 stk. nikótíntappar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við lækni. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.

Tvöfalt fleiri nýir bílar seldust:

## Kaup á nýjum bílum aukast

**VIÐSKIPTI** Almenn sala á nýjum fólksbílum tvöfaldaðist milli ára í fyrra, samkvæmt nýjum tölum Bílgreinasambandsins.

Vísað er í tölur Umferðarstofu um að alls hafi árið 2011 selst 5.045 nýir fólksbílar. „Af þeim voru 2.547 nýir bílar seldir til annarra en bílaleiga,“ segir í tilkynningu Bílgreinasambandsins og bent á að árið áður hafi almenningur keypt 1.266 nýja fólksbíla. „Samanburður milli áranna 2010 og 2011 leiðir því í ljós að 101 prósent aukning hefur orðið í sölu á nýjum bílum til almennings.“ **- óká**

**Mest seldir bílar***

| Sæti | Tegund | Magn |
|---|---|---|
| 1. | Toyota | 360 |
| 2. | Chevrolet | 340 |
| 3. | Volkswagen | 321 |
| 4. | Kia | 233 |
| 5. | Skoda | 209 |
| 6. | Hyundai | 168 |
| 7. | Honda | 156 |
| 8. | Suzuki | 144 |
| 9. | Nissan | 132 |
| 10. | Mercedes Benz | 95 |

*Bílategundir án sölu til bílaleiga.
*Heimild: Bílgreinasambandið*

VERÐ FRÁ KR.

Þvottavélar............... 49.900,-
Þurrkarar.................. 49.000,-
Uppþvottavélar......... 49.900,-
Borðuppþvottavélar.. 39.900,-



VERÐ FRÁ KR. **49.900** ÞURRKARAR

VERÐ FRÁ KR. **49.900** UPPÞVOTTAVÉLAR

VERÐ FRÁ KR. **49.900** ÞVOTTAVÉLAR

VERÐ FRÁ KR.

Kæliskápar................ 19.900,-
Frystiskápar.............. 29.000,-
Frystikistur................. 39.900,-
Innbyggðir kælisk...... 59.900,-



VERÐ FRÁ KR. **19.900** KÆLISKÁPAR

VERÐ FRÁ KR. **39.900** FRYSTIKISTUR

VERÐ FRÁ KR. **29.900** FRYSTISKÁPAR

VERÐ FRÁ KR.

Helluborð................. 19.900,-
Keramik helluborð.... 49.900,-
Spanhelluborð.......... 69.900,-
Ofnar með blæstri.... 59.900,-
Örbylgjuofnar.............. 9.990,-



VERÐ FRÁ KR. **49.900** KERAM.HELLUB.

VERÐ FRÁ KR. **59.900** OFNAR

VERÐ FRÁ KR. **49.900** ELDAVÉLAR

## Hár & heilsa

TRISTAR VERÐ FRÁ KR.

Hárblásarar............. 990,-
Nefhárasnyrtir.......... 990,-
Hárklippisett........ 2.990,-
Sléttujárn............. 2.990,-
Naglasnyrtitæki... 1.490,-
Fótanuddtæki...... 4.990,-
Hitapúðar............ 3.990,-



BaByliss

ALLAR BABYLISS HÁRVÖRUR

**20% AFSLÁTTUR**

## Eldhústæki

VERÐ FRÁ KR.

Kaffivélar.............. 2.990,-
Brauðristar........... 1.490,-
Hraðs.könnur...... 2.990,-
Handþeytarar...... 2.490,-
Töfrasprotar......... 1.490,-
Safapressur......... 1.990,-
Vöfflujárn............ 3.990,-
Mínútugrill........... 7.990,-
Samlokugrill........ 2.990,-
Racklettegrill....... 3.990,-
Djúpsteikingap..... 8.990,-
Hrísgrj.pottar........ 3.990,-
Allar pönnur.......... 50% afsl



SPARAÐU SVIMANDI UPPHÆÐIR

# ÚTSALA

OPIÐ ALLA HELGINA!





1600 SN.

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. **99.900** SJÁÐU VERÐIÐ!

**AEG**

**LN-69665 Þvottavél Lavamat 1600 sn.**
Vönduð þvottavél hlaðin þægindum. Sérsniðin þvottakerfi og sérlega gott ullar- og handþvottakerfi.

- **1600 snúninga** stillanlegur vinduhraði.
- **Hraðval** 30-55% tímasparnaður á algengum kerfum
- **Seinkun** á gangsetningu 0-23 klst.
- **Tímaskjár**
- Ofnæmisskolun möguleg
- Sérstök blettameðhöndlun
- **A+/A/A einkunn** fyrir orkunýtni, þvottagæði og vindu



Flottur 500W blandari í burstuðu stáli með glerkönnu. Lagaðu uppáhalds heilsudrykkina þína. Malar ís léttilega. Fullt verð 10.490.

TRISTAR

Kraftmikil safapressa í burstuðu stáli. 2 hraðastillingar. Tekur heila ávexti og óskorið grænmeti. Tilvalið í heilsuátakið eftir jólin! Fullt verð 9.990.-

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. **5.990** STYKKIÐ!



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. **5.990** SPARAÐU 3.000

TRISTAR

**SZ-1903 Ryksuga**
Lítil og nett ryksuga með stálskafti.
Fullt verð 8.990.-



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. **17.990** SPARAÐU 12.000

HLJÓÐ-LÁT

13M VINNU-RADÍUS

Electrolux

**ZE-310 Ryksuga með 13 metra vinnuradíus**
Náðu lengra með þessari frábæru ryksugu frá Electrolux. 1800W mótor og 330W sogkraftur. Hentar á öll gólf og með parkethjólum.

- Notar S-Bag örtrefjapoka
- Stillanlegur sogkraftur og skaft
- Öragnasía
- Fullt verð 29.900

## BAÐ- & ELDHÚSVOGIR

**50% AFSLÁTTUR**



8 GERÐIR

6 GERÐIR

Komdu þér í form og settu þér markmið fyrir 2012. Hárnákvæmar bavogir úr gleri eða stáli. Einnig vogir með fitumælingu.

6 gerðir af eldhúsvogum.

Rafha ehf

Opið
virka daga 10-18
laugardag 7.1 11-17
sunnudag 8.1 13-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

föstudagur **Föstudagsviðtalið** | Oddný G. Harðardóttir, fjármálaráðherra

# Skattar ekki lækkaðir næstu ár

Jafnaðarmennska er **Oddnýju G. Harðardóttur**, nýjum fjármálaráðherra þjóðarinnar, í blóð borin. Hún fagnar skattkerfisbreytingum sem aukið hafa jöfnuð en segir til skoðunar að taka til baka hluti á borð við auðlegðarskatt. *Óli Kristján Ármannsson* ræddi við Oddnýju um horfur í ríkisfjármálum, bakgrunn hennar, fyrri störf og skjótan uppgang á sviði stjórnmálanna.



**ODDNÝ GUÐBJÖRG HARÐARDÓTTIR** Oddný var í hópi kvenna sem stóðu að framboði til bæjarstjórnar í Garðinum árið 2006. Hún segir þær hafa hugleitt að hafa það kvennaframboð og í raun ekki fundið á þeirri hugmynd nema einn ókost, að þá væru engir karlar með. Því varð ofan á að nokkrum var boðið með. Þarna tók Oddný sín fyrstu skref í pólitík, en framboðið náði meirihluta og hún varð í framhaldinu bæjarstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ný fjármálaráðherra þjóðarinnar, Oddný G. Harðardóttir, áréttar að hún hafi ekki verið vandræðaunglingur, þótt hún hafi verið í landsprófi í Héraðsskólanum að Núpi í Dýrafirði. „En ég er alltaf spurð að þessu þegar ég segist hafa verið þar í skóla,“ bætir hún við. Oddný er annars Suðurnesjamaður í húð og hár, býr í Garðinum þar sem hún er fædd og uppalin.

Þá er Oddný menntaður stærðfræðikennari og hefur bróðurpart starfsferilsins, eða í um 20 ár, verið viðloðandi Fjölbrautaskóla Suðurnesja, lengst af sem aðstoðarskólameistari. Hún hefur hins vegar kennt víðar, meðal annars við Menntaskólann á Akureyri veturinn ‘93 til ‘94 á meðan eiginmaður hennar var í námsleyfi í Skotlandi. „Ég lýsi því stundum í gamni þannig að ég hafi farið norður með stelpurnar, barbídótið og jólaskrautið.“

Ekki eru nema tæp sex ár síðan Oddný tók fyrst þátt í stjórnmálastarfi og þrjú í starfi með stjórnmálaflokki. „Þetta byrjaði í febrúar 2006 þegar við hittumst fjórar konur í kaffi og ákváðum að búa til þverpólitískt framboð,“ segir hún og kveður þær hafa byrjað á að leggja niður fyrir sér í hvernig samfélagi þær vildu búa. Hin spurningin sem þær stóðu frammi fyrir var hvort framboðið ætti að vera kvennaframboð. „Við það voru ýmsir kostir, en við fundum bara einn galla. Hann var að þá yrðu ekki með neinir karlar,“ segir Oddný og kveður þær ekki hafa vilja útiloka helming kjósenda með þeim hætti. „Á listanum voru níu konur og fimm karlar, en konur í þremur efstu sætunum.“

### Fleiri greiða minna en áður

Í kjölfarið varð Oddný bæjarstjóri og gegndi því starfi fram til 2009 þegar hún var kosin á þing fyrir Samfylkinguna. „Ég er náttúrlega alin upp af jafnaðarmönnum og hef alltaf verið jafnaðarmaður, en hafði ekki starfað með stjórnmálaflokki fyrr en í febrúar 2009,“ segir hún og kveður þann feril svo sem ekki hafa verið á stefnuskránni. Eins segir hún alls ekki hafa hvarflað að sér að einungis þremur árum síðar yrði hún komin í embætti ráðherra.

Verandi jafnaðarmaður kveðst Oddný hins vegar í grunninn ánægð með þær breytingar sem gerðar hafa verið á skattkerfinu. „Megintilgangurinn er náttúrlega að ná í tekjur, en líka að auka jöfnuð í samfélaginu. Og með því að taka upp þrepakerfi aukum við um leið jöfnuð. Menn voru í fyrstu tortryggnir á þetta og vildu ekki flækja kerfið og þar fram eftir götunum. En núna eftir að árið 2010 liggur fyrir og við sjáum fljótlega niðurstöður fyrir 2011, þá kemur í ljós að 60 prósent skattgreiðenda greiða í þessu nýja kerfi hlutfallslega lægri skatta en þeir gerðu áður. Við ætluðum okkur að auka jöfnuð og haga málum þannig að þeir tekjumeiri legðu meira til samfélagsins meðan varin yrðu kjör þeirra sem eru með lægri laun og það hefur gengið eftir. Ég vil ekki taka skrefið aftur til fyrra kerfis.“

Norðurlöndin eru og hafa verið fyrirmynd Íslands þegar kemur að velferðarmálum, að mati Oddnýjar. „Norðurlöndin fá alls staðar hæstu einkunn í samanburði á aðstæðum fólks milli landa. Einkenni þessa kerfis eru tiltölulega háir skattar sem skila sér til baka í góðri velferðarþjónustu.“

Hér hefur hins vegar í kjölfar hruns efnahagslífsins fremur þurft að ganga á velferðarkerfið, svo sem með aukinni tekjutengingu vaxtabóta, lægri barnabótum og lækkuðum greiðslum í fæðingarorlofi. „Á þessari vegferð höfum við farið inn í nánast alla bótaflokkana, þó að við höfum líka hækkað bætur þeirra sem voru með lægstar bætur og lifa af þeim eingöngu,“ segir Oddný og kveður líka forgangsverkefni að laga fæðingarorlofið og skoða umgjörð barnabóta. „Best væri að hafa þetta eins og á Norðurlöndunum þar sem bæturnar eru ekki tekjutengdar, en auðvitað er svolítið í þetta hjá okkur.“

Engu að síður telur Oddný koma til greina að endurskoða einstakar breytingar sem gerðar hafa verið á skattkerfinu. Þar undir er til dæmis auðlegðarskatturinn sem gagnrýndur hefur verið fyrir að þar kunni að vera skattlagðar eignir sem ekki bera arð. „Mér finnst alveg koma til greina að endurskoða það. Svo er hann líka tímabundinn. Og ef horft er til starfsumhverfis atvinnuvega þá er það tryggingagjaldið sem fyrst þarf að skoða með tilliti til lækkunar.“

### Áætlanir eins og með AGS

Oddný segir þjóðina við það að komast á þann stað að hægt verði að fara að rétta hlut þeirra sem þurft hafa að þola niðurskurð í velferðarkerfinu. „Eftir þetta ár eigum við eftir 20 milljarða af þessum 216 sem við þurftum að brúa. Við erum enn að reka okkur á lánum og verðum að komast út úr því. Við höfum því lagt alla áherslu á að loka þessu bili og sjáum fram á að loka því árið 2014.“

Núna segir Oddný ríða á að horfa lengra fram í tímann í áætlanagerð. „Við höfum verið með fjögurra ára áætlanir, en þurfum að horfa lengra fram í tímann, tíu til tuttugu ár,“ segir hún og kveður fyrirmyndina að slíkri áætlanagerð að finna í efnahagsáætlun þeirri sem ríkið gerði með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Kortleggja þurfi nákvæmlega hvernig þjóðin komist úr þeirri stöðu sem hún er í, að skuldir nemi 85 til 90 prósentum af þjóðarframleiðslu, og færa hlutfallið nær því sem til dæmis er miðað við í Evrópusambandinu, að skuldir fari ekki yfir 60 prósent.

> Við höfum verið með fjögurra ára áætlanir, en þurfum að horfa lengra fram í tímann, tíu til tuttugu ár.

Rætt hefur verið um að ríkið afli sér tekna með sölu á hlut í Landsvirkjun til lífeyrissjóðanna, en líkt og Steingrími J. Sigfússyni, hugnast Oddnýju það ekki. „Ég vil ekki versla á nokkurn hátt með Landsvirkjun,“ segir Oddný, en vill engu að síður halda opnum þeim möguleika að lífeyrissjóðir komi að fjármögnun einstakra verkefna. „Til dæmis ef þeir vildu koma inn með áhættufé. Þeir gætu þá átt hlut og tekið til sín arð, en skilyrði væri að þeir gætu ekki verslað með hlutinn. Það má alls ekki fara þannig að braskað verði með hlut okkar í þessu mikilvæga fyrirtæki.“

Um leið segist Oddný þeirrar skoðunar að engin ástæða sé til þess að ríkið eigi fullt af bönkum. „En það er svona ákveðið öryggi því tengt að ríkið eigi ráðandi hlut í einum banka, líkt og í Landsbankanum nú. En bankasýslan vinnur nú að því að finna út hvernig best er að koma þessum eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum í verð og hvaða umgjörð þurfi til að það geti orðið. Mér finnst hins vegar óþarfi að halda þessum litlu hlutum í hinum stóru bönkunum tveimur.“

Enn er glímt við afleiðingar hrunsins í stórum summum, að sögn Oddnýjar, sem til dæmis vísar til þess að eftir eigi að skera úr um hvort kostnaður ríkisins af falli Sparisjóðsins í Keflavík verði nær 11 milljörðum króna eða 30. Þegar línur skýrast og fyrir liggur áætlun til lengri tíma þá segir hún hins vegar hægt að huga að því að skrúfa til baka einhverjar skattahækkanir síðustu ára. „En það eru einhver ár í það,“ segir hún en kveður um leið sjálfsagt að lagfæra óþarfa flækjur eða mikið misræmi í skattheimtu. „Að störfum er nefnd sem ætlað er að endurskoða skattkerfið og hef ég beðið um að fá frá henni skýrslu um stöðuna sem fyrst.“

## Hlaupið á ævi og störfum

Oddný G. Harðardóttir er fædd 9. apríl 1957, gift Eiríki Hermannssyni, sagnfræðinema og fyrrum fræðslustjóra Reykjanesbæjar. Þau eiga dæturnar Ástu Björk og Ingu Lilju, sem á árinu verða 28 og 26 ára.

Oddný lauk stúdentsprófi við Kennaraháskóla Íslands árið 1977 og fékk kennsluréttindi frá sama skóla 1980. Stærðfræðinámi til kennsluréttinda á framhaldsskólastigi lauk hún við Háskóla Íslands 1991 og mastersprófi í uppeldis- og menntunarfræði 2001. Hún starfaði sem grunnskólakennari árin 1980 til 1985, kenndi við Fjölbrautaskóla Suðurnesja (FS) 1985 til 1993, deildar- og sviðsstjóri hluta tímans. Þá kenndi hún við Menntaskólann á Akureyri 1993 til 1994 og var aðstoðarskólameistari FS frá 1994 til 2003. Oddný var ráðin verkefnisstjóri í menntamálaráðuneytinu 2003 til 2004 og varð svo skólameistari FS 2005 og bæjarstjóri Sveitarfélagsins Garðs 2006 til 2009. Þá var hún kjörin á þing fyrir Samfylkinguna.






## SKI-DOO Summit 146

**2012 árgerð**

Nýr sleði með 146 belti, hannaður fyrir alvöru fjallafólk. Sérstyrkt grind og ein besta fjöðrun sem býðst í dag. Sleðinn er einnig fáanlegur með 154 belti.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Vél: | Rotax E-Tec 800R | Startkerfi: | Valm. |
| Bensíntankur: | 40 l | Olíutankur: | 3,7 l |
| Kælikerfi: | Vatnskæling | Breidd beltis: | 406 mm |
| Hestöfl: | 155+ | Þyngd: | 206 kg |

**VERÐ 2.800.000 KR.**



## SKI-DOO Renegade

**2012 árgerð**

Þaulprófaður sleði fyrir vant sleðafólk. Hentar vel í langferðir og fyrir þá sem vilja geta farið út fyrir alfaraleið.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Vél: | V-twin, 499.6cc | Startkerfi: | Handstart |
| Bensíntankur: | 40 l | Olíutankur: | 3,7 l |
| Kælikerfi: | Vatnskæling | Breidd beltis: | 406 mm |
| Hestöfl: | 155+ | Þyngd: | 208 kg |

**VERÐ 2.830.000 KR.**



## SKI-DOO Freeride 154

**2012 árgerð**

Þessi sleði er hannaður fyrir allra harðasta fjallafólkið. Sérstyrkt grind og ein besta mögulega fjöðrun sem býðst í dag.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Vél: | Rotax E-Tec 800R | Startkerfi: | Handstart |
| Bensíntankur: | 40 l | Olíutankur: | 3,7 l |
| Kælikerfi: | Vatnskæling | Breidd beltis: | 406 mm |
| Hestöfl: | 155+ | Þyngd: | 222 kg |

**VERÐ 3.090.000 KR.**



## LYNX Xtrim Boondocker

**2012 árgerð**

Nýjasti sleðinn frá Lynx býður upp á algjört frelsi fyrir þá sem leggja á ósnertar og brattar hlíðar. Frábærir aksturseiginleikar þessa einfalda og létta sleða standa undir væntingum harðasta sleðafólks og kraftmikill sleðinn gefur ekkert eftir í mjúkum snjónum.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Vél: | Rotax E-Tec 800R | Startkerfi: | Rafstart |
| Bensíntankur: | 39 l | Olíutankur: | 3,7 l |
| Kælikerfi: | Vatnskæling | Breidd beltis: | 380 mm |
| Hestöfl: | 155+ | Þyngd: | 218 kg |

**VERÐ 2.840.000 KR.**

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 112883

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Kynningarskrif eru ekki blaðamennska:

## Tvískipt félag

Frá því var sagt í gær að skipulagsbreyting hefði verið gerð hjá 365 miðlum. Hún felst í að sjö blaðamenn færast af ritstjórn Fréttablaðsins yfir á sölu- og þjónustusvið fyrirtækisins. Starfsmennirnir hafa skrifað í kynningarblöð sem gefin eru út af 365 og er dreift með Fréttablaðinu.

Um þetta sagði Hjálmar Jónsson, formaður Blaðamannafélags Íslands, í Morgunblaðinu í gær að það væri hörmuleg þróun ef neyða ætti blaðamenn til að gerast „sölufulltrúar“. Hjálmar segir réttilega að kynningarskrif séu ekki blaðamennska. „Seldar kynningar eru ekki sú blaðamennska eða upplýsingastarfsemi sem maður vill sjá í íslenzku samfélagi,“ segir formaður BÍ.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þessi ummæli benda til að Hjálmar Jónsson sé búinn að gleyma í hvers konar félagi hann er formaður. Á félagaskrá BÍ eru tugir manna sem skrifa kynningartexta fyrir borgun. Allnokkrir gegna þeir trúnaðarstörfum fyrir félagið. Sumir starfa sem kynningarfulltrúar hjá fyrirtækjum, samtökum og stofnunum, aðrir hjá almannatengslafyrirtækjum og sumir starfa sjálfstætt. Í þessum störfum geta þeir eðli málsins samkvæmt ekki haft í heiðri þann hluta siðareglna BÍ, sem kveður á um að blaðamenn gæti þess að rugla ekki saman efni og auglýsingum.

Lengi hefur verið dreift með dagblöðunum kynningarblöðum á vegum fyrirtækja, félagasamtaka, stofnana, sveitarfélaga og landshlutasamtaka. Efnið kemur ýmist frá viðskiptavinunum sjálfum, þeir semja við almannatengslafyrirtæki um að skrifa það eða að dagblöðin finna fólk á sínum vegum til að skrifa. Oftast eru það félagsmenn BÍ sem skrifa texta þessara blaða, samkvæmt óskum viðskiptavinarins. Engin ástæða er til að amast við þessum blöðum eða líta niður á störf félagsmanna BÍ sem skrifa þau. Aðalatriðið er að þeim sé ekki ruglað saman við ritstjórnarefni dagblaðanna.

Sú nýbreytni hefur verið tekin upp á undanförnum misserum að auglýsingadeild 365 miðla gefur út kynningarblöð á sínum vegum, þar sem safnað er saman styttri kynningum frá aðilum í tengdum atvinnugreinum eða sem vinna að svipuðum málefnum. Þessu hefur verið vel tekið, enda gefur það smærri fyrirtækjum og samtökum, en ekki eingöngu þeim stóru og fjársterku, kost á að kaupa slíka kynningu. Efnið er rækilega merkt sem kynningar og auglýsingar.

Færni og reynsla í textaskrifum hefur hins vegar legið hjá ritstjórn Fréttablaðsins og afmarkaður hópur starfsmanna tekið þau að sér. Ástæðan fyrir því að sá hópur er nú færður til í skipulagi fyrirtækisins er að kynningarskrifin eru orðin stór hluti starfsins og eðli málsins vegna geta þessir starfsmenn hvorki haft siðareglur BÍ né ritstjórnar 365 miðla í heiðri í kynningarskrifunum. Breytingin er því gerð til að skerpa enn á nauðsynlegum skilum milli frétta og annars ritstjórnarefnis annars vegar og auglýsinga hins vegar.

Það er ekki óháðri og gagnrýnni blaðamennsku til framdráttar að formaður BÍ láti eins og hann viti ekki af þeirri tvískiptingu sem er til staðar í félaginu, á milli þeirra sem fara og geta farið eftir siðareglunum og þeirra sem eðlis starfs síns vegna geta það ekki. Það er miklu nær að horfast í augu við raunveruleikann og að BÍ útbúi til dæmis sérstakar siðareglur fyrir þá félagsmenn, sem hafa atvinnu af kynningarskrifum, en að hneykslast á því að hlutirnir séu kallaðir sínum réttu nöfnum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

LANGUR LAUGARDAGUR
LAUFLÉTT ÚTSÖLUSTEMNING Í MIÐBORGINNI!
VERÐLAUNAHLJÓMSVEITIN WHITE SIGNAL VERÐUR Á FARALDSFÆTI FRÁ GÖMLU HÖFNINNI KL. 13:30 AÐ HALLGRÍMSKIRKJU OG HLEMMI
VELKOMIN Í MIÐBORGINA OKKAR. ÁVALLT!
BORGUN
MIÐBORGIN OKKAR

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### The Evil Empire

Ásmundur Einar Daðason, þingmaður Framsóknarflokksins, var ekki lengi að sjá í gegnum nýjasta Evrópusamsærið. Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra ákvað að skipa starfshóp til að meta ástand svartfugla. Og viti menn, að sið undirróðursmanna ákváðu þeir að friða skyldi fimm fuglategundir í fimm ár. Ásmundur Einar veit hins vegar sem er að þetta hefur ekkert með fuglavernd að gera. Hið illa Evrópusamband, The Evil Empire, hefur reitt hátt til höggs og ætlar sér að aðlaga Ísland með tímabundnu svartfuglabanni. Engir kimar hins mannlega lífs eru stjórnendum þar óviðkomandi.

### Logi geimgengill

Sem betur fer á Ísland sinn Loga geimgengil sem berst gegn hinu illa í formi Ásmundar Einars. Hann vill fá starfshópinn á fund umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis þar sem hann hlýtur að bera það upp á þá að leyna Evróputilhneigingum sínum í búningi fuglafriðunar. Hausar munu fjúka þegar geimsverðinu verður sveiflað.

### Jar Jar Binks

Röksemdafærsla Ásmundar Einars byggir á því að þessar fimm tegundir séu alfriðaðar innan ESB og sambandinu því í mun að svo verði einnig hér. Á því er hins vegar sá hængur að allar fimm tegundirnar falla undir viðauka II-B í fuglatilskipun ESB. Í honum eru tegundir á hverjum aðildarríki geta leyft veiðar á sínu umráðasvæði. Aðild að ESB breytir því engu varðandi blessaða fuglana. Álkulegur Ásmundur minnir frekar á Jar Jar Binks, en hetjuna Loga, svo líkingunni sé við haldið.

kolbeinn@frettabladid.is



## HALLDÓR




## Framtíðarhátíð

Samfélagsmál



Árni Svanur Daníelsson
prestur



Kristín Þórunn Tómasdóttir
prestur

Á Þrettándanum sláum við botninn í íslenska jólahaldið. Dagurinn tengist sögunni um vitringana þrjá sem komu frá fjarlægum löndum til að veita Jesúbarninu í Betlehem lotningu. Hann tengist líka minnum í þjóðtrúnni okkar um dýr sem tala og huldufólk sem flytur búferlum. Þrettándinn er því dagur tímamóta þegar ungir og aldnir, nýtt og gamalt, himinn og jörð mætast. Hann er dagur þegar augu opnast fyrir möguleikum, fegurð og gæsku hins nýja og óvænta.

Gjafir vitringanna, gull, reykelsi og myrra, standa fyrir gæði af ólíkum toga sem við þurfum til að njóta lífsins til fulls. Efnislegt öryggi í formi skjóls og klæða, andlegan þroska og vöxt og leik skynfæranna sem gefa lífinu lit, bragð og tón. Lífið hvílir á þessum andlegu og líkamlegu gæðum og samfélagið sækir næringu til þeirra. Gjafirnar tákna auðlindir jarðarinnar sem við erum háð og njótum í þakklæti og með ábyrgð.

Í upphafi nýs árs stöndum við frammi fyrir ótroðinni slóð og óskrifuðum dögum. Kannski óar okkur við því sem við teljum okkur sjá. Kannski erum við þjökuð af því sem er liðið. Upprifjun

> Til að vegna vel á nýju ári þurfum við að draga lærdóm af því sem liðið er og byggja á því. Svo skulum við horfa fram á veg og ganga inn í framtíðina…

frétta og uppgjör grínþátta í lok síðasta árs leiddi í ljós að við erum sem þjóð ennþá stödd í úrvinnslu- og sorgarferli eftir Hrunið og vitum ekki alveg hvernig við eigum að snúa okkur.

Á Þrettándanum getum við séð okkur sjálf í sögunni um vitringana sem koma um langan veg og horfast í augu við framtíðina. Til að vegna vel á nýju ári þurfum við að draga lærdóm af því sem liðið er og byggja á því. Svo skulum við horfa fram á veg og ganga inn í framtíðina, eins og krakkarnir syngjandi í lokaatriði áramótaskaupsins. Þrettándinn er framtíðarhátíð. Látum hann nú birta okkur þá von að gott ár sé í vændum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Gegn lögum og vísindum

Í DAG



Pawel Bartoszek
stærðfræðingur

Sumir segja að Jón Bjarnason hafi verið rekinn úr embætti vegna andstöðu sinnar við ESB. Það má vel vera, en barátta hans fyrir óvandaðri stjórnsýslu og andstaðan við vísindaleg vinnubrögð í landbúnaði og sjávarútvegi hefðu vel mátt duga til brottreksturs, án þess að fleira kæmi til.

### Slagurinn um vonda stjórnsýslu

Jón Bjarnason réð sér til aðstoðar mann sem hafði þurft að segja af sér þingmennsku fyrir að ráðast að fólki með nafnlausum tölvupóstum. Ráðningin var kærð til umboðsmanns Alþingis. Umboðsmaður taldi að margt hefði mátt bæta til að ráðningin hefði verið í betra samræmi við góða stjórnsýsluhætti. Þó taldi hann sig ekki geta fullyrt að svokölluð „rannsóknarregla“ stjórnsýslulaga hefði ekki verið brotin „með tilliti til þess að vikið var að huglægum sjónarmiðum í auglýsingu um starfið“. Sem sagt: hæfniskröfurnar voru of loðnar til að hægt væri að sjá hvort þeim hafi verið fylgt.

Eins komst umboðsmaður að því að ákvarðanir ráðherrans í tollamálum stæðust ekki lög. Við hvorugu álitinu var brugðist. Það er erfitt að losna við þá tilfinningu að ráðherranum hafi ekki þótt þessi álit vera stórmál. Þrátt fyrir að þau gæfu til kynna stjórnarskrárbrot af hans hálfu.

Vondri stjórnsýslu og stjórnarskrárbrotum á ekki að kyngja. En það er ekki síður alvarlegt þegar stjórnmálamenn fara að skipta sér af því hvað vísindamenn megi rannsaka og hver niðurstaða þeirra rannsókna eigi að vera.

> Spurningin „Hvað er mikið til af fiski?“ er ekki pólitísk heldur vísindaleg. Það breytir engu hvort meirihluti þings eða hagsmunaaðila telji meiri fisk vera í sjónum. Gagnrýni á vísindalegar niðurstöður þarf að vera vísindaleg.

### Slagurinn um fávisku

Nýlega ákvað MATÍS að falla frá því að sækja um styrk til ESB í þágu bættra rannsókna á gæðum íslenskra matvæla. Ljóst þótti að afstaða Jóns til ESB hafi skipt miklu þar um, fyrst mátti skilja sem beint inngrip hans hafi komið í veg fyrir umsóknina en svo var eitthvað reynt að milda þá sögu.

Það er algjörlega fáránlegt að menn vilji ekki vita sem mest um gæði og heilbrigði matvara. Hvað óttast menn? Færri matareitranir?

Í áraraðir hafa íslenskir stjórnmálamenn fleygt fram fullyrðingum um yfirburði íslenskra matvæla. Hvenær hefur einhver sett fram gögn þessu til stuðnings? Hvenær hefur einhver verið krafinn um slíkt? Spurningin um gæði matar er vísindaleg. Þetta er ekki eins og með „fallegasta landið“.

Það er næstum því hægt að fá það á tilfinninguna að verið sé að segja: „Við þurfum engin vísindi til að segja okkur að íslensk matvæli eru best. Við vitum það með hjartanu!“

### Slagurinn um ofveiði

Eitt síðasta embættisverk Jóns var að reka stjórnarformann Hafrannsóknastofnunar. Fráfarandi stjórnarformaður hafði doktorspróf í tölfræði og hagnýtri líkindafræði. Sú sem látin var taka við er með meistarapróf í viðskiptafræði og er forstjóri fiskvinnslufyrirtækis. Hér skal ekki níða skóg af þeirri konu. En að velja fólk til að stýra vísindastofnun með þessum hætti er fráleitt: Maður rekinn án ástæðu og eftirmaður, hagsmunaaðili sem gagnrýnt hafði niðurstöður stofnunarinnar, ráðinn, án auglýsingar.

Þetta er aðför að sjálfstæði vísindamanna mikilvægrar stofnunar. Hafrannsóknastofnun er svolítið eins og hagfræðisvið seðlabanka. Auðvitað á að gera ekki minni kröfur þegar ráðið er í Hafró en þegar Seðlabankinn er mannaður.

Á hverju ári þarf Hafró að finna svör við tveimur spurningum: „Hvað er mikið til af fiski?“ og „Hvað má veiða mikið?“. Síðari spurningin er vissulega pólitísk á einhvern hátt, enda er ákvörðun um kvótaúthlutun á hendi ráðherra þótt hann fái tillögur frá Hafrannsóknastofnun.

Spurningin „Hvað er mikið til af fiski?“ er ekki pólitísk heldur vísindaleg. Það breytir engu hvort meirihluti þings eða hagsmunaaðila telji meiri fisk vera í sjónum. Gagnrýni á vísindalegar niðurstöður þarf að vera vísindaleg. Sannleikurinn er ekki lýðræðislegt fyrirbæri. Skoðanir hagsmunaaðila á stofnstærðarmati Hafró eru auðvitað bjagaðar. Þeir vilja hafa sem mestan fisk í sjónum til að veiða sem mest af honum. Eru þeir þá endilega besta fólkið til að stýra stofnstærðarrannsóknum?

Ef ríkisstjórn ræki seðlabankastjóra sem neitaði að lækka vexti og réði í staðinn formann Samtaka atvinnulífsins yrði líklegast eftir því tekið. Hafrannsóknir eru fáum þjóðum mikilvægari en okkur svo þessi ákvörðun er ekki minna alvarleg. En því miður er hún dæmigerð fyrir fremur vondan ráðherraferil Jóns Bjarnasonar.

## AF NETINU

### Leiðinlegur samkvæmisleikur

Fjölmiðlar virðast vera staðráðnir í því að breyta upphafi forsetakosninga í heldur leiðinlegan samkvæmisleik – sem gæti jafnvel farið að taka á sig mynd skrípaleiks.
Það er látlaust verið að nefna til sögunnar alls kyns fólk sem gæti hugsanlega komið til greina sem forsetaefni, það er hringt í þetta fólk, það útilokar ekki framboð – og þá er því slegið upp að viðkomandi sé bara nokkuð heitur.
Vísir gerir könnun þar sem eru sett einhver nöfn á blað og fólk látið kjósa um þau. Þarna eru til dæmis menn eins og Davíð Oddsson og Jón Baldvin sem – með fullri virðingu – koma ekki til greina. Og svo annað fólk sem þykir dálítið forsetalegt – kannski af því það gæti komið vel fyrir í veislu.
Með þessu áframhaldi verða allir komnir með upp í kok af þessu eftir fáar vikur.

http://silfuregils.eyjan

**Egill Helgason**

### Fleiri pissa sitjandi

Nú eru konur víst komnar í meirihluta í ríkisstjórn. Það er gott og blessað en skiptir nákvæmlega engu máli. Fólkið sem bíður í biðröð eftir mat og er að missa húsnæðið og atvinnuna eða horfir á eftir börnum sínum og barnabörnum til Noregs varðar ekkert um kynjahlutfall í ríkisstjórn Íslands. Það er stjórnarstefnan og aðgerðir sem máli skipta en ekki hvort ráðherrar pissa sitjandi eða standandi.

http://www.pressan.is/

**Ólafur Arnarson**



# Erfðabreyttar lyfjaplöntur – í Hveragerði?

Erfðabreytt ræktun

Sandra B. Jónsdóttir
sjálfstæður ráðgjafi



Í grein í Fréttablaðinu 30. desember fordæmir Eiríkur Sigurðsson almannasamtök í Hveragerði og víðar fyrir andstöðu við leyfi sem Orf Líftækni var veitt til ræktunar á erfðabreyttu lyfjabyggi í gróðurhúsum á svæðinu. Leyfið var veitt til afmarkaðrar notkunar sem á mannamáli merkir að tryggt skuli að umhverfið geti ekki mengast af völdum hinna erfðabreyttu plantna sem í húsunum eru ræktaðar. Það felur í sér að fyrirbyggja verði að fræ og aðrir plöntuhlutar berist út fyrir húsin, ekki megi flytja jarðveg mengaðan erfðabreyttum efnum út í umhverfið, frárennsli húsanna innihaldi ekki erfðabreytt efni og að starfsmenn, vélar og flutningatæki beri ekki erfðabreytt efni út í umhverfið.

Leyfi sem Orf hefur fengið til afmarkaðrar notkunar erfðabreyttra lífvera er ræktun í gróðurhúsum í Grindavík, á Kleppjárnsreykjum, í Barra á Héraði og á Reykjum í Ölfusi. Húsin og umbúnaður þeirra eru hlaðin áhættupunktum – t.d. varðandi frárennsli og flutninga og sum eru jafnvel ekki með föst gólf – sem geta gefið færi á mengun umhverfis af völdum erfðabreyttra lífvera í gegnum jarðveg og vatn.

Lög kveða á um að þeir sem hafa leyfi til að meðhöndla erfðabreyttar lífverur skuli bæta fyrir tjón sem slík starfsemi kann að valda á umhverfi. En sá sem leyfin veitir, þ.e. Umhverfisstofnun, hefur ekki skipulegt eftirlit með ræktunarstöðum til að kanna með prófunum hvort mengun af völdum erfðabreyttra lífvera hafi átt sér stað. Hveragerði og nágrenni er þéttbýlt svæði og lífræn ræktun og annar landbúnaður gegna mikilvægu hlutverki í efnahag og umhverfisímynd byggðarinnar. Úr því að mengun jarðvegs og vatns mundi hafa áhrif á landbúnað og jafnvel á heilsufar manna og dýra, er þá ekki rík ástæða fyrir íbúa Hveragerðis að hafa áhyggjur af því að þær erfðabreyttu plöntur sem mest áhætta stafar af (lyfjaplöntur) verði ræktaðar á mörkum bæjarins?

Orf hefur ítrekað fullyrt að erfðabreytt lyfjabygg þeirra sé „öruggt“ án þess að færa sönnur á það. Svonefnt áhættumat Orf og leyfi þess frá Umhverfisstofnun til útiog inniræktunar á bygginu á hinum ýmsu stöðum hafa greinilega ekki falið í sér prófanir og greiningu á erfðabreyttum lífverum einnig gerir ráð fyrir rekjanleikakerfi til að tryggja betur öryggi og eftirlit. Hvers vegna endurtaka íslensk stjórnvöld mistök Bandaríkjanna í stað þess að læra af þeim?

Hættan á mengun jarðvegs og vatns af völdum erfðabreyttra lyfjaplantna er raunveruleg – eins og sjá má af reynslunni af ræktun erfðabreyttra Bt-matvælaplantna. Báðum er erfðabreytt til að þær innihaldi prótein sem kunna að vera skaðleg fyrir heilsufar. Bt-plöntur innihalda Bt-eitur sem drepur skordýr sem sækja í þær. Erfðabreyttar lyfjaplöntur innihalda prótein til nota m.a. í lyfjarannsóknum.

> Hættan á mengun jarðvegs og vatns af völdum erfðabreyttra lyfjaplantna er raunveruleg – eins og sjá má af reynslunni af ræktun erfðabreyttra Bt-matvælaplantna.

Reynslan af ræktun Bt-plantna er og erfðabreyttum efnum í jarðvegi og vatni. Dýratilraunir hafa ekki verið gerðar til að kanna hugsanleg langtímaáhrif byggsins á heilsufar manna, dýra, fiska og vatnalífs. Meðan það hefur ekki verið gert er ekkert hægt að fullyrða um öryggi lyfjabyggsins.

Bandarísku vísindasamtökin Union of Concerned Scientists benda á að „erfðabreyttar lyfjaplöntur kunna að hafa eðlis- og efnafræðilega eiginleika sem gætu styrkt tilvistarmöguleika þeirra í náttúrunni eða stuðlað að uppsöfnun þeirra í lífverum, sem verulega eykur möguleika þeirra til að menga vistkerfi og þar með að komast inn í fæðukeðju manna og dýra.“ Bandaríkin hafa sakir lélegs regluverks orðið fyrir dýrri og hættulegri mengun matvæla af völdum erfðabreyttra lyfjaplantna. Nýverið lagði fulltrúadeildarþingmaðurinn Dennis Kucinich fram frumvarp til laga um bann við útiræktun erfðabreyttra lyfja- og iðnaðarplantna í Bandaríkjunum, sem viðvörun. Í rannsókn kanadíska umhverfisráðuneytisins (2008) fannst cry1Ab-genið úr Bt-maísplöntum í seti, jarðvegi og vatni í allt að 82ja km fjarlægð frá ræktunarstað. Í rannsókn bandarísku vísindaakademíunnar (2010) kom fram að erfðabreyttur maís með Bt-eitri hafi mengað ár vítt um miðvesturríkin. Vísindin sýna að Bt-eitur getur borist úr rótum erfðabreyttra Bt-plantna í jarðveg (Saxena ofl. 2002) og að Bt-plöntuleifar í jarðvegi innihalda virkt Bt-eitur (Flores ofl. 2005; Stotzky ofl. 2004; Zwahlen ofl. 2003). Ekki er að undra að í kanadískri rannsókn fannst þetta sama Bt-eitur í blóði þungaðra kvenna og fóstra þeirra (Aris & Leblanc 2011).

Af þessu má draga skýra ályktun: Erfðabreyttar lyfjaplöntur sem ræktaðar eru utandyra – eða í gróðurhúsum sem ekki tryggja fullkomna afmörkun – kunna að berast í fæðukeðju og dýrafóður í gegnum jarðveg og vatn.

ÚR ERLENDUM LEIÐURUM

## Menning og refsing

Það er ekki alveg út í bláinn þegar umferðarsérfræðingur spáir því að mikil hækkun sekta vegna umferðarlagabrota muni í sjálfu sér hafa lítil áhrif á hegðun vegfarenda og þar með umferðaröryggi.
Það er eins og stjórnmálamenn séu blindaðir í trú sinni á að hærri sektir séu undralyf þegar málið snýst um að stjórna hegðun vegfarenda og bæta umferðarmenninguna.
Þegar nánar er að gáð er erfitt að trúa því af tveimur ástæðum:
Í fyrsta lagi er hættan á að vera gripinn vegna umferðarlagabrota mjög lítil og í öðru lagi stjórnar lögreglan að því er virðist umferðareftirliti þannig að það virðist fremur ætlað til þess að gagnast ríkiskassanum en umferðaröryggi.

http://jp.dk/opinion/leder

**Úr leiðara Jyllands-Posten**

## Færri vopn, færri glæpir

Ástæðurnar fyrir auknu ofbeldi í Malmö eru margar. Að mati Tobias Barkman, lögreglufréttamanns á Sydsvenska Dagbladet og annars höfunda bókarinnar Mafíustríð, er ein helsta ástæðan auðvelt aðgengi að ólöglegum vopnum. Strangari löggjöf um vopn getur að hluta til fækkað vopnum í umferð og að hluta auðveldað lögreglunni að ná glæpamönnum sem erfitt getur verið að sanna alvarlegri brot á.
Nú er refsing fyrir brot gegn vopnalögum í mesta lagi eins árs fangelsi. Vandinn er að ekki er greinilegt í lögunum hvað eigi að flokka sem gróft brot gegn vopnalögunum.

http://www.dn.se/ledare/

**Úr leiðara Dagens Nyheter**



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR ... AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Rýmingarsala á flísum og fleiru

**Rýmum fyrir nýjum vörum.**

**Yfir 40 tegundir af flísum.**
**Mikil verðlækkun, verð frá kr. 900 pr $m^2$.**

**Einnig útlitsgallaðar vörur á niðursettu verði!**




**Gott verð fyrir alla alltaf – í 10 ár**

***Reykjavík*** *Kletthálsi 7.*
***Flísa&Baðmarkaðurinn*** *Bæjarlind 6, Kóp.*
***Reykjanesbær*** *Fuglavík 18.*
***Akureyri*** *Furuvöllum 15.*

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**TÓMAS GUÐMUNDSSON** skáld (1901-1983) fæddist þennan dag.
*„Tilvera okkar er undarlegt ferðalag. Við erum gestir og hótel okkar er jörðin.“*



*Innilegar þakkir fyrir samúð og vinarhug við fráfall og útför*

## Karls Brynjólfssonar

Háabarði 10, Hafnarfirði.

**Rósa Karlsdóttir** **Björn Rúnar Lúðvíksson**
**Magnús Karlsson**
**Ólafur Halldórsson** **Auður Sigurðardóttir**
**barnabörn og langafabörn.**



*Alúðarþakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför*

## Jón Freys Finnssonar

Ráðagerði, Seltjarnarnesi,

og heiðruðu minningu hans með margvíslegu móti. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki deildar B-2 LSH Fossvogi fyrir umhyggju og hlýhug.

**Jónína Ragnarsdóttir** **Finnur Jónsson**
**Grétar Elías Finnsson** **Hildur Elín Geirsdóttir**
**Freyja Finnsdóttir** **Henrik Andersen**
**og systkinabörn**



*Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Guðný Elín Vésteinsdóttir

frá Hvalseyjum,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 28. desember s.l., verður jarðsungin frá Langholtskirkju föstudaginn 6. janúar kl. 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hennar láti Krabbameinsfélag Íslands njóta þess.

**Guðmundur Helgason**
**Sigríður Lára Guðmundsdóttir** **Sigmundur Arnar Arnórsson**
**Hildur Margrét Guðmundsdóttir** **Óðinn Magnús Baldursson**
**Jóna Þórunn Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Magnea Steinunn Magnúsdóttir

lést á Hrafnistu í Reykjavík 2. janúar. Útför fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 9. janúar kl. 13.

**Margrét Bárðardóttir** **Helgi Friðgeirsson**
**María Sigurðardóttir**
**Jóhannes Bárðarson** **Agnethe Aðalsteinsdóttir**
**Magnús Bárðarson** **Linda Björnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Hjartkær frænka okkar*

## Guðrún Hlíf Helgadóttir

frá Hörgsdal, áður Reykhúsum, Kristnesi,

andaðist laugardaginn 17. desember sl. Útförin hefur farið fram. Bestu þakkir færum við starfsfólki á öldrunarlækningadeild Fjórðungssjúkrahúss Akureyrar, Kristnesi, fyrir góða umönnun og aðhlynningu.

**Fjölskyldan.**



*Ástkær faðir okkar,*

## Eggert Eggertsson

Álftamýri 14, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ föstudaginn 23. desember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Aðstandendur þakka starfsfólki á Skógarbæ einstaka umönnun hans.

**Hafsteinn Eggertsson**
**Guðbjörg Eggertsdóttir**
**Viðar Eggertsson**
**Urður Björk Eggertsdóttir**



*Innilegar þakkir til allra fyrir auðsýnda samúð og hlýju vegna fráfalls ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,*

## Jóns Steingrímssonar

verkfræðings.

Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar Landakoti og hjúkrunarheimilisins á Mörk fyrir einstaka hlýju og vinsemd.

**Steingrímur Jónsson** **Guðrún Olga Einarsdóttir**
**Þóra Jónsdóttir** **Júlíus Lennart Friðjónsson**
**Vigdís Löve Jónsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



*Elsku sonur okkar, bróðir, frændi og mágur,*

## Einar Laverne Lee

lést á heimili sínu miðvikudaginn 4. janúar. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Helga Soffía Gísladóttir** **Elís Heiðar Ragnarsson**
**John Lee** **Susan Lee**
**Edda Guðrún Heiðarsdóttir** **Stefán Ragnar Magnússon**
**Katla Marín Stefánsdóttir, Elís Heiðar Stefánsson**
**Rakel Theodóra Heiðarsdóttir** **Jón Bjarni Hrólfsson**
**Ástþór Andri Jónsson** **Lóa Linda Hermannsdóttir**
**Heiðar Andri Heiðarsson**
**Helga Sóley Heiðarsdóttir**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Herdís H. Ingibjartsdóttir

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni 31. desember s.l. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu mánudaginn 9. janúar kl. 11.00.

**Ingi J. Valgeirsson**
**Ingi V. Ingason**
**Birgir Geir Valgeirsson** **Jóna Kristín Jónsdóttir**
**Harpa Sól Birgisdóttir**
**Óskírð Birgisdóttir**
**Valdís Valgeirsdóttir**
**Herdís Ósk Unnarsdóttir**
**Jón Unnar Sverrisson**



**NÝR ÁFANGI FYRIR MENNTUN Í LANDINU** Listaháskóli Íslands býður upp á meistaranám í myndlist og hönnun næsta haust en Hjálmar Ragnarsson er rektor skólans. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS: UNDIRBÝR MEISTARANÁM Í MYNDLIST OG HÖNNUN

# Nýtt meistaranám við LHÍ

Undirbúningur er hafinn að meistaranámi í myndlist og hönnun við Listaháskóla Íslands en Alþingi samþykkti 20 milljón króna framlag til námsins á fjárlögum 2012. Auglýst verður eftir umsóknum um námið síðar í vetur og hefst kennsla næsta haust. Átta nemendur verða í árgangi á myndlistarbraut og tólf nemendur á hönnunarbraut en námið er tveggja ára samfellt nám til MA gráðu.

Nú þegar eru starfræktar tvær námsbrautir á meistarastigi í tónlist. Nám í listkennsludeild er allt á meistarastigi. Með stofnun námsbrautanna í myndlist og hönnun og fyrirhuguðum breytingum á skipulagi náms á leikarabraut mun Listaháskólinn bjóða upp á heildstætt meistaranám í helstu greinum sem skólinn starfrækir.

„Þetta er nýr áfangi fyrir skólann og fyrir menntun í landinu,“ segir Hjálmar Ragnarsson, rektor Listaháskólans. „Fyrstu árin var komið af stað grunnnámi háskóla sem byggði á reynslunni úr MHÍ og Leiklistarskóla Íslands. Svo stofnum við hverja deildina á fætur annarri og eftir því sem skólinn eflist innan frá og samstarf verður meira við skóla og atvinnulíf, bæði hér heima og erlendis, hefur þörfin alltaf orðið meiri og meiri á meistaranámi í þessum greinum. Skapandi greinar hafa eflst mikið í landinu með tilkomu Listaháskólans. Nú fögnum við því að geta boðið heildstætt meistaranám næsta haust.“

Hjálmar segir meistaranámið verða byggt upp á sjálfstæðri vinnu nemenda, rannsóknum og úrvinnslu þeirra. „Framþróun í þessum fögum byggir á að fólk hafi undirstöðukunnáttu til að takast á við sjálfstæð verkefni. Þetta þýðir líka nýja möguleika í samstarfi, við fyrirtæki, stofnanir og í alþjóðlegum verkefnum en nú þegar eigum við í spennandi samstarfi við erlenda aðila,“ útskýrir Hjálmar. Hann segir aukinn skilning og stuðning stjórnvalda hafa skipt sköpum svo hægt sé að bjóða upp á meistaranám í skapandi greinum.

„Við eigum í góðri samvinnu við stjórnvöld. Það er að vakna ákveðinn skilningur og áhugi á skapandi greinum og í því samhengi skiptir menntunin lykilmáli.“

heida@frettabladid.is



*Við þökkum innilega auðsýnda samúð og vináttu við fráfall elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og systur,*

## Guðrúnar Ólafíu Jónsdóttur (Lóu Tómasson)

sem andaðist 20. nóvember 2011 á National Institutes of Health í Bethesda, Maryland.

**Gunnar Tómasson**
**Ragnheiður Gunnarsdóttir**
**Sverrir Gunnarsson Tómasson, Christine Tómasson, Stefán, Koby og Lóa**
**Guðrún Gunnarsdóttir Rubin, Joshua Rubin, Jack, Zoe og Cassie**
**Sigrún I. Jónsdóttir**



**Jólunum lýkur í dag** Þá standa eftir jólatré af öllum stærðum og gerðum. Sorphirða Reykjavíkur hirðir ekki jólatré. Borgarbúar geta sjálfir farið með jólatrén sín endurgjaldslaust á endurvinnslustöð eða keypt þjónustu hjá sorphirðufyrirtækjum og íþróttafélögum.

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457




Sólrún Ásta Steinsdóttir hugar vel að mataræðinu.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Borðar hollt til að geta sukkað inni á milli

Dagmamman Sólrún Ásta Steinsdóttir er mikill sælkeri og einmitt þess vegna leggur hún áherslu á að borða hollt. „Til að geta leyft mér að sukka endrum og eins reyni ég að borða hollt að öðru leyti. Mér finnst til dæmis allt í lagi að sleppa sér aðeins yfir jólin. Það sem skiptir meira máli er hvað maður borðar hina daga ársins.“

Sólrún á þrjú börn og finnst mikilvægt að þau borði hollan mat enda eru þau að stækka og byggja sig upp fyrir framtíðina. „Mér finnst þó allt í lagi að þau fái sætindi svo lengi sem það er tilfallandi. Ég legg ekki blátt bann við sykri enda myndi hann bara verða eftirsóknarverðari fyrir vikið. Við pössum hins vegar að eiga ekki kex, gos og nammi svona öllu jafna. Ef það er ekki til þá er það ekki borðað,“ segir Sólrún.

Sem dagmamma leggur hún mikla áherslu á að börnin sem hún er með í vistun fái eitthvað hollt í magann. „Við erum tvær saman og leggjum mikla áherslu á að gefa þeim grænmeti. Þá sniðgöngum við allar unnar kjötvörur og notum lítið af salti og sykri.“

Sólrún er að sönnu mikil mataráhugamanneskja og segir auðvelt að sameina hollustu og matseld. „Ég hef þó farið út í öfgar í þeim efnum en fer nú að mestu eftir ráðleggingum um mataræði og næringarefni sem Lýðheilsustöð (nú Landlæknisembættið) gefur út.“

Sólrún gefur uppskrift að kjúklingabaunasúpu, sem fer sérstaklega vel í litla munna, og nýbökuðum brauðbollum. „Nýbakað brauð er það besta sem ég fæ og ég er vön að baka það annan hvern dag.“

## Kjúklingabaunasúpa með brauðbollum
FYRIR 4



**Kjúklingabaunasúpa**
200 gr kjúklingabaunir
2 laukar
olía
750 ml vatn
1-2 grænmetisteningar
salt og pipar eftir smekk.

*Leggið baunirnar í bleyti yfir nótt og sjóðið eftir leiðbeiningum á pakkanum. Saxið laukinn og steikið í olíu. Bætið vatni, baunum og grænmetisteningum út í og sjóðið í 10-15 mínútur. Maukið með töfrasprota.*

**Bollur**
500 ml volgt vatn
1 1/2 msk. þurrger
3 msk. olía
1/2 tsk. salt
1 msk. sykur
um það bil 400 gr hveiti
um það bil 400 gr heilhveiti

*Blandið vatni og geri saman og látið bíða í fimm mínútur. Bætið olíu, salti og sykri við og loks hveitinu. Bætið við hveiti ef deigið er of blautt. Látið hefast í um það bil 20 mínútur.*

*Mótið bollur. Bakið við 180 gráður í um það bil 10-15 mínútur, eða þar til bollurnar eru orðnar ljósbrúnar.*

*Þetta gerdeig notar Sólrún líka í pitsubrauð, kanilsnúða, eplalengjur og pitsusnúða. Út í það má bæta kanil, rúsínum, sólþurrkuðum tómötum, fræjum og kornum að vild.*





**Katrín Elvarsdóttir ljósmyndari** opnar sýningu í safnaðarheimili Neskirkju, Torginu, á sunnudaginn. Sýndar verða nokkrar myndir úr seríunni Hvergiland og eru þær teknar í skóglendi á Suðurlandi sem er við það að umbreytast í nýtt hverasvæði.

Þrettándabrennur verða haldnar á þremur stöðum í Reykjavík. Í Grafarholti verður brenna í Leirdal við grasæfingasvæði Fram. Blysför verður farin frá Guðríðarkirkju klukkan 19.30 en kveikt verður í brennunni klukkan 20. Í Grafarvogi verður kveikt í brennu við Gufunesbæinn klukkan 17.45. Í Vesturbæ hefst hátíðin með skrúðgöngu frá KR-heimilinu klukkan 18. Kveikt í brennu á Ægisíðu klukkan 18.30 og síðan verður flugeldasýning.

**www.rvk.is**








Á þrettándagleðinni í Reykjanesbæ í kvöld stíga á stokk álfadrottning og álfakóngur með herskara álfa, trölla og sjálfrar Grýlu sér til fulltingis í söng og dansi til heiðurs jólahátíðinni og áramótunum sem nú verða kvödd.

# Við sjáumst í desember, jól!

**Tignarleg álfabrenna og tindrandi himnaskart verður tendrað á kveðjustund jóla víða í kvöld. Í Reykjanesbæ verður dansað og sungið með álfum, tröllum, Grýlu og öllu hennar hafurtaski að fornum sið.**

„Það er ógleymanlegt ævintýri fyrir börn að njóta óskastundar með álfadrottingu og kóngi, Grýlu, Leppalúða, jólasveinunum og öllum forynjum hátíðanna á einum stað, og virkilega hátíðlegt að kveðja jólin með söng við álfabrennu," segir Valgerður Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri menningarsviðs hjá Reykjanesbæ. Þar hefur verið haldin vegleg þrettándagleði svo lengi sem elstu Suðurnesjamenn muna.

Hátíðahöldin hefjast klukkan 18 með skrautlegri skrúðgöngu frá Myllubakkaskóla að hátíðarsvæðinu við Hafnargötu, þaðan sem er fögur útsýn á álfabrennuna við Ægisgötu.

„Skrúðgangan er jafnan kostuleg og gengið með kyndlum og trommuslætti, álfum, tröllum og jólasveinafjölskyldunni að stórkostlegri dagskrá á sviðinu. Karla- og Kvennakórar Suðurnesja leiða gönguna sem álfar í fylgd álfakóngs- og drottningar, og á eftir koma skátar sem litlir álfar og félagar Leikfélags Keflavíkur sem tróna uppi sem púkar og tröll," upplýsir Valgerður, en vitaskuld mætir tröllastelpan Fjóla einnig til fundar við börnin á þrettándagleðinni.

„Fjóla er vinkona Skessunnar í hellinum og fulltrúi vináttunnar í okkar fjölskylduvæna bæjarfélagi. Hún er léttari á fæti en Skessan og flytur ávallt kveðju úr hellinum til barna á öllum skemmtunum bæjarins," útskýrir Valgerður.



Flugeldasýningar Suðurnesjamanna eru rómaðar á landsvísu og þykja taka öllum öðrum fram í glæsileik.

Gestum þrettándagleðinnar verður boðið upp á ilmandi heitt súkkulaði og jólapiparkökur.

„Suðurnesjamenn halda engar brennur á gamlárskvöld en geyma sér ljósadýrðina til þrettándans þegar þeir safnast saman við álfabrennu. Björgunarsveitin Suðurnes stendur fyrir glæstu sjónarspili á himnum, en flugeldasýningar þeirra á Ljósanótt og þrettándanum eru annálaðar fyrir að vera þær flottustu á landinu," segir Valgerður og hvetur sem flesta til að taka sér bíltúr suður með sjó og njóta þrettándagleðinnar með Suðurnesjamönnum í kvöld.

Bílastæði eru við Ægisgötu og Tjarnargötu 12. *thordis@frettabladid.is*








Þrettándagleði er ávallt ríkuleg í Mosfellsbæ. Í ár leggur blysför af stað frá Miðbæjartorginu klukkan 18. Skólahljómsveit Mosfellsbæjar leikur, fjöldasöngur Karlakórs Kjalnesinga, álfakóngur, álfadrottning, Grýla, Leppalúði og þeirra hyski verða á svæðinu og í lokin verður boðið upp á glæsilega flugeldasýningu sem Björgunarsveitin Kyndill stýrir. Mosfellingar sjálfir eru einnig duglegir að skjóta upp flugeldum sjálfir þetta kvöld og því verður úr mikið sjónarspil.

**www.mos.is**

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 6. janúar 2012



Jóhanna Vigdís Arnardóttir

## Er í besta starfi í heimi

- Íris Bjarnadóttir hannar notadrjúgan fatnað
- Á rúmstokknum
- Tíska


TOSHIBA

Toshiba Satellite C660D-1D3

- AMD APU Dual Core E-450
- 4GB DDR3 minni
- 320GB diskur
- 15.6" WXGA LED skjár
- AMD Radeon HD 6320 skjákort
- Allt að 5 klst. rafhlöðuending
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

15,6"

VERÐ

Kr. 79.950

AMD

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 850 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

FARTÖLVA

# núna

✻ Álfar og blys

**LITRÍKT** OPI hefur sent frá sér nýja naglalakkalínu sem var unnin í samstarfi við hina litríku rappsöngkonu Nicki Minaj. Línan er jafn litrík og söngkonan sjálf og inniheldur sex liti sem bera nöfn á borð við Fly, Metallic 4 Life og Pink Friday.




## meðmælin

### Fyrsta klósettsýning ársins

Fyrsta sýning Gallerí Klósetts á nýju ári verður opnuð í kvöld klukkan 20. Það er hópurinn CONCLUSION OF SOLUTION sem ríður á vaðið með sinni allra fyrstu sýningu. Hópurinn samanstendur af sjö listamönnum sem eiga það sameiginlegt að hafa allir útskrifast frá Listaháskóla Íslands á árunum 2008 eða 2009 en starfa nú víða um heim. Gallerí Klósett er við Hverfisgötu 61.



### Dans á Faktorý

Tim Green, einn vinsælasti plötusnúður Bretlands, þeytir skífum á Kanilkvöldi á Faktorý 13. janúar. Þrátt fyrir ungan aldur hefur Green spilað á stærstu klúbbum heims, til dæmis í London, Berlín og á Ibiza. Hann hefur einnig unnið með tónlistarmönnum á borð við Booka Shade og Friendly Fires. Miðar fást í Spúútnik á Laugavegi og í Kringlunni og kosta 1500 krónur. Tónleikarnir hefjast klukkan 23.00.



ÍRIS BJARNADÓTTIR HANNAR ÞÆGILEGAN OG ENDINGARGÓÐAN FATNAÐ:

# FATNAÐUR SEM VEX MEÐ BÖRNUM

Íris Bjarnadóttir fatahönnuður hannar skemmtileg föt á börn undir heitinu Pjakkar auk kvenfatnaðs undir eigin nafni. Flíkurnar sem hún hannar eru fallegar, þægilegar en umfram allt notadrjúgar.

Íris stundaði fatahönnunarnám í Kaupmannahöfn og París og hóf að hanna barnaföt haustið 2008 eftir að hafa nýlokið fæðingarorlofi með tvö börn. „Mig langaði að hanna skemmtileg og litrík barnaföt sem væru jafnframt endingargóð og þægileg. Fötin geta enst í allt að tvö ár því flíkin er þannig í sniðinu að hún „vex“ með barninu. Ég legg líka mikla áherslu á að efnin séu góð og þoli mikinn þvott,“ útskýrir Íris sem hefur undanfarið fært sig í auknum mæli út í hönnun kvenfatnaðs.

„Núna sauma ég helst barnafötin eftir pöntun og er svo heppin að ég er komin með fastan kúnnahóp sem kemur aftur og aftur að versla við mig.“

Kvenfatnaðurinn sem Íris hannar undir eigin nafni er jafn notadrjúgur og þægilegur og barnaflíkurnar og segir hún henta vel bæði fyrir leik og starf. „Ætli það mætti ekki segja að hönnun mín sé nokkuð fjölskylduvæn því flíkurnar þola mikla notkun og þvott og eru hannaðar út frá þörfum mínum og barna minna. Viðskiptavinir mínir virðast vera á höttunum eftir því sama,“ segir hún glaðlega.

Þegar hún er að lokum spurð hvort hún ætli bráðum að bæta við herralínu líka svarar hún neitandi. „Nei, ég læt kven- og barnafatnað duga í bili,“ segir hún og hlær. Kvenfatnaðurinn fæst í versluninni Stíl á Laugavegi og á vinnustofu Írisar við Þórsgötu 13 í Reykjavík. Einnig er hægt að senda henni póst á vefpóstinn iris@pjakkar.is. -sm



**Litríkt og notadrjúgt** Íris Bjarnadóttir fatahönnuður hannar endingargóðan og þægilegan fatnað handa bæði konum og börnum. Kvenfatnaðinn hannar hún undir eigin nafni en barnafötin undir heitinu Pjakkar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

COCO'S
Cocos tískuvöruverslun • Hverafold 1-3, Grafarvogi
Sími: **577 3800**

ÚTSALA
ÚTSALA
ÚTSALA

30-60%
afsláttur
af öllum vörum





**Á bol** Andrej Pejic hefur framleitt boli með mynd af sjálfum sér.

NORDICPHOTOS/GETTY

Andrej Pejic hannar stuttermaboli:

# Hægt að klæðast Andrej Pejic

Fyrirsætan Andrej Pejic hefur nú hannað stuttermaboli með mynd af sjálfum sér á. Bolirnir eru samstarf hans og ljósmyndarans John-Paul Pietrus.

Aðdáendur fyrirsætunnar geta nú fjárfest í stuttermabol með mynd af Pejic. Myndina tók uppáhaldsljósmyndari fyrirsætunnar, John-Paul Pietrus og sagðist Pejic vona að aðdáendur hans njóti þess að klæðast honum sjálfum við ýmis tilefni. Stuttermabolurinn fæst í einni stærð og kostar um 4.500 krónur.

Pejic er þekktur fyrir að geta setið fyrir bæði sem kona og karl og vakti athygli er hann hreppti 98. sæti á lista tímaritsins FHM yfir kynþokkafyllstu konur heims.

## ✻ augnablikið



**ÁRAMÓTAGLEÐI** Söngkonan Rihanna sótti veislu í boði rapparans Sean „Diddy“ Combs á Míamí á gamlárskvöld. Hún klæddist fallegum svörtum kjól með blúnduermum. NORDICPHOTOS/GETTY

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Valgarður Gíslason **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** *Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is*
**Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



útsala útsala útsala útsala
útsala útsala útsala
útsala útsala útsala
Svefnsófi 4 litir
Verð var 129.900.-
útsöluverð
79.900.-
40%
30-80%
Stóll
Verð var
139.900.-
útsöluverð
89.900.-
Stóll
Var 24.900.-
útsöluverð
12.450.-
60%
Handmálaður skápur
Var 39.900.-
nú 27.930.-
50%
Leðursófi
Verð var 399.900.-
útsöluverð
279.930.-
30%
50% af öllu basti
the PIER
SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

# STRENGDI VENJULEGT ÁRAMÓT

**Jóhanna Vigdís Arnardóttir fer með hlutverk í verkinu Fanný og Alexander sem frumsýnt verður á Stóra sviði Borgarleikhússins í kvöld. Hún fer einnig með hlutverk góðu nornarinnar í Galdrakarlinum í Oz og hefur því í nógu að snúast fram á vor.**

*Viðtal:* Sara McMahon
*Mynd:* Valgarður Gíslason



**Hæfileikarík** Jóhanna Vigdís Arnardóttir fer með hlutverk í tveimur verkum Borgarleikhússins. Hún leikur bæði í Fanný og Alexander sem frur

Leikverkið Fanný og Alexander er byggt á sjónvarpsþáttum sænska leikstjórans Ingmars Bergman sem hann stytti síðar í kvikmynd. Verkið segir frá systkinunum Fanný og Alexander sem búa á ástríku heimili en líf þeirra umbreytist þegar faðir þeirra fellur óvænt frá. Jóhanna leikur Ölmu Ekdahl, frænku systkinanna, og segir hlutverkið stórskemmtilegt. „Þetta verður gullfalleg sýning og hlutverk Ölmu er hrikalega skemmtilegt þó það sé ekki stórt. Æfingar hafa gengið vonum framar og á engum tímapunkti hefur nokkur efast um verkið eins og gerist stundum skömmu fyrir frumsýningu. Það er enginn kvíði fyrir kvöldinu í kvöld, bara eftirvænting og ég held það stefni allt í frábæra sýningu.“

Alma er gift Gústaf Adolf sem leikinn er af Jóhanni Sigurðarsyni sem er mágur Jóhönnu og er þetta í fjórða sinn sem þau leika hjón á sviðinu. „Jóhann er giftur systur minni og ég hef stundum grínast með það að hann losni aldrei við okkur systur, heima er hann giftur henni og í vinnunni er hann giftur mér. Ég held þetta sé í fjórða sinn sem við leikum hjón og systir mín er því orðin nokkuð vön þessum ráðahag,“ segir Jóhanna og hlær.

Frumsýning verksins fer fram í kvöld og viðurkennir Jóhanna að það sé ávallt mjög hátíðleg stund fyrir leikara að standa á sviðinu á frumsýningarkvöldi og að hún fái enn fiðring í magann á slíkum kvöldum. Að frumsýningum loknum eru svo haldin frumsýningarhóf þar sem þeim er standa að sýningunni gefst tækifæri á að gleðjast saman. „Það ríkir oftast mikil gleði eftir sýningar og það er aldrei neinn sem situr ósáttur úti í horni. Mín reynsla í leikhúsheiminum er sú að fólk lætur vera að gagnrýna hvort annað strax eftir frumsýningu heldur gleðjist frekar saman og slappi af. Það er síðan gott að gagnrýna og skiptast á skoðunum seinna.“

> *„Ég var alltaf að „skapa“ mig eins og pabbi sletti stundum á dönsku og meinti með því að ég hafi stanslaust verið að troða upp.*

## GÓÐA NORNIN Í OZ

Jóhanna hefur farið með hlutverk góðu nornarinnar í Galdrakarlinum í Oz frá því í byrjun hausts og mun því stíga á svið Borgarleikhússins tvisvar á dag þegar Fanný og Alexander verður frumsýnt. Hún segir það aldrei koma fyrir að hún rugli saman textanum enda séu hlutverkin afskaplega ólík.

„Þegar maður er kominn í búninginn sinn er erfitt að rugla línum saman, þetta situr allt í líkamsminninu,“ segir hún og bætir við að henni finnist ofsalega gaman að taka þátt í uppsetningu Galdrakarlsins.

„Það er ótrúlega gaman að leika í barnasýningum því börnin taka svo mikinn þátt í öllu sem á sér stað á sviðinu. Ég man þessa tilfinningu vel sjálf og hvað það var gaman að láta hræða sig og skemmta sér og eftirvæntinguna sem blossaði upp um leið og ljósin voru slökkt.“

## SUMARFRÍIN HALDIN HÁTÍÐLEG

Jóhanna heldur stórt og fjörugt heimili ásamt manni sínum og fjórum börnum á aldrinum fjögurra til fimmtán ára. „Við eigum saman tvo stráka og svo á maðurinn minn tvö yndisleg börn frá fyrra sambandi. Þau eru ofsalega góð systkini nema stundum lendir mínum tveimur saman og þá er hart tekist á.“

Starf leikara er ekki sérlega fjölskylduvænt þar sem oftast er unnið um kvöld og helgar og því er nauðsynlegt að eiga góða að. „Ég þakka Guði fyrir að eiga góðan maka sem er líka frábær pabbi. Það getur vissulega verið erfitt að drífa sig af stað í vinnuna um helgar, sérstaklega þegar fer að vora og fólk er að grilla og skemmta sér í sólinni. Sem fastráðinn leikari fæ ég sem betur fer tveggja mánaða sumarfrí sem ég held mjög hátíðlegt og tek yfirleitt ekki að mér aukavinnu á sumrin því tíminn með fjölskyldunni er mér mjög dýrmætur. En auðvitað gleymir maður þessu öllu um leið og maður stígur á sviðið því mér finnst ég vera í skemmtilegustu vinnu í heimi.“

Jóhanna er uppalin í Garðabænum og yngst þriggja systkina. Hún var að eigin sögn nokkuð fjörugt barn sem þótti gaman að koma fram í fjölskyldusamkomum. „Ég var alltaf að „skapa mig“ eins og pabbi sletti stundum á dönsku og meinti með því að ég hafi stanslaust verið að troða upp. Ég og systir mín æfðum líka ballett og sýndum dans í hverju einasta matarboði á okkar yngri árum. Nú eru synir mínir farnir að gera þetta líka og í augnablikinu er vinsælt að setja upp Karíus og Baktus. Mugison er líka í miklu uppáhaldi hjá þeim og sá eldri syngur oft lagið Stingum af af mikilli innlifun og spilar undir á lúftgítar.“

## FÉKK EUROVISION BEINT Í ÆÐ

„Lengi hafði ég ekki hugmynd um hvað mig langaði að gera í lífinu, ég lærði píanóleik, söng og frönsku í Háskólanum og loks þegar ég var orðin 25 ára gömul ákvað ég að skella mér í inntökupróf í Leiklistarskólanum og komst inn,“ segir Jóhanna sem útskrifaðist árið 1999 og fékk fastan samning hjá Borgarleikhúsinu árið eftir.

„Ég var ekki alveg ókunnug Borgarleikhúsinu því árið 1998 lék ég lítið hlutverk Rizzo í Grease og hafði líka leyst Selmu Björnsdóttur af í Litlu hryllingsbúðinni eftir að hún hreppti annað sætið í Eurovision. Ég söng reyndar bakrödd með henni úti í Ísrael og það var alveg dásamlegt. Það var ekkert álag á okkur bakröddunum og ég gat því setið með tærnar upp í loft við sundlaugarbakkann. Stefán Hilmarsson söng líka bakrödd og harðneitaði að dansa nokkuð þannig að rútínan okkar var eins auðveld og hugsast gat. En þetta var mikið ævintýri og ofsalega gaman að fá að upplifa þetta sérstaka Eurovision samfélag. Það var alveg magnað hvað sumir voru vel að sér í sögu keppninnar og kunnu mörg laganna.“

Auk þess að hafa leikið lengi á sviði Borgarleikhússins hefur Jóhanna einnig tekið að sér hlutverk í sjónvarpsþáttunum Rétti, Áramótaskaupinu, Öllum litum hafsins auk þess sem hún lék „leiðinlegu konuna“ í gamanmyndinni Stellu í framboði.

„Ég hafði lítið gert af því að leika í sjónvarpi áður en ég fékk hlutverkið í Rétti. Þetta


Útsala Útsala
Kjólar og skokkar ný sending
50% afsláttur

Verð áður
kr. 14.990
nú 7.990
Ótrúlegt úrval
FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201
Fleiri myndir á Facebook
Vertu vinur

# TAHEIT



msýnd verður í kvöld og í Galdrakarlinum í Oz.

var frábær skóli og mér fannst gaman að sjá hvað við erum með mikið af hæfileikaríku fólki í sjónvarps- og kvikmyndagerð hér á landi. Ég mundi gjarnan vilja gera meira af þessu.“

Jóhanna fór einnig með lítið hlutverk í Áramótaskaupinu 2011 og segir því hafa fylgt mikið grín og glens. Þegar blaðamaður spyr hana út í áramótaheitin fer hún að hlæja og segir þau alltaf vera þau sömu. „Áramótaheitið er bara þetta venjulega; borða hollt, hreyfa mig meira og vera dugleg í ræktinni. Stundum tekst að standa við heitin og stundum ekki – ég er voðalega mikil lífsnautnakona og er því mjög góð við sjálfa mig. Lífið er svo stutt og maður á að njóta þess.“

**DRAUMURINN AÐ FLYTJA Í SVEITINA**

Innt út í framtíðaráform sín segir Jóhanna að draumurinn sé að eignast lítið býli einhvern tímann í framtíðinni þar sem hún gæti ræktað eigið grænmeti og rekið lítinn veitingastað ásamt manni sínum sem er mikill veiðimaður og kokkur.

„Draumurinn er að eignast býli einhvers staðar á Íslandi. Ég gæti þá ræktað jörðina, sungið með kirkjukórnum og leikið með áhugaleikfélaginu. Það hefur oft hvarflað að mér eftir hrun að það væri gott að einfalda líf sitt til muna og verða sjálfbærari, ná meiri tengslum við náttúruna og sjálfan sig.“

## ✻ bak við tjöldin



**Stjörnumerki:** Tvíburi

**Hvern dreymir þig um að hitta?** Ætli það væri ekki Jesús.

**Uppáhaldsborgin:** New York. Ég hef einhvern tímann verið rík og búsett á Manhattan-eyju því mér finnst ég vera komin heim þegar ég er þar.



**Hvert er draumahlutverkið?** Ég á mér ekkert draumahlutverk, þau eru öll jafn spennandi fyrir mér.

**Ertu með dulda hæfileika?** Nei, þeir eru allir mjög sýnilegir.

**Ef þú sætir föst á eyðieyju hvaða þrjá hluti tækirðu með þér?** Manninn minn og synina. Aðallega af því að maðurinn minn er svo góður í að komast af og því gott að hafa hann með.

**Uppáhaldsbíómyndin?** Cinema Paradiso.








LÍKAMSÞJÁLFUN FYRIR GOLFARA

Veggsport býður nú uppá sérhæfð líkamsþjálfunar námskeið fyrir kylfinga, 6 vikna námskeið sem hefst 10.janúar og kostar kr. 24.900,-

Kennari: Hallgrímur Jónasson CHEK golf performance series þjálfari og íþróttafræðingur.

Nánari upplýsingar og skráning í afgreiðslu Veggsports 577-5555 eða hjá Hallgrími 892-1681 haddi@golfform.is

VEGGSPORT GOLFHERMIR (9 VELLIR)
St. Andrew´s, Coeurd Alene, Firestone, Pebble Beach, Druids Glen, Doral Resort, Emirates.

VEGGSPORT
Skvass & Heilsurækt

STÓRHÖFÐA 17 | SÍMI 577 5555 | WWW.VEGGSPORT.IS

# Á RÚMSTOKKNUM

Sigga Dögg kynfræðingur

## Kynlífssvelti er óspennandi vopn

**SP:** *Mér leikur forvitni á að vita hvort það sé til afmælisgjöf fyrir frúna sem kryddar upp á kynlífið sem má samt opna fyrir framan tengdaforeldrana á afmælisdaginn?*

**Svar:** Nú eru góð ráð dýr! Eru tengdaforeldrarnir húmoristar og sæju kímnina í einum ílöngum titrara? Ef þig langar í rafknúið tæki þá eru komin á markaðinn mjög smartir titrarar sem líkjast penum nuddtækjum (enda er titrari nuddtæki!). Vinsælasti titrarinn er frá Hitachi og hann var ekki hannaður sem kynlífstól heldur sem herða- og baknuddstæki svo það mætti gjarnan fjárfesta í honum án þess að særa blygðunarkennd viðstaddra. Þá má láta fylgja með lífræna kókosolíu sem má nota innvortis sem útvortis svo hún er góð nuddolía og sleipiefni. Í rauninni má sjá tvöfalt notagildi í mörgum hlutum. Þannig geta fallegir kertastjakar skapað rómantíska stemningu inni í svefnherbergi. Þú gætir einnig keypt kynlífstæknibók og skipt um bókakápu við settlegri bók svo grunsemdir yrðu að engu. Gjafabréf á hótel gæti einnig verið kjörið því það eitt að breyta um umhverfi getur blásið lífi í loftlaust samlíf. Munúðarfullar gjafir geta einnig verið kynæsandi líkt og fínt kampavín og eðal konfektmolar. Þá gæti verið sniðugt að láta skriflegar leiðbeiningar fylgja með pakkanum, til dæmis í fallegu korti og þannig má í raun gera hvaða gjöf sem er að kynlífskryddi. Ekki væri verra að láta inneignarmiða í kelerí fylgja með. Leyfðu ímyndunaraflinu að leika lausum hala og hafðu frumlegheitin í fyrirrúmi!

**SP:** *Kanntu gott ráð til að plata kærasta með þér í allsherjarhreingerningu? Má hóta kynlífssvelti? Kærasti minn er bara svo agalega latur og það virðist ekkert duga til að fá hann í stórhreingerningu, matarinnkaup eða annað sem þarf að gera fyrir heimilið.*



**Svar:** Hér játa ég vanmátt minn því ég þoli ekki þrif og allra síst þrif með metnaði. Ég er þó fylgjandi því að pör hafi verkaskiptingu með heimilisþrifin og þar skuli gæta jafnræðis. Skýr verkaskipting getur dregið verulega úr óþarfa rifrildum. Á mínu heimili sé ég um þvott, matarinnkaup og eldamennsku. Tilfallandi viðbótarþrif má svo semja sérstaklega um. Þetta er því ekki spurning um að „plata“ makann enda er sú nálgun á samskipti innan sambands ekki vænleg. Útskýrðu fyrir viðkomandi af hverju þátttaka hans á heimilinu sé þér mikilvæg. Þetta er ekki spurning um að „nenna“ heldur að þið eruð í sambandi og báðir aðilar þurfa að sjá um ákveðna hluti og það er bara þannig, ekkert múður og mas með það. Kynlífssvelti er undarlegt hugtak enda gefur það til kynna að einn aðili ráði yfir kynlífi sambandsins og kjósi að svelta hinn hungraða og það er ekki spennandi lýsing á samlífi pars. Komdu kærastanum frekar í skilning um að þegar þú ert ánægð í hjartanu (sem þú verður þegar hann tekur virkan þátt í þrifum) þá leiðir sú ánægja niður í píku og enginn þarf að kvarta undan neinu.

*Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni. Netfangið er kynlif@frettabladid.is*





**NÁM Í KÍNVERSKRI LÆKNISFRÆÐI OG NÁLASTUNGULÆKNINGUM**

**SKÓLI HINNA FJÖGURRA ÁRSTÍÐA** BÝÐUR NÚ UPP Á GRUNNNÁM Í KÍNVERSKRI LÆKNISFRÆÐI OG NÁLASTUNGULÆKNINGUM

NÁMIÐ TEKUR 10 MÁNUÐI OG HEFST 13. JANÚAR

NÁMIÐ ER ÆTLAÐ FYRIR ÞÁ SEM HAFA UNDIRSTÖÐU Í VESTRÆNNI LÍFFÆRA- OG SJÚKDÓMAFRÆÐI

FREKARI UPPLÝSINGAR Á WWW.NALASTUNGUR.IS OG Í SÍMA: 863 4316

*ALÞJÓÐA HEILBRIGÐISMÁLASTOFNUNIN, WHO, VIÐURKENNIR NÁM Í KÍNVERSKUM LÆKNINGUM OG GAGNSEMI ÞEIRRA OG STOFNUNIN HVETUR ÞJÓÐIR HEIMS TIL AÐ TILEINKA SÉR ÞEKKINGU OG REYNSLU HEFÐBUNDINNA KÍNVERSKRA LÆKNINGA OG INNLIMA ÞÆR Í HEILBRIGÐISKERFI SÍN*

:HTTP://WWW.WHO.INT/MEDICINES/AREAS/TRADITIONAL/BENCHMARKS-FORTRAININGINTRADITIONALCHINESEMEDICINE.PDF




**Hver:** Mary Kate Steinmiller.
**Hvað gerir hún:** Tísku-auglýsingastjóri hjá Teen Vogue.
**Stíll:** Kvenlegur og klassískur stíll.



**Hver:** Preetma Singh.
**Hvað gerir hún:** Aðstoðarmaður hjá Vogue.
**Stíll:** Litrík pils, kjólar og sokkar við.



**Hver:** Julia Sarr-Jamois.
**Hvað gerir hún:** Tískuritsjóri Wonderland.
**Stíll:** Hún er auðþekkjanleg af flotta hárinu en er einnig þekkt fyrir að klæðast sterkum litum og áberandi munstri.

GÖTUTÍSKUFYRIRMYNDIR SÍÐASTA ÁRS:

# LITRÍKAR OG FLOTTAR

Götutískan er í dag svo vinsæl að athygli ljósmyndara beinist í auknum mæli að henni á tískuvikunum frekar en sýningum stóru tískuhúsanna. Í kjölfarið hafa orðið til eins konar götutískufyrirmyndir sem fanga augu ljósmyndara sem svo birta myndir af þeim á hinum ýmsu vefsíðum. Árið 2011 stigu fram nokkrar ungar stúlkur sem mátti sjá trekk í trekk á síðum tískuvefrita og eru nú orðnar þekkt andlit innan bransans.



**Hver:** Kate Foley.
**Hvað gerir hún:** Innkaupastjóri fyrir verslunina Opening Ceremony í New York.
**Stíll:** Blandar saman stílum, munstri og litum á skemmtilegan hátt. NORDICPHOTOS/GETTY



**Hver:** Abbey Lee.
**Hvað gerir hún:** Fyrirsæta.
**Stíll:** Síð pils og magabolir í anda tíunda áratugarins.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Föstud. | 06. jan. | 20:00 | Laugard. | 14. jan. | 20:00 |
| Laugard. | 07. jan. | 20:00 | Föstud. | 20. jan. | 20:00 |
| Föstud. | 13. jan. | 20:00 | Laugard. | 21. jan. | 20:00 |

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Leikhúspakki á flugfelag.is!

**Miðasala á gamlabio.is og á midi.is**

Símanúmer í miðasölu: **563 4000** (Opið alla daga milli 14:00 og 18:00 og lengur á sýningarkvöldum)



MYND / HILDUR MARÍA VALGARÐSDÓTTIR

## YFIRHEYRSLAN

**Kristinn Óli Hrólfsson, hárgreiðslumaður og annar af eigendum hárgreiðslustofunnar Mugshot í Kaupmannahöfn.**

**Ertu A eða B manneskja?** Ég er B manneskja pottþétt!
**Hvaða bók ertu að lesa um þessar mundir?** Ég er að lesa ævisögu Vidals Sassoon. Hann er guðfaðir hárgreiðslubransans eins og hann leggur sig í dag og ég sæki að miklu leyti innblástur minn til hans.
**Ef ég byggi ekki í Køben, byggi ég í:** Ég bý í draumaborginni minni núna svo þessari er erfitt að svara. Ég væri sennilega í London eða New York. Einhvers staðar þar sem hárgreiðsluheimurinn er stór!
**Hver eru nýjustu kaupin?** Í fatnaði var það blazer og hneppt peysa frá nýja uppáhaldsmerkinu mínu, Morris. En svo var ég líka að byrja að safna í stell og skellti mér á nokkra diska frá Royal Copenhagen.






**Hvað dreymir þig um að eignast?** Flugmiða til heitu landanna. Til dæmis Taílands.
**Hvaða lag kemur þér í gott skap?** Músík sem mamma hlustaði á þegar ég var lítill kemur mér alltaf í gott skap! Þá helst Simply Red.
**Einn hlutur sem þú vissir ekki um mig:** Að ég segist ekki þola lélegt raunveruleikasjónvarp en í raun elska ég það.
**Uppáhaldsdrykkurinn:** Espresso Martini! Það er einn staður hér í Kaupmannahöfn sem gerir þann besta sem ég hef smakkað!









## Nudd

Vantaraðsetjainnauglínudddálkinneða þjónustud,Ertu slæm/ur í líkamanum. Klassísktvöðvanudd,slökunarnudd, partanudd.Tímap og uppl í síma 8419370 Opið 10-17

## Rafvirkjun

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Trésmíði

Tveir smiðir með meistararéttindi geta bætt við sig verkefnum s.s viðhald, parket, inréttingar, nýsmíði ofl. S. 898 9602.

**E. Sigurðsson ehf**
Byggingaverktaki getur bætt við sig stórum sem smáum verkefnum. s: 691 8842 eða eyjolfur@internet.is

## Önnur þjónusta

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

**Er hálka?**
**Við eyðum hálku**

**Íslenska Gámafélagið býður upppá hálkueyðingu, söndun og söltun á öllum stærðum og gerðum plana.**

**Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar Íslenska Gámafélagsins. www.gamur.is S: 577 5757 eða gamur@gamur.is**

## Kennsla

### Okkar árvissa flugukastkennsla

Í TBR húsinu Gnoðarvogi 1, hefst sunnudaginn 8. janúar kl. 20.00. Kennt verður 8 - 15 - 22 - 29. janúar, við leggjum til stangir. Skráning á staðnum gegn greiðslu (ekki kort). Mætið tímalega og munið eftir inniskóm.
Verð kr. 13.000 en kr 11.000 kr til félagsmanna.
Upplýsingar í síma 894 2865 Gísli og 896 7085 Svavar.

**KKR, SVFR og SVH**

## Tilkynningar

Skipulags stofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Akureyrarflugvöllur, gerð flughlaðs. Akureyrarbæ**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulagsstofnun.is**.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **7. febrúar 2012.**

## Forval / Útboð

ÍSAFJARÐARBÆR

**ARKITEKTAHÖNNUN**

**HJÚKRUNARHEIMILI Á ÍSAFIRÐI,**

**FORVAL - ÚTBOÐ**

Verkís hf., fyrir hönd Ísafjarðarbæjar, óskar eftir aðilum til þátttöku í útboði fyrir arkitektahönnun vegna Hjúkrunarheimilis á Ísafirði.

Um er að ræða arkitektahönnun 30 rýma hjúkrunarheimilis, 2.000-2.500 m² að flatarmáli.

Valdir verða allt að 5 aðilar til að taka þátt í útboði á arkitektahönnun hjúkrunarheimilisins.

Forvalsgögn verða afhent í gegnum verkefnavef Verkís frá 5.janúar 2012. Sækja þarf um aðgangsorð á tölvupóstfang verkis.isafjordur@verkis.is með nafni, heimilisfangi og síma.

Umsóknum skal skila á Tæknideild Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði fyrir kl.11.00, 23. janúar 2012, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum, sem þess óska.

VERKÍS VERKFRÆÐISTOFA

# KEYPT & SELT

## Til sölu




**Morgunljós í barnaherbergið**
Fallegir saltkristalslampar í miklu úrvali. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata). Opið mán-fös 12-18, lau 12-15. Sími 517-8060. ditto.is




**Heilinn þinn er kraftaverk**
Bók sem hressir, kætir og bætir. Fæst í öllum helstu bókabúðum. Nánari upplýsingar á www.heimaerbezt.net

6 innihurðir 80 x 2 m. Ljósar spónlagða ísskápur selst ódýrt. Uppl. í s: 697 5850.

**Ódýr heimilstæki**
Höfum til sölu notaðar þvottavélar og ísskápa. Einnig ódýra varahluti í flestar gerðir þvottvéla. Síðumúli 37, neðan verðu. S. 847 5545.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL**

**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri

Til sölu lítil plötusög, borðfræsari og sambyggður afréttari og þykktarhefill. Uppl. Í síma 776-9875

## Verslun

bathmate
Bathmate er nú með CE vottun!
Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!
Pantana & upplýsingasími
849 0698
www.bathmate.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Snerting heilar líkaman og sál. Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. Nálægt Foldatorg. Tímapöntun nauðsynleg. Sími: 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD - FÓTAAÐGERÐIR - DETOX**

Tilboð fótaaðgerðir + nudd upp fyrir hné kr. 5.500 2 saman kr. 9.900. Tekið á kvillum, næringu, hreyfingu, bætiefnum, vinnu, lífsstíl, hamingju og fl. 2ja st. meðferð kr. 7500. JB Heilsulind. S. 823 8280.

Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofa Svæði 105 Holtin.

## Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir, geðhjúkrunarfræðingur, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**OPIÐ HÚS - NÁMSKEIÐSKYNNING**

**Tréútskurður, skartgripasmíði, Hnífasmíði, Tálgun, Gler mósaik, Víravirki, Brýnsla ofl. Kynning á 20 námskeiðum lau. 2-4. Nánar á handverkshusid.is Handverkshúsið Bolholti 4, s:555-1212**

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

2-3ja herb. íbúð til leigu í 200 Kópavogi. Leigist til 15. maí. Uppl. í s. 896 4661

## Húsnæði óskast

Miðaldra hjón leita að 2 herb. íbúð í fjölbýlishús. frá 1.jan. Langtímaleiga. Uppl. 660 6405

18 ára reyklaus maður óskar eftir einstaklingshúsnæði í eða við miðbæ. S.6591782

Hús/hæð óskast til langtímaleigu á höfuðborgarsvæðinu. S: 869 9096/697 4846.

## Sumarbústaðir

**GISTING - AKUREYRI**
orlofshus.is S. 897 5300.

## Geymsluhúsnæði

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Gisting

Akureyri: Nýjar, glæsilegar íbúðir í göngufæri við miðbæinn, nú á kynningarverði. Uppl. á innrikraftur.is eða 865 9429.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

MOSFELLS BAKARÍ

**Fullt starf - Reykjavík**

**Óskum eftir hressu og duglegu fólki til að starfa með okkur í bakríinu okkar á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. Um er að ræða vaktir ýmist fyrir eða eftir hádegi ásamt helgarvinnu. Áhugasamir geta sótt um á heimasíðu okkar og er slóðin www.mosfellsbakari.is/umsokn.asp**

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT KORNIÐ BAKARÍ

**Starfsfólk óskast!**

**Vantar í hálfsdagsstörf í bakaríin okkar, á virkum dögum. Framtíðarstarf. Umsóknir sendist með nafni og síma og heimilisfangi á netfangið umsokn@kornid.is**

**Starfskraftur óskast til að ræstistarfa í leikskóla í 221 Hafnarfirði**

**Vinnutími er frá kl 13:00 til 17:00**

**Leitað er að einstaklingi 25 ára eða eldri.**

**Allt hreint leitar eftir hressum og duglegum einstaklingi sem er tilbúin/nn að starfa með öðru fólki í lifandi starfi. Umsóknum skal skila á heimasíðu allthreint.is undir liðnum „ Atvinna í boði „ fyrir 20 janúar nk.**

**Trésmiðir til Noregs**
**Trésmiðir / Mótasmiðir Vinna í Noregi í vetur 190 Nokr. á tímann íbúð 3000 nokr. á mán. Frá 10 Janúar 2012. Sendið ferilskrá á thulekraft@gmail.com og uppl. S. 696 7324**

**Veitingahús Nings - Framtíðarstarf**

**Veitingahús Nings óskar eftir vaktstjóra í fullt starf og starfsfólki á vaktir. Unnið er á 15 daga vöktum. Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, 20 ára eða eldri og íslenskumælandi.**

**Áhugasamir setji inn umsókn á www.nings.is**

Tryggingamiðlun Íslands óskar eftir fólki til úthringinga á kvöldin, íslenskumælandi. Uppl gefur Atli í 553-6688 eða atli@tmi.is

**Lærður smiður óskast!**
Lærður smiður óskast til Noregs. Uppl. í s. 0047 48132004

**Kaffi Zimsen**
Óskum eftir vönu barþjónum í vinnu, bæði í fullt starf og aukavinnu á aldrinum 18 til 30 ára. Uppl. S. 774 5959.

## Atvinna óskast

Fjölhæfur maður óskar eftir vinnu eða verkefnum. Ágæt bókhaldsþekking og og kunnátta í forritun og vefsíðugerð. Hef vinnuvéla-, meira- og rúturpróf. Allt kemur til greina. Fyrirspurnir á email: risandisol2012@gmail.com

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Tilbreyting?**
Konur sem vilja skemmta sér með karlmanni nota Rauða Torgið. Það kostar ekkert að auglýsa. Sími 555-4321.

**Spjalldömur 908 5500**
Opið þegar þér hentar. Engin bið nema þegar talað er.

Kona með fallega rödd leitar kynna við karlmann. Gefur ekki upp símanr. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, nr. 8161.

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

## 32" SJÓNVÖRP FRÁ 69.990

## MYNDAVÉLAR FRÁ 9.990

**22" LED SJÓNVARP**
FULLT VERÐ 64.990
**TILBOÐ 49.990**
PHILIPS AFSL. 15.000

**42" FULL HD LCD**
FULLT VERÐ 119.990
**TILBOÐ 99.990**
FINLUX AFSL. 20.000

**50" 3D SJÓNVARP**
FULLT VERÐ 349.990
**TILBOÐ 229.990**
Panasonic AFSL. 120.000

**1000w 3D BLU-RAY HEIMABÍÓ**
FULLT VERÐ 99.990
**TILBOÐ 69.990**
Panasonic AFSL. 30.000

**FULL HD TÖKUVÉL**
FULLT VERÐ 59.990
**TILBOÐ 44.990**
JVC AFSL. 15.000

**MYNDAVÉL MEÐ LEICA LINSU**
FULLT VERÐ 19.990
**TILBOÐ 15.990**
Panasonic AFSL. 4.000

**Myndarammar með allt að**
**35% afslætti**
INTENSO PHILIPS

**Heimabíókerfi**
**frá 29.990**
PHILIPS harman/kardon Panasonic

Sjónaukar með allt að 36% afslætti
Nikon OLYMPUS tasco

JBL hátalarar með allt að 30% afslætti
JBL

Vöggur fyrir iPad/ iPhone/iPod/Android með miklum afslætti

KENWOOD PHILIPS JVC Panasonic GRUNDIG Dantax UNITED
INTENSO JBL harman/kardon OLYMPUS tasco Nikon SanDisk enox.

**OPIÐ LAUGARDAG 11 -18** **SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS**

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

## krossgáta



**LÁRÉTT**
2. pest, 6. úr hófi, 8. langar, 9. endir, 11. svörð, 12. morðs, 14. slappi, 16. karlkyn, 17. skjögur, 18. umrót, 20. fyrir hönd, 21. mergð.

**LÓÐRÉTT**
1. jarðvegur, 3. tveir eins, 4. skipafélag, 5. skordýr, 7. forhlaup, 10. matjurt, 13. samstæða, 15. sjá eftir, 16. nögl, 19. átt.

**LAUSN**

LÁRÉTT: 2. kvef, 6. of, 8. vil, 9. lok, 11. mó, 12. dráps, 14. slaki, 16. kk, 17. rið, 18. los, 20. pr, 21. ótal.
LÓÐRÉTT: 1. mold, 3. vv, 4. eimskip, 5. fló, 7. forskot, 10. kál, 13. par, 15. iðra, 16. kló, 19. sa.




Helgarblað
alla laugardaga

Hin umdeildu völd
Forsetaembættið og stjórnskipan Íslands

Meðal annars efnis:

Hef meiri áhyggjur af þyngdinni en aldrinum
Valgeir Guðjónsson fagnar sextugsafmælinu með risatónleikum í Hörpu og útgáfu þrefaldrar safnplötu.

Gegna nöfnunum Sith og Keva
Fyrstu netpóstföng fólks hafa haft ótrúlegustu afleiðingar.



Allt sem þú þarft


# Trjálundur framliðinna gæludýra

BAKÞANKAR
Sifjar Sigmarsdóttur



Það er enginn maður með mönnum um þessar mundir nema komið hafi verið að máli við hann um að bjóða sig fram til forseta. Ég varð því upp með mér þegar skorað var á mig að taka slaginn. Það var að vísu eiginmaðurinn sem setti fram þá frómu ósk. Hann hafði nefnilega augastað á goðsagnarkenndum vínkjallara Bessastaða. Tvennt kom til í ákvörðun minni um að sækjast ekki eftir embættinu. Þótt fólk af minni árgerð megi aka bíl, drekka áfengi, fjölga sér, setja banka á hausinn og dikta upp lög á Alþingi höfum við ekki aldur til að neita sömu lögum staðfestingar með konunglegu veifi innblásnu sjálfsþóttafullum þjóðernismóði því forseti þarf að vera minnst 35 ára. Þótt þessi fyrri ástæða teljist nokkuð óhagganleg vó hin síðari sem hér fer á eftir hins vegar þyngra.

**ÉG ER** vafalaust ekki ein um að fagna því að þessari fyrstu vinnuviku nýs árs sé að ljúka. Sjaldan hafa timburmenn hátíðanna teygt sig jafnlangt inn í nýja árið. Á síðasta degi jóla gætir enn brjóstsviðans af hangikjötinu og hægðateppunnar af konfektátinu sem markaðsöflin keppast við að bjóðast til að losa gegn vægu gjaldi. Ég kenni tilviljunum dagatalsins um ástandið. Eins og rætt var um í jólaboðum af jafnmiklum ákafa og færð vega reyndust frídagar þessi jólin fáir. Stundir er ekki fóru í að sækja boð eða jafna sig eftir boð voru engar. Það var líklega vegna partíförmögnunar sem mér þótti þungamiðja nýársávarps forsetans hljóma jöfnum höndum ískyggilega lokkandi og einkar fráhrindandi.

**Í ÞVÍ** kvaðst Ólafur Ragnar hlakka til „frjálsari stunda“ og kynnti til sögunnar „fallegt hús í trjálundi við litla á“ sem hann sagði sinn „griðastað til frambúðar“. Í eyrum mér hljómaði áfangastaður forsetans dálítið eins og staðurinn sem gæludýr sem skyndilega eru ekki í búrinu sínu þegar barn kemur heim úr skólanum eru sögð hafa farið á. Það olli mér hins vegar áhyggjum að eftir frílausa jólaösina hljómaði staðurinn alls ekki illa. Á þeirri stundu gerði ég upp hug minn. Ég kærði mig ekki um embætti sem ylli löngun til að hreiðra um sig í trjálundi framliðinna gæludýra. Að sama skapi kæri ég mig ekki um önnur jól sem láta „griðastað til frambúðar“ hljóma sem æskilegan áfangastað. Því vil ég fara þess á leit við hinn forsetann, forseta ASÍ, að hann beiti sér fyrir því að tilviljanir éti ekki upp lögbundna frídaga. Víða erlendis færist frídagur sem lendir á helgi yfir á mánudag. Vafalítið verður forsvarsmönnum Samtaka atvinnulífsins svo um við slíka tillögu að jólateppan losnar án kapítalískra afskipta en það verður að hafa það. Það er nefnilega ekki pláss fyrir allt launafólk landsins í trjálundinum hans Ólafs Ragnars.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Skemmtilegasta
ÚTSALA
ársins!
Allt að
70%
afsláttur
20%
afsláttur
49.999
59.999
PS3
FIFA 12
BATTLEFIELD 3
40%
afsláttur
6.999
11.999
40%
afsláttur
6.999
11.999
TÖLVULEIKIR FRÁ 999
CONAN
999
999
999
create
999
DJ HERO 2
999
999
999
WORD
999
COMMAND & CONQUER
999
SHIFT 2 UNLEASHED
3.999
11.999
BULLETSTORM
2.999
10.999
DEAD SPACE 2
2.999
5.999
RED ALERT 3
3.999
9.999
CAPTAIN AMERICA
3.999
8.999
ARMY OF TWO
2.999
5.999
DVD frá 699
Tónlist frá 499
RIO
50%
afsláttur
1.499
2.999
699
STEINDINN OKKAR
50%
afsláttur
1.499
2.999
499
1.699
2.799
KARDEMOMMUBÆRINN
999
SKÍFAN
KRINGLAN OG LAUGAVEGUR 44 · 591 5300 · WWW.SKIFAN.IS

# menning

menning@frettabladid.is

! **SÍÐASTA SÝNINGARHELGI** á ljósmyndasýningu Marcs Riboud á Ljósmyndasafni Reykjavíkur er nú um helgina. Hinn franski Riboud er einna þekktastur fyrir ítarlegar myndfrásagnir sínar frá Austurlöndum en hann var einn af fyrstu vestrænu ljósmyndurunum til að komast inn í Kína eftir Menningarbyltingu Maós árið 1966. Sýningin er opin 12 til 19 virka daga, 13 til 17 um helgar.

## Ný námsleið við LHÍ

Til stendur að bjóða meistaranám í myndlist og hönnun við Listaháskóla Íslands frá og með næsta hausti. Ákvörðunin byggir á samþykkt Alþingis á 20 milljóna króna framlagi til námsins á fjárlögum 2012.

Þegar eru starfræktar tvær námsbrautir á meistarastigi í tónlist og nám í listkennsludeild er allt á meistarastigi. Með stofnun námsbrautanna í myndlist og hönnun, og fyrirhuguðum breytingum á skipulagi náms á leikarabraut, getur Listaháskólinn boðið upp á heildstætt meistaranám í þeim helstu greinum sem skólinn starfrækir.

Nám á nýju námsbrautunum er skipulagt sem tveggja ára samfellt nám til MA gráðu. Gert er ráð fyrir átta nemendum í árgangi á myndlistarbraut og tólf nemendum í árgangi á hönnunarbraut. Námið verður auglýst til umsóknar síðar í vetur eða snemma í vor.

Í tilkynningu frá Listaháskólanum segir að stofnun meistaranámsins hafi verið eitt helsta baráttumál skólans síðustu árin.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 06. janúar 2012**

### ➜ Tónleikar

**17.00** Meðlimir úr Wonderbrass munu blása út jólin með stuttum þrettándatónleikum í Hörpuhorni á 2. hæð Hörpu. Á efnisskrá eru íslensk áramóta- og þrettándalög í nýjum útsetningum. Aðgangur er ókeypis.



**19.30** Vínartónleikar **Sinfóníuhljómsveitar Íslands** verða haldnir í Hörpu. Einsöngur verður í höndum Sigrúnar Hjálmtýsdóttur, Diddú. Stjórnandi tónleikanna er Willy Büchler sem er aðalgestastjórnandi Strauss-hátíðarhljómsveitarinnar í Vínarborg. Miðaverð er frá kr. 3.000.

**21.00** Hreindís Ylva og hljómsveit halda tónleika á kaffihúsinu Álafosskvos. Flutt verða lög af disknum Á góðri stund þar sem dægurlagaperlur Erlu Þorsteinsdóttur eru teknar fyrir. Miðaverð er kr. 1.500.

**22.00** Hljómsveitin Homo and the Sapiens heldur tónleika á Ob-La-Dí Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### ➜ Leiklist



**20.00** Leikritið Hjónasæla, með þeim Eddu Björgvinsdóttur og **Ladda**, verður sýnt í Gamla bíói. Miðaverð er frá kr. 3.600.

### ➜ Uppákomur

**18.00** Þrettándahátíð Vesturbæjar verður haldin hátíðleg að vanda. Hún hefst við KR-heimilið þaðan sem farið verður í viðburðaríka göngu og loks verður tendruð brenna. Guðmundur Steingrímsson mætir með nikkuna og KR flugeldar bjóða upp á hátíðarflugeldasýningu.

### ➜ Tónlist

**22.00** Á Glaumbar halda þeir Dj Alan Jones og Haffi Haff uppi brjálaðri stemningu í 80's partýi.

**22.00** Showcase tónleikar með bresku hljómsveitinni All the Young verða haldnir á Gauki á Stöng.

23.00 Það verður sannkölluð Þrettándagleði á Kringlukránni í kvöld þar sem hljómsveitin Gullkistan stígur á stokk. Gullkistan er skipuð þeim Ásgeiri Óskarssyni, Gunnari Þórðarsyni, Jóni Ólafssyni og Óttari Felix Haukssyni.



**ÞAU TÍÐKAST HIN RAUÐU STRIK** Eftir Sigurð Þóri.



**NORNAVEIÐAR** Eftir Sigurð Örlygsson.

## Málverk í anda abstraktlistar

Myndlist ★★★

**Strangir fletir**

Sigurður Örlygsson og Sigurður Þórir

**Opið alla daga nema mánudaga frá kl. 12-17.**

Sýningarsalur Norræna hússins er einn af þessum gluggalausu sýningarsölum hérlendis sem ætlaðir eru myndlist. Ef út í það er farið eru ekki margir salir hér sem ákjósanlegir eru til sýninga á myndlist. Einn sá fallegasti er Ásmundarsalur í Listasafni ASÍ, salir Gerðarsafns eru líka bjartir, Listasafn Íslands býr við ágæt salarkynni sem margt er hægt úr að moða en Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús, er sannkölluð ögrun þeim sem þar sýna verk sín. Hafnarborg hefur líka ágæt salarkynni. En gluggalausir salir þar sem lágt er undir loft eins og kjallari Norræna hússins og fleiri salir í borginni, eru ekki ákjósanlegir. Listin virkar innilokuð.

Myndlistin, sem hérlendis býr við einhvern undarlegan misskilning sem óæðra listform en bókmenntir eða tónlist, dans eða leiklist, nýtur sín ekki í gluggalausum kjöllurum. Samtímamyndlist er að auki í þeirri sérkennilegu stöðu að vera ætlaður staður í sýningarsölum sem hannaðir voru fyrir það form sem myndlist birtist í fyrir áratugum, sölum ætluðum höggmyndum og málverkum, en myndlist samtímans er ekki endilega í neinu slíku föstu formi. Þetta er þó ekki togstreita á sýningunni í Norræna húsinu núna, þar sem báðir listamenn sýna hefðbundin málverk.

Sýningin nefnist Strangir fletir, en er frekar abstrakt með mjúkum poplistarformum og litanotkun í anda op-listar þar sem saman spila andstæðir litir og skærir. Sigurður Þórir sýnir fjölda abstrakt verka, einna best tekst honum upp í einföldum verkum, þar sem spenna eða jafnvægi skapast á myndfleti. Sigurður Örlygsson hefur löngu sannað sig sem góður málari með kraftmiklum verkum. Hér eru málverk hans í björtum litum í anda poplistar, og formin og mynstrið sem byggja þau upp eru úr smiðju verka hans sem áhorfandinn þekkir. Formin eru óljós, en tengjast einhverju úr hversdagnum og þannig aftur poplistinni.

Að mínu mati er með öllu óþarft að listamenn yfirhöfuð séu alltaf að koma með eitthvað nýtt. Leikur að eldri stefnum er áhugaverður og skoðun á straumum og stefnum fortíðar hefur birst á spennandi hátt í málverkinu á undanförnum árum, til dæmis hefur JBK Ransu skoðað pop- og oplist í verkum sínum á áhugaverðan máta. Hér er þó eins og markmiðið sé ekki nægilega hnitmiðað til þess að bæta einhverju við það sem á undan er gengið. Málverkin, og þá sér í lagi verk Sigurðar Örlygssonar byggja þó á bæði persónulegum og listasögulegum grunni sem áhugavert er að sjá þróast áfram en Sigurður hefur áður sýnt sig að vera áræðinn og djarfur í verkum sínum.

**Ragna Sigurðardóttir**

**Niðurstaða:** Litrík sýning og fjöldi verka en skortir nokkuð í áræðni, nýsköpun og samskiptum við samtímann. Forvitnileg sýning engu að síður sem ef til vill hefði notið sín betur í salarkynnum með skemmtilegri birtuskilyrðum og meiri lofthæð.







**LJÓSVAKALJÓÐ** Stuttmyndahátíð unga fólksins verður haldin í Bíó Paradís 28. janúar. Skipuleggjendur óska nú eftir handritum í keppnina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Ljósvakaljóð í sjötta sinn

Ljósvakaljóð, stuttmyndahátíð unga fólksins, er nú á höttunum eftir stuttmyndum og handritum frá kvikmyndagerðarfólki á aldrinum 15 til 25 ára. Hátíðin verður haldin í sjötta sinn 28. janúar næstkomandi í Bíó Paradís, en hún hefur gagnast ungu kvikmyndagerðarfólki til að koma verkum sínum á framfæri.

Valdar verða sex til tíu stuttmyndir úr innsendum myndum til að keppa um aðalverðlaunin, 50.000 króna peningaverðlaun. Að þessu sinni verður keppt í tveimur flokkum, 15 til 20 ára og 21 til 25 ára. Þá verða einnig veitt 20.000 króna peningaverðlaun ásamt fleiri vinningum fyrir besta innsenda og óframleidda stuttmyndahandritið.

Dómnefnd stuttmynda í ár er skipuð þeim Reyni Lyngdal leikstjóra, Hörpu Þórsdóttur framleiðanda, Hilmari Guðjónssyni leikara og Hrafnhildi Gunnarsdóttur, formanni Félags kvikmyndagerðarmanna. Í dómnefnd handrita er þau Margrét Örnólfsdóttir handritshöfundur og Hafsteinn G. Sigurðsson handritshöfundur og leikstjóri.

## Íslensk þjóðlög og djass

Kór Akraneskirkju heldur nýárstónleika í Tónbergi, sal Tónlistarskólans á Akranesi, laugardaginn 7. janúar undir yfirskriftinni 2012. Á dagskránni eru íslensk þjóðlög og túlkanir á ljóðum íslenskra skálda, dægurlög úr smiðju Freymóðs Jóhannssonar (12. september) og kórlagaflokkur eftir djasspíanistann George Shearing.

Með Kór Akraneskirkju koma fram á tónleikunum þeir Gunnar Gunnarsson píanóleikari og Tómas R. Einarsson kontrabassaleikari. Stjórnandi Kórs Akraneskirkju er Sveinn Arnar Sæmundsson. Forsala á tónleikana er í versluninni Bjargi við Stillholt, Akranesi.

## Fingrafimur gítarleikari

**Tommy Emmanuel, sem talinn er einn færasti gítarleikari heims, heldur tónleika í Háskólabíói á mánudag. Nánast er uppselt á tónleika Emmanuels. Hann er hvað þekktastur fyrir ákveðna tækni sem hann kallar „Finger style“ og hefur hann hlotið mörg konar viðurkenningar fyrir spilamennsku sína að því er fram kemur í fréttatilkynningu. RÚV tekur tónleikana upp og mun sýna innan skamms.** - sbt

**Hilmir Snær Guðnason og Björn Thors**
**fara með hlutverk Ólafs Kárasonar Ljósvíkings**

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

# HEIMSLJÓS

**eftir Halldór Laxness**
**í leikgerð Kjartans Ragnarssonar**

„... unun að hlusta á vel með farinn góðan texta.“
*EB - Fréttablaðið*

„... mér finnst eftir á að ég hafi orðið vitni að miklu undri.
... skylduáhorf allra sem unna fögrum listum.“
*SA - TMM.is*

„... bráðskemmtileg, hröð og hugvitssamleg framsetning.“
*SGV - Morgunblaðið*

„Sýningin á Heimsljósi er undurfögur.“
*VE - smugan.is*

„... heilsteypt og eftirminnileg sýning ...“
*PMÓ - smugan.is*

„Til hamingju með þetta, ég vil segja, þrekvirki.“
*GF - Síðdegisútvarp Rásar 2*



PIPAR\TBWA • SÍA




Gjafakortin í Þjóðleikhúsið eru falleg og eftirminnileg gjöf.
Viðtakandi getur nýtt kortið hvenær sem hentar.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

www.leikhusid.is | midasala@leikhusid.is

Sími í miðasölu
551 1200

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

FÖSTUDAGUR OPNUM KLUKKAN 10 FÖSTUDAGUR OPNUM

598 KR. 750 ML
BERIO EXTRA VIRGIN OLÍA

1998 KR. KG
ÍSLANDSLAMB SNYRT ÚRBEINAÐ LAMBALÆRI
*TILBÚIÐ Í OFNINN*

Barilla

249 KR. 1 KG.
BARILLA SPAGHETTI 1 KG.

198 KR. 750 ML
HUNTS PASTASÓSUR 750 ML.

FERSKUR KJÖRFUGLSKJÚKLINGUR

1995 KR. KG
FERSKAR BRINGUR

679 KR. KG
FERSKIR LEGGIR

898 KR. KG
FERSKT BLANDAÐ HAKK

ALLTAF NÝBAKAÐ Í BÓNUS

259 KR. 4 STK.
LANGLOKUR 4 STK.

259 KR. 4 STK.
KJALLARABOLLUR M.OSTI

498 KR. KG
ALI REYKT MEDISTERPYLSA

398 KR. 750 GR
ALI GRÍSABJÚGU 4 STK.

ÍSLANDSFUGL HEILL FROSINN KJÚKLINGUR
659 KR.KG

798 KR. 620 GR
KF FROSIÐ NAUTAHAKK

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

KLUKKAN 10 FÖSTUDAGUR OPNUM KLUKKAN 10




FROSNIR ÁVEXTIR
Í HEILSUDRYKKINN

PHILIPS




BLANDARI / MIXER
600 WATTS
(SÉRVÖRUVERSLANIR)




VILLT ÍSLENSK AÐALBLÁBER OG
KRÆKIBER 240 GR
FRÁ BERJABÚINU Á VÖLLUM







GRÍSAVEISLU FERSK PURUSTEIK




CHEERIOS 518 GR




FJÓRIR FERSKIR 80 GR NAUTAVEISLU
NAUTAHAMBORGARAR
MEÐ BRAUÐI




| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | 6 | | | | | 4 |
| | | | 8 | 2 | | 1 | | |
| | 7 | | | 5 | 4 | 2 | | |
| | 9 | | | | 8 | | 6 | |
| | 8 | | 7 | | 5 | | 1 | |
| | 5 | | 2 | | | | 9 | |
| | | 9 | 4 | 8 | | | 5 | |
| | | 7 | | 6 | 3 | | | |
| 6 | | | | | 2 | 9 | | |

ÚRLAUSN Á SUDUKO
GÁTU ER Á BONUS.IS



BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veitutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

# Fólk

folk@frettabladid.is



**57 ÁRA** er í dag hinn bráðfyndni breski leikari Rowan Atkinson, betur þekktur sem Mr. Bean.



**Á ÍSLANDI** Saxófónleikarinn Andrew D´Angelo spilar á Café Rosenberg í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Alltaf jafngaman á Íslandi

„Ég hef ferðast um heiminn og kynnst alls konar fólki sem túlkar listina á mismunandi hátt. Það er eitthvað við íslensku menninguna og fólkið hérna sem ég elska og þess vegna kem ég hingað aftur og aftur,“ segir bandaríski saxófónleikarinn Andrew D´Angelo.

Hann spilar á Café Rosenberg í kvöld ásamt Kjartani Valdemarssyni, Snorra Sigurðarsyni, Valdimari Kolbeini Sigurjónssyni og Einari Scheving. D'Angelo, sem er leiðandi afl í framúrstefnu New York-djassins, spilaði með sömu hljómsveit hér á landi fyrir tæpu ári.

D´Angelo greindist með heilaæxli fyrir þremur árum en sigraðist á því og er núna laus við meinið. „Ég hlakka mikið til tónleikanna á föstudaginn og ég elska Café Rosenberg. Ég hlakka yfirhöfuð alltaf til að spila á tónleikum en sérstaklega mikið núna eftir að hafa fengið heilaæxlið. Það fær mann til að kunna betur að meta lífið og tilveruna.“

Hann dvelur hér á landi til sunnudags og fer þá til Kaupmannahafnar þar sem hann mun dvelja í eina viku við tónleikahald. - fb






**LEIKUR SJÁLFA SIG** Kim Kardashian mun bregða fyrir í gamanþáttunum Last Man Standing. Hún mun leika sjálfa sig.

# Kardashian í grínið

Kim Kardashian hefur náð samningum um að birtast í gamanþáttaröð Tims Allen, Last Man Standing. Hún mun þó ekki þurfa að fara í neina djúpa persónuköfun því raunveruleikastjarnan umdeilda mun leika sjálfa sig. Þetta kemur fram á vefnum GossipCop.com. Í þættinum rekst dóttir Tims Allen á tökulið raunveruleikaþáttaraðar Kim Kardashian en hún ku vera hugfangin af slíku sjónvarpsefni.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Kardashian bregður fyrir í amerísku sjónvarpsefni. Hún lék sig í How I Met Your Mother og svo í 90210. Hún hefur einnig leikið lítil hlutverk í CSI: New York, Beyond the Break og The Marriage Counselor. Það er því allt útlit fyrir að Kardashian verði enn um sinn umfjöllunarefni því samkvæmt síðustu fréttum hefur Kardashian-klanið í hyggju að stofna tímarit sem verður helgað hugðarefnum þeirra.



**HÖFUNDAR** Bono og The Edge úr U2 sömdu tónlistina við söngleikinn.

# Spider Man setti met

**Spider Man: Turn off the Dark hefur slegið met í miðasölunni á Broadway með því að græða um 370 milljónir króna á aðeins einni viku. Þetta eru mestu tekjur á Brodway af nokkurri sýningu á einni viku í sögunni en sýningarnar voru níu talsins.**

**Söngleikurinn, sem Bono og The Edge úr U2 sömdu tónlistina við, kostaði hátt í níu milljarða króna og er líkast til sá dýrasti sem gerður hefur verið. Mikil vandræði fylgdu honum þegar hann var frumsýndur í fyrra. Upphaflegi leikstjórinn var rekinn og gagnrýnendum þótti lítið til söngleiksins koma.**

# Kunis nýtt andlit Dior

Leikkonan Mila Kunis verður andlit tískuhússins Dior fyrir komandi vor og sumar. Hlutverkið þykir mikil upphefð fyrir leikkonuna ungu en þar með gengur hún í fótspor Sharon Stone, Marion Cotillard, Charlize Theron og Natalie Portman sem allar hafa auglýst vörur tískuhússins fræga.

„Mila Kunis er mjög hæfileikarík ung leikkona og verðugur fulltrúi ungu kynslóðarinnar. Frammistaða hennar í kvikmyndinni Black Swan var frábær," segir Delphine Arnault, yfirmaður hjá tískuhúsinu, og bætir við að þau hlakki til að eiga langt og farsælt samstarf með Kunis. Auglýsingarnar með Kunis byrja að birtast í tímaritum á borð við Elle og Harper's Bazaar strax í þessum mánuði.



**FYRIRSÆTA** Leikkonan Mila Kunis er nýtt andlit tískuhússins Dior.

# Söngkonan komin á fyrirsætuskrá

Söngkonunni ungu Lönu Del Rey er spáð frægð og frama á þessu ári en hún hefur nú skrifað undir samning við eina stærstu fyrirsætuskrifstofu heims, Next. Þykir samningurinn ávísun þess að Del Rey séu ætlaðir stórir hlutir á árinu en í lok mánaðarins kemur út ný plata með söngkonunni, sem átti eitt af lögum ársins 2011, Video Games.

Á skrá hjá Next eru fyrirsætur á borð við Abbey Lee Kershaw og Arizona Muse en einnig frægar dömur á borð við Alexu Chung og Jessie J. Talsverð fordæmi hafa verið fyrir því að leikog söngkonur hafi verið fengnar til að vera andlit tískumerkja og því má búast við að Lana Del Rey verði áberandi á auglýsingaskiltunum í framtíðinni. Tískuheimurinn hefur þegar tekið henni opnum örmum en lög hennar voru spiluð undir sýningum Christophers Kane og Emilio de la Morena á tískuvikunum í haust.



**HEITT ANDLIT** Lana Del Rey á eftir að vera ennþá meira áberandi á þessu ári en hún hefur skrifað undir samning við fyrirsætuskrifstofuna Next. Í lok mánaðarins kemur út ný plata með henni sem nefnist Born 2 Die. NORDICPHOTOS/GETTY



**NÝ PLATA** Hljómsveitin The Killers gefur út nýja plötu á þessu ári.

# Ný plata frá The Killers

Brandon Flowers, söngvari The Killers, segir að hljómsveitin ætli pottþétt að gefa út nýja plötu á þessu ári. Í samtali við BBC sagðist hann ekki vita nákvæmlega hvenær hún kæmi út. „Við viljum ekki búa til Hot Fuss 2, Sam's Town 2 eða Day & Age 2. Kannski tökum við það besta úr þessu öllu og gerum það sem við kunnum," sagði Flowers.

Fjögur ár eru liðin síðan Day & Age kom út. Trommarinn Ronnie Vannucci hefur áður upplýst að gítarleikur verði meira áberandi á nýju plötunni og að þeir væru búnir að semja nokkur frábær Killers-lög.



**VEIKUR** Mariah Carey biðlar til aðdáenda sinna að biðja fyrir bata eiginmannsins en hann veiktist í nýrum milli jóla og nýárs. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hjúkrar eiginmanninum

Mariah Carey eyddi jólafríinu í að hjúkra eiginmanni sínum, Nick Cannon, en hann veiktist í nýrum milli jóla og nýárs. Carey birti mynd af sér á samskiptavefnum Twitter þar sem hún liggur í sjúkrarúmi ásamt Cannon og biðlaði í leiðinni til aðdáenda sinna að biðja fyrir bata eiginmannsins.

Cannon og Carey giftu sig árið 2008 og eiga saman tvíburana Monroe og Morrocan en Cannon er frægur sem kynnirinn í bandaríska raunveruleikaþættinum America's Got Talent.





EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

TT námskeið
Rétta leiðin til að breyta um lífsstíl, komast í kjörþyngd og gott form. **6 vikna námskeið – 3x í viku – morgun, dag og kvöldtímar.** Bjóðum sérstaka síðdegistíma fyrir 16-20 ára.

60 PLÚS
Líkamsrækt á rólegri nótunum fyrir konur 60 ára og eldri. **9 eða 18 vikna námskeið - 2x í viku - morguntímar.**

ROPE YOGA WORKOUT
Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi. Frábær leið til líkamlegrar og andlegrar uppbyggingar. **6 vikna námskeið – 2x í viku – morgun-, hádegis- og síðdegistímar.**

HOT YOGA
Farið í gegnum röð af yogastöðum í heitum sal. Teygjanleiki vöðvanna aukinn, mikill sviti og vellíðan. **6 vikna námskeið – 2x í viku – síðdegis- og kvöldtímar.**

STOTT PILATES
Krefjandi æfingakerfi sem miðar að betri líkamsstöðu m.a. með því að styrkja djúpvöðva í kvið og baki og lengja vöðva. **6 vikna námskeið – 2x í viku – morgun- og síðdegistímar.**

Opna kerfið
Opnir tímar með fjölbreytilegri líkamsrækt frá morgni til kvölds 6 daga vikunnar. Þrek, þol, liðleiki, pallar, lotuþjálfun, tabata dansívaf ... eitthvað fyrir alla! **ATH!** Nýir tímar í heitum sal, sérstakir miðjutímar ofl.

BM MÓTUN
Æfingakerfi Báru Magnúsdóttur - aðaláherslan lögð á styrk, liðleika og góðan líkamsburð. Aðeins 15 í hóp. **6 vikna námskeið 2x í viku – morgun- og síðdegistímar.**

S&S stutt og strangt
Markvissar æfingar í tækjasal með persónulegri leiðsögn og aðhaldi. Hámark 6 í hóp. Tilvalin leið til að koma sér í gang! **2 vikna námskeið – 5x í viku.**

EXTRA 4X3 miðjuþjálfun og lóð
Mitti, mjaðmir, magi og handleggir Hákeyrslu brennsla! **Nýtt 12 tíma námskeið**

**Opið hús hjá JSB 6. - 20. janúar!**
**Tilboð á kortum í Opna kerfinu • Spennandi, nýir, heitir tímar,** sjá stundatöflu á jsb.is
**Frítt í prufutíma frá 6. - 20. jan • Vertu með í vetur!**

**Velkomin í okkar hóp!**

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is*

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
Gleðilegt nýtt bíóár!
TILNEFND TIL 3 GOLDEN GLOBE VERÐLAUNA, M.A BESTA MYNDIN
MY WEEK WITH MARILYN
midi.is
LÚXUS
TINKER TAILOR SOLDIER SPY
ÞRÆLMÖGNUÐ SPENNUMYND ÞAR SEM GARY OLDMAN FER Á KOSTUM!
The Sitter
VERSTA BARNAPÍA ALLRA TÍMA!
ALVIN OG ÍKORNARNIR 3
THE GIRL WITH THE DRAGON TATTOO
2 GOLDEN GLOBE TILNEFNINGAR

SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| TINKER TAILOR SOLDIER SPY | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| TINKER TAILOR SOLDIER SPY LÚXUS | KL. 5.20 -8 -10.40 | 16 |
| THE SITTER | KL. 6 - 8 - 10 | 14 |
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | KL. 5.50 - 8 -9 | 16 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| STÍGVÉLAÐIKÖTTURINN 3D | KL. 3.40 | L |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| MY WEEK WITH MARILYN | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | KL. 6.45 - 9 - 10 | 16 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 6 | L |
| JACK AND JILL | KL. 10.20 | L |
| ÆVINTÝRI TINNA | KL. 5.40 - 8 | 7 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE SITTER | KL. 8 - 10 | 14 |
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | KL. 6 - 9 | 16 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 6 | L |

facebook./smarabio • facebook./haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
GHOST PROTOCOL
THE GIRL WITH THE DRAGON TATTOO
The Sitter
Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM!

LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | |
|---|---|
| TINKER, TAILOR, SOLDIER, SPY | 7, 10 |
| THE SITTER | 8 |
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | 10 |
| MISSION IMPOSSIBLE | 7, 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNANIR | 4(700 kr), 6 |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | 4(950 kr) |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D | 4(950 kr) |

SAMBÍÓIN SAMbio.is
★★★★ STÆRRI BETRI FYNDNARI -EMPIRE
SHERLOCK HOLMES A GAME OF SHADOWS
★★★★ "Betri en sú fyrsta. Sjáðu hana núna, og þá helst í stórum sal." Kvikmyndir.is/Séð & Heyrt
TOM CRUISE, SIMON PEGG, PAULA PATTON OG JEREMY RENNER Í BESTU HASARMYND ÁRSINS!
80/100 BoxOffice Magazine
88/100 Chicago Sun Times
MISSION: IMPOSSIBLE GHOST PROTOCOL
NEW YEAR'S EVE
PUSS IN BOOTS
FJÖRFISKARNIR SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 kl. 5:20 - 8 - 10 - 10:40 - 10:50 | | 2D | 12 |
| SHERLOCK HOLMES 2 VIP kl. 5:20 - 8 - 10:40 | | 2D | VIP |
| NEW YEAR´S EVE kl. 3:30 - 5:50 - 8 - 8:20 - 10:30 | | 2D | L |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| HAROLD AND KUMAR Með texta | kl. 8(2D) | 2D | 16 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 3:20 | 2D | L |
| HAPPY FEET 2 M/ ísl. Tali | kl. 3:10 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| MISSION: IMPOSSIBLE 2 | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| NEW YEAR'S EVE | kl. 8 | 2D | L |
| FJÖRFISKARNIR | kl. 6 | 2D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN | kl. 6 | 3D | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| NEW YEAR´S EVE | kl. 8 - 10:30 | L |
| FJÖRFISKARNIR | kl. 6 | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 8 - 9:30 - 10:45 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR m/ísl tali | kl. 5:30 | 2D | L |
| NEW YEAR'S EVE | kl. 8 - 10:30 | 2D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl tali | kl. 5:50 | 3D | L |
| HAPPY FEET TWO m/ísl tali | kl. 5:10 | 2D | L |
| HAROLD & KUMAR 3D ótextuð | kl. 7:20 | 3D | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 3 - 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| NEW YEAR´S EVE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | L |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 3:30 | 3D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 8 - 10:50 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR | kl. 6 | 2D | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR | kl. 6 | 3D | L |

ALVÖRU FRÍÐINDI kynntu þér SAMbíóklúbbinn á SAMbio.is



**SVARTKLÆDDUR** Harry Lloyd leikur eiginmann forsætisráðherrans, Denis, þegar hann var ungur en hann er meðal annars þekktur fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum Game of Thrones.



**SILFURKJÓLL** Breska leikkonan Emilia Fox leikur ekki í myndinni en var mætt á frumsýninguna.



**VINSÆLL** Breski leikarinn Jim Broadbent var brosmildur. NORDICPHOTOS/GETTY

# Járnfrúin frumsýnd í London

**Kvikmyndin Járnfrúin eða The Iron Lady var frumsýnd með pompi og prakt í London í vikunni. Myndinni hefur verið beðið með nokkurri eftirvæntingu í Bretlandi en myndin fjallar um ævi og störf Margaret Thatcher, fyrstu konunnar sem varð forsætisráðherra Bretlands. Það er engin önnur en Meryl Streep sem leikur Thatcher og var henni vel fagnað af æstum aðdáendum þegar hún gekk rauða dregilinn. Það er breski leikarinn Jim Broadbent sem leikur eiginmann Thatcher, Denis.**



**BLÓMLEG** Leikkonan unga Alexandra Roach leikur Margaret Thatcher á sínum yngri árum.

**VINSÆL** Meryl Streep var vel fangað þegar hún mætti á frumsýninguna en henni þykir hafa tekist vel til í túlkun sinni á járnfrúnni, Margaret Thatcher.

# Þurftu að hætta í dagvinnunni

Hörður Kristbjörnsson. og félagi hans, Daníel Freyr Atlason, hafa sagt upp störfum hjá auglýsingafyrirtækinu Jónsson & Lemack's til að einbeita sér að vefsíðunni Live Project. Þriðji meðlimurinn, Benedikt Freyr Jónsson, ætlar að halda áfram í sinni dagvinnu.

„Við tókum skrefið og ákváðum að hætta í dagvinnunni og fara í þetta á fullu," segir Hörður. „Þetta var nauðsynlegt skref sem við þurftum að taka til að reyna að koma þessu á þann stað sem við viljum ná þessu, sem er að gera Live Project að samkeppnishæfri vöru úti um allan heim," segir Hörður, sem hefur starfað á Jónsson & Lemack's í þrjú ár. „Þetta er svolítið stökk út í djúpu laugina. En eins og við ákváðum var þetta núna eða aldrei."

Live Project er rauntíma myndbrota- og ljósmyndasíða þar sem allir geta deilt upplifun sinni í beinni útsendingu. Vefsíðan hefur verið notuð á Hróarskelduhátíðinni, Popaganda í Svíþjóð og Airwaves við mjög góðar undirtektir. Á síðastnefndu hátíðinni störfuðu fimmtán manns við síðuna, þar sem meðal annars var boðið upp á karókí á Kex Hostel fyrir gesti og gangandi. Hörður boðar framhald á þeirri hugmynd. „Við byrjuðum með þetta sem tilraun á Airwaves. Núna ætlum við að taka næsta skref og sjá hvort það er hægt að gera eitthvað almennilegt úr þessu karókí."



**HÆTTIR Í DAGVINNUNNI** Hörður Kristbjörnsson og Daníel Freyr Atlason eru hættir í dagvinnu vegna Live Project. Benedikt Freyr (lengst til vinstri) ætlar ekki að fara að dæmi þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hörður hét því síðast þegar Fréttablaðið ræddi við hann að kaupa Benz handa Daníel ef vefsíðan myndi slá í gegn. „Ég er búinn að vera að skoða nýjustu týpurnar. Þetta gæti allt farið að gerast," segir hann léttur. - fb

BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is
FÖSTUDAGUR: THIS MUST BE THE PLACE 17:50: 20:00, 22:10 ■ WE NEED TO TALK ABOUT KEVIN 22:00 ■ *Á ANNAN VEG* (ENGL. SUBS) 18:00 ■ ELDFJALL 18:00, 20:00 ■ SUPERCLASICO 20:00, 22:00 ■ PARTIR 18:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 20:00, 22:00
ÍSL. TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES.*
Bíó Paradís er nú hluti af EUROPA CINEMAS
THIS MUST BE THE PLACE SEAN PENN
ELDFJALL
SÝND Í NOKKRA DAGA VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA



**VILL FLEIRI KONUR** Meryl Streep segir að konur á sjötugsaldri verðskuldi meiri athygli á hvíta tjaldinu.

# Járnfrúin veitti innblástur

**Meryl Streep vonast til að kvikmyndin The Iron Lady verði til þess að leitað verði í auknum mæli til eldri kvenna og þær fengnar í aðalhlutverk í stórum kvikmyndum. Streep leikur fyrrum forsætisráðherra Breta, Margaret Thatcher, í myndinni og hefur fengið úrvalsdóma fyrir.**

**Streep sagði við fjölmiðla skömmu áður en myndin var frumsýnd í Bretlandi, í grenjandi rigningu og hávaðaroki, að áhorfendur vildu meiri breidd. „Í kringum þrjú hundruð myndir eru frumsýndar á hverju ári en aðeins nokkrar þeirra skarta konu á sjötugsaldri í aðalhlutverki, það er í engu samhengi við þær sögur sem þarna eru úti af konum á þessum aldri og ættu heima á hvíta tjaldinu.“**

# Anthony kominn með nýja

**Jennifer Lopez skartaði nýjum kærasta um jólin og leyfði papparössum að mynda sig í bak og fyrir með honum. Marc Anthony, sem frú Lopez skildi við á síðasta ári, var ekki lengi að svara fyrir sig og birti mynd af sér og nýrri kærustu, fyrirsætunni Shannon De Lima, á Facebook-síðu sinni.**

**De Lima, sem er frá Venesúela, á fjögurra ára gamlan son af fyrra sambandi og er ákaflega fræg í heimalandi sínu. Anthony sér varla sólina fyrir nýju ástinni í lífi sínu og kallar hana meðal annars Frelsisstyttuna sína á Twitter. Sonur Anthony af fyrra sambandi föður síns og Debbie Rosado notaði einnig Twitter til að óska pabba sínum til hamingju með sambandið.**



**ÁSTIN ER EINS OG...** sinueldur hjá Marc Anthony því hann er kominn með nýja upp á arminn, fyrirsætu frá Venesúela.

# Verðlaunatímabilið að hefjast

Fyrstu mánuðir nýs árs eru sælkeraveisla fyrir unnendur verðlaunamynda og strax um helgina verða frumsýndar tvær myndir sem hafa verið nefndar sem hugsanlegir kandídatar í Óskarsverðlaunakapphlaupinu.

Annars vegar er um að ræða Tinker Tailor Soldier Spy sem skartar mörgum af helstu leikurum Breta í aðalhlutverki, meðal annars Colin Firth, Gary Oldman, John Hurt og Tom Hardy, sumsé einvalalið. Leikstjóri er hinn sænski Tomas Alfredson sem gerði hina eftirminnilegu vampírumynd Låt den rätte komma in fyrir þremur árum. Alfredson er á öðrum slóðum í þessari mynd því Tinker Tailor Soldier Spy segir frá njósnaranum George Smiley sem er kallaður aftur til starfa eftir að hafa verið sestur í helgan stein. Hlutverk Smiley er að afhjúpa rússneskan njósnara innan MI6.

Hin myndin er My Week with Marilyn og hún er reyndar líka bresk, leikstýrð af Simon Curtis og skartar Kenneth Branagh, Judi Dench, Emmu Watson og Michelle Williams en Williams leikur sjálfa Marilyn Monroe. Myndin segir frá því þegar Monroe kom til Bretlands til að leika í kvikmyndinni The Prince and the Showgirl 1956 með Sir Laurence Oliver. Hún var þá nýgift leikritaskáldinu Arthur Miller sem fylgdi henni á tökustað en varð síðan að snúa aftur heim. Monroe leitaði þá til Colins Clark, sem var óbreyttur aðstoðarmaður á tökustað, og hann sýndi henni dæmigerðan breskan lífsstíl og hjálpaði henni að flýja stjörnulífernið um stundarsakir. **- fgg**



**BRESK VEISLA** Kvikmyndirnar My Week with Marilyn og Tinker Tailor Soldier Spy verða frumsýndar um helgina. Sú fyrrnefnda fjallar um Marilyn Monroe þegar hún dvaldi í Bretlandi en Tinker Tailor segir frá leit njósnara að rússneskum svikara á tímum kalda stríðsins.



# sport

sport@frettabladid.is

**10 DAGAR** EM í handbolta 2012

**ÍSLAND** hefur einu sinni náð að verða efst af Norðurlandaþjóðunum á EM en það var þegar Strákarnir okkar náðu bronsinu á EM í Austurríki 2010. Danir höfðu þá verið efstir frændþjóðanna á þremur Evrópukeppnum í röð (gull 2008, brons 2006 og 2004) en Svíar voru efstir Norðurlandaþjóðanna á fyrstu fimm Evrópumótunum. Norðurlandaþjóð hefur unnið verðlaun á öllum EM nema 1996.

## KARFAN Í GÆR

### Iceland Express deild karla

**Fjölnir-Stjarnan 77-78 (44-39)**

**Stig Fjölnis:** Nathan Walkup 28 (11 frák.), Calvin O'Neal 18 (6 fráköst/5 stoðs.), Jón Sverrisson 15 (14 frák./3 varin), Arnþór Freyr Guðmundsson 7, Trausti Eiríksson 4, Björgvin Hafþór Ríkharðsson 3, Hjalti Vilhjálmsson 2.

**Stig Stjörnunnar:** Justin Shouse 21, Guðjón Lárusson 18, Fannar Freyr Helgason 13, Keith Cothran 12, Marvin Valdimarsson 9, Sigurjón Örn Lárusson 5. Justin skoraði sigurkörfuna.

**Grindavík-Njarðvík 73-65 (40-32)**

**Stig Grindavíkur:** J'Nathan Bullock 24, Ólafur Ólafsson 15 (11 fråk./6 stoðs.), Sigurður Gunnar Þorsteinsson 12, Giordan Watson 6 (7 frák./6 stoðs.), Þorleifur Ólafsson 6, Björn Steinar Brynjólfsson 5, Ómar Örn Sævarsson 3, Jóhann Árni Ólafsson 2.

**Stig Njarðvíkur:** Cameron Echols 22, Travis Holmes 17 (13 frák.), Elvar Már Friðriksson 7, Hjörtur Hrafn Einarsson 6, Maciej Stanislav Baginski 5, Ólafur Helgi Jónsson 4, Jens Valgeir Óskarsson 4.

**Tindastóll-Snæfell 99-100 (36-42, 81-81)**

**Stig Tindastóls:** Helgi Rafn Viggósson 22, Maurice Miller 19 (11 frák./11 stoðs.), Curtis Allen 19, Friðrik Hreinsson 14, Þröstur Leó Jóhannsson 11, Svavar Atli Birgisson 10, Myles Luttman 2, Hreinn Gunnar Birgisson 2.

**Stig Snæfells:** Quincy Hankins-Cole 26 (11 frák.), Jón Ólafur Jónsson 24, Marquis Sheldon Hall 15 (6 stoðs./5 stolnir), Hafþór Ingi Gunnarsson 9, Óskar Hjartarson 9, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 8, Ólafur Torfason 7, Sveinn Arnar Davidsson 2. Óskar tryggði Snæfelli sigur á vítalínunni.

**Valur-Þór Þorlákshöfn 73-90 (36-43)**

**Stig Vals:** Garrison Johnson 23, Birgir Björn Pétursson 14, Hamid Dicko 14, Snorri Þorvaldsson 8, Austin Magnus Bracey 7, Ragnar Gylfason 4, Benedikt Blöndal 3.

**Stig Þór Þorlákshöfn:** Matthew James Hairston 25 (14 frák.), Darrin Govens 25, Guðmundur Jónsson 18, Baldur Þór Ragnarsson 7, Blagoj Janev 7, Þorsteinn Már Ragnarsson 4, Darri Hilmarsson 4.

**Haukar-KR 74-82 (41-39)**

**Stig Hauka:** Hayward Fain 18, Christopher Smith 16 (12 frák./3 varin), Haukur Óskarsson 13, Davíð Páll Hermannsson 9, Emil Barja 9 (8 frák./6 stoðs.), Helgi Björn Einarsson 4, Sævar Ingi Haraldsson 3, Guðmundur Kári Sævarsson 2.

**Stig KR:** Joshua Brown 26, Emil Þór Jóhannsson 17, Robert Lavon Ferguson 17, Skarphéðinn Freyr Ingason 8, Jón Orri Kristjánsson 6, Finnur Atli Magnusson 5, Ólafur Már Ægisson 3.

**ÍR-Keflavík 84-95 (40-42)**

**Stig ÍR:** Nemanja Sovic 26 (10 frák.) James Bartolotta 18, Robert Jarvis 16, Hjalti Friðriksson 10, Ellert Arnarson 7, Kristinn Jónasson 3, Eiríkur Önundarson 3, Þorvaldur Hauksson 1.

**Stig Keflavíkur:** Charles Michael Parker 34, Steven Gerard Dagustino 19, Jarryd Cole 16, Magnús Þór Gunnarsson 10, Valur Orri Valsson 7, Almar Stefán Guðbrandsson 6, Hafliði Már Brynjarss.3.

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Grindavík** | **10** | **9** | **1** | **878-750** | **18** |
| Stjarnan | 10 | 8 | 2 | 919-851 | 16 |
| **Keflavík** | **10** | **7** | **3** | **921-862** | **14** |
| KR | 10 | 6 | 4 | 849-864 | 12 |
| **Þór Þ.** | **10** | **6** | **4** | **864-825** | **12** |
| ÍR | 10 | 5 | 5 | 877-883 | 10 |
| **Fjölnir** | **10** | **5** | **5** | **858-878** | **10** |
| Snæfell | 10 | 4 | 6 | 963-943 | 8 |
| **Njarðvík** | **10** | **4** | **6** | **835-858** | **8** |
| Tindastóll | 10 | 4 | 6 | 838-879 | 8 |
| **Haukar** | **10** | **2** | **8** | **782-864** | **4** |
| Valur | 10 | 0 | 10 | 767-894 | 0 |

# HEIÐAR Í HÓP HINNA ÚTVÖLDU

**Heiðar Helguson er aðeins sjöundi knattspyrnumaðurinn sem er valinn íþróttamaður ársins í 56 ára sögu kjörsins. „Óvænt og mikil ánægja," segir Heiðar sem átti ekki einu sinni von á því að vera tilnefndur.**

**ÍÞRÓTTAMAÐUR ÁRSINS** Heiðar Helguson var í gær útnefndur íþróttamaður ársins 2011 af Samtökum íþróttafréttamanna. Heiðar hlaut 229 stig í kjörinu, 30 stigum meira en spjótkastarinn Ásdís Hjálmsdóttir sem varð í öðru sæti. Þetta var í 56. sinn sem íþróttamaður ársins er valinn en Heiðar er fyrsti knattspyrnumaðurinn sem hlýtur útnefninguna síðan Margrét Lára Viðarsdóttir var valin árið 2007. Hann er sjöundi knattspyrnumaðurinn frá upphafi sem verður fyrir valinu.

Hann var vitanlega hæstánægður með viðurkenninguna en segir að hann hafi ekkert leitt hugann að því hvort hann taldi sig eiga möguleika áður en listi yfir þá tíu sem flest atkvæði fengu í kjörinu var birtur í fjölmiðlum á aðfangadag. „En þá vildi maður auðvitað vinna þetta," sagði hann. „En ég get ekki sagt að þetta sé eitthvað sem ég átti nokkru sinni von á að fá. Þetta var því óvænt og mikil ánægja. Ég er stoltur af þessari útnefningu og þetta fer nálægt því að vera toppurinn á mínum ferli."



**STOLTUR OG ÁNÆGÐUR** Heiðar Helguson með styttuna góðu þegar hann tók við henni í Lundúnum fyrr í vikunni.

### Besta árið á ferlinum

Heiðar átti mjög góðu gengi að fagna á árinu 2011. Lið hans, Queens Park Rangers, bar sigur úr býtum í ensku B-deildinni í vor og vann sér um leið sæti í ensku úrvalsdeildinni. Heiðar er þar markahæsti leikmaður liðsins með sjö mörk en hann skoraði einnig mikið á síðari hluta síðasta tímabils. „Ég held að með þessari útnefningu sé árið 2011 orðið það besta hingað til á ferlinum," segir Heiðar um afrek hins nýliðna árs.

Hann segir að það standi upp úr á knattspyrnuferlinum að hafa komist upp í úrvalsdeildina með QPR eftir nokkur skrautleg ár hjá félaginu. Heiðar samdi við það sem lánsmaður frá Bolton í nóvember árið 2008, skoraði mikið og var svo keyptur í janúar 2009. Félagið gekk í gegnum miklar breytingar á næstu árum og Heiðar fékk ekki alltaf að spila eins mikið og hann vildi. Hann var til að mynda lánaður í tvígang til Watford, sem hann lék með frá 2000 til 2005.

„Það var toppurinn að komast upp. Ég hef eytt meirihlutanum af mínum ferli í þessari deild og eiginlega aldrei áður tekið í toppbaráttunni. Það hafði reynst erfitt fyrir QPR að komast upp, sérstaklega eftir ruglið sem gekk á síðustu 2-3 ár á undan. Það var í raun algjör sirkus," segir Heiðar en hann hrósar Neil Warnock, núverandi knattspyrnustjóra, mikið en hann tók við liðinu í mars árið 2010. „Hann náði að snúa gengi liðsins við á aðeins fjórtán mánuðum og kom því upp í úrvalsdeildina."

### Átti að fá fleiri ár í úrvalsdeildinni

Heiðar kom fyrst til Englands í janúar árið 2000 eftir að hafa verið í tvö ár hjá Lilleström í Noregi. Þá samdi hann við Watford sem var nýliði í ensku úrvalsdeildinni. Liðið féll þó um vorið og Heiðar var í ensku B-deildinni þar til að hann var keyptur til Fulham árið 2005. Tveimur árum síðar samdi hann við Bolton en meiðsli hrjáðu hann mikið á þessum árum.

„Mér finnst að ég hefði átt að fá fleiri ár í ensku úrvalsdeildinni. Ég spilaði mismikið á þeim 4-5 árum sem ég var í henni og ef ég hefði ekki meiðst er aldrei að vita hvað hefði gerst," sagði Heiðar sem segist þó ekki sjá eftir neinu. „Það þýðir ekkert að ætla að breyta einhverju eftir á. Ég hef tekið mínar ákvarðanir og þarf að standa með þeim."

Heiðar er nýbúinn að framlengja samning sinn við QPR til loka tímabilsins 2013. Hann segist ekki vita hvað taki við þá. „Ef maður hefur heilsu og áhuga til að halda áfram þá gerir maður það," sagði hann og útilokaði ekki að starfa áfram í knattspyrnuheiminum. „Ég hef verið að fara á þjálfaranámskeið en framhaldið er þó óákveðið."

### Gott að hafa fjölskylduna

Heiðar býr í Lundúnum með eiginkonu sinni, Eik Gísladóttur og þremur sonum. Hann segir gott að hafa fjölskylduna með sér. „Hún hefur ávallt gefið mér mjög mikið. Sama hvernig gengur í fótboltanum þá er fjölskyldulífið alltaf eins – það þarf að vakna með strákunum og fara með þá í skólann. Það breytist ekki og heldur manni á jörðinni," sagði íþróttamaður ársins 2011.

eirikur@frettabladid.is

**Þessir fengu atkvæði í kjöri íþróttamanns ársins 2011**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Heiðar Helguson (knattspyrna) | 229 stig | 16.-17. Thelma Rut Hermannsd. (fiml.) | 20 |
| 2. Ásdís Hjálmsdóttir (frjálsíþróttir) | 199 | 18. Eygló Ósk Gústafsdóttir (sund) | 15 |
| 3. Jakob Örn Sigurðarson (körfubolti) | 161 | 19. Alexander Petersson (handb.) | 10 |
| 4. Sara Björk Gunnarsdóttir (knattsp.) | 145 | 20.-22. Hlynur Bæringsson (körfub.) | 6 |
| 5. Kolbeinn Sigþórsson (knattspyrna) | 137 | 20.-22. Jakob J. Sveinsson (sund) | 6 |
| 6. Þóra B. Helgadóttir (knattspyrna) | 134 | 20.-22. Margrét L. Viðarsd. (knattsp.) | 6 |
| 7. Aron Pálmarsson (handbolti) | 109 | 23. Jón M. Sverrisson (íþr. fatlaðra) | 5 |
| 8. Kári Steinn Karlsson (frjálsíþr.) | 79 | 24.-26. Annie Mist Þórisdóttir (lyftingar) | 4 |
| 9. Anna Úrsúla Guðm. (handbolti) | 74 | 24.-26. Ragna Ingólfsdóttir (badminton) | 4 |
| 10. Ólafur B. Loftsson (golf) | 65 | 24.-26. Karen Axelsdóttir (þríþraut) | 4 |
| 11. Þormóður Jónsson (júdó) | 52 | 27.-29. Erla Dögg Haraldsd. (sund) | 3 |
| 12. Björgvin Páll Gústavsson (handb.) | 34 | 27.-29. Björgvin Björgvinsson (skíði) | 3 |
| 13. Arnór Atlason (handbolti) | 28 | 27.-29. Aðalheiður R. Harðard. (karate) | 3 |
| 14. Hafþór Harðarson (keila) | 27 | 30. Karen Knútsdóttir (handbolti) | 2 |
| 15. Hrafnhildur Ósk Skúlad. (handb.) | 21 | 31. Jóhann Skúlason (hestaíþr.) | 1 |
| 16.-17. Snorri S. Guðjónsson (handb.) | 20 | | |

## krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is




***Ísold Ylfa Schweitz Jakobsdóttir*** söng sig inn í hjörtu Íslendinga í lokalagi Áramótaskaupsins.

**Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins**

Arnór Atlason er bjartsýnn á að hann verði með á EM þrátt fyrir meiðsli:

# Ég hef engar áhyggjur af þessu

**HANDBOLTI** Líkamlegt ástand leikmanna handboltalandsliðsins er nokkuð gott og nánast enginn að glíma við meiðsli sem þarf að hafa áhyggjur af.

Helsta áhyggjuefnið er Arnór Atlason sem hefur verið að glíma við brjósklos í talsverðan tíma og er alls ekki nógu góður í bakinu. Alexander Petersson og Ingimundur Ingimundarson eru einnig að glíma við meiðsli.

„Ég finn alveg að ég þarf aðeins að passa mig. Ég er þess utan nýstiginn upp eftir að hafa tognað í kálfa. Ég hef nú minni áhyggjur af því og meiri áhyggjur af bakinu. Það er líka langt síðan ég hef verið í alvöru átökum og ég hef aðeins fundið fyrir því á æfingunum," sagði Arnór sem efast samt ekkert um að hann verði í nógu góðu standi til þess að taka þátt á EM.

„Ég er mjög bjartur á að ég verði með. Annars væri ég ekki að taka þátt í undirbúningnum. Ég þarf samt að passa upp á að fara ekki fram úr sjálfum mér. Ég læt reyna betur á mig í þessum leikjum um helgina og veit betur hvar ég stend eftir þá leiki."

Arnór er ekki í mikilli leikæfingu eftir að hafa aðeins spilað einn leik í síðasta mánuði.

„Mér leið vel í þeim leik og spilaði aðeins sóknarleikinn. Ég gat skotið og leið vel á eftir," sagði Arnór en hvað með varnarleikinn?

„Ég held ég geti vel staðið vörn. Ég hef engar áhyggjur af þessu og held ég verði flottur. Það er alltaf hvíld á milli leikja á EM sem ég get nýtt vel í meðferð. Ég fer ekki í nein maraþonhlaup á þeim dögum," sagði Akureyringurinn Arnór Atlason. - hbg



**HARÐUR** Arnór er slæmur í bakinu en ætlar að spila á EM. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Jói útherji

www.joiutherji.is

# ÚTSALA – ÚTSALA

ÚTSALAN HEFST Í DAG. FRÁBÆR AFSLÁTTUR

| Takkaskór frá Adidas og Nike 10 – 50% afsláttur | Fótboltar frá adidas Mitre Nike 10 – 30% afsláttur | Allir körfubolta- og handboltaskór 30 – 50% afsláttur |
| --- | --- | --- |





10% afsláttur af öllum erlendum treyjum á meðan útsölu stendur

Gamlar treyjur á hlægilegu verði á útsölunni  takmarkað magn



Mitre Ultimax – alvöru keppnisbolti á tilboðsverði

Fullt verð kr. 14.990.- Tilboð kr. 8.990.- á útsölu.



Fótboltatreyjur á 1.000.- fínar í hádegisboltann ☺



Legghlífar og markmannshanskar 20 – 50% afsláttur

Opið laugardag frá 11:00 til 16:00

Jói útherji

www.joiutherji.is

Ármúla 36 105 Reykjavík – www.joiutherji.is s. 588 1560

## > Stöð 2 kl. 19.45
### Spurningabomban

***Logi Bergmann mætir ferskur á nýju ári með sannkallaða áramótabombu. Þátturinn í kvöld er lengri og stærri í sniðum en vanalega og það er óhætt að lofa miklu fjöri. Liðin eru þrjú að þessu sinni og öll skipuð keppendum sem eru í senn orðheppnir, fyndnir og fjörugir.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON SPYR SIG SPURNINGA
# *Myndu ekki allir horfa á þetta?*

Eins undarlega og það kann að hljóma eru Bretarnir snillingar í að búa til matreiðsluþætti því bresk matargerð þykir ekki merkilegur pappír; spælt egg og beikon, fiskur og franskar og kjötbökur. Nigella og Jamie Oliver eru í sérflokki, Gordon Ramsay ekki langt undan.

Come Dine with Me er hins vegar snilldarhugmynd frá Channel 4 þar sem meistarataktar eru ekki nauðsynlegir heldur nægir ástríðan fyrir matargerð. Áhugakokkum gefst færi á að taka þátt í matreiðslukeppni, bjóða keppinautum sínum heim, gefa þeim vín og sinn besta rétt. Andstæðingarnir fá síðan að dæma frammistöðu kokksins og sá sem stendur sig best fær lítil peningaverðlaun. Undir niðri hljómar svo rödd Davids Lamb, fremur kaldhæðins grínista sem hefur litla þolinmæði fyrir getuleysi keppenda.

Come Dine with Me myndi sameina eftirlætisiðju íslensku þjóðarinnar, að borða, drekka og fá að skyggnast inn á heimili fólks. Stórar matvöruverslanir og áfengisbirgjar myndu glaðir kosta slíka þáttagerð og það er til haugur af fólki sem myndi ekki hika við að láta ljós sitt skína fyrir framan tökuvélarnar. Fyrst og fremst yrði þetta fullkomið sjónvarpsefni þar sem íslenska þjóðin fengi loks skjalfest hvernig hið dæmigerða matarboð er – ekki.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskalögin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Tónlistarklúbburinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Úr Bernskunni **15.25** Ég er ekki að grínast **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Hoppa álfar hjarni á **20.00** Leynifélagið **20.30** Eilífðar smáblóm: Þjóðsöngvar um víða veröld **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.00** Víðáttan endalausa **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.40 Mumbai kallar** (7:7) (Mumbai Calling) (e)
**16.05 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**16.45 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**17.25 Otrabörnin** (39:41)
**17.50 Heillakarlinn** (1:13) (Good Luck Charlie)
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Hvað veistu? - Látum líta á genin** (Viden om: Test selv dine gener)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Útsvar (Seltjarnarnes - Skagafjörður)** Spurningakeppni sveitarfélaga. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir.
**21.20 Elsku Frankie** (Dear Frankie) Kona skrifar syni sínum fjölmörg bréf í nafni pabba hans og ræður svo ókunnugan mann til að þykjast vera pabbinn þegar þeir hittast.
**23.05 Barnaby ræður gátuna – Skotinn í dögun** (Midsomer Murders: Shot at Dawn) Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við dularfull morð í ensku þorpi.
**00.40 Stúlkan í garðinum** (The Girl in the Park) Bandarísk bíómynd frá 2007. Fimmtán árum eftir að þriggja ára dóttur hennar var rænt rekst Julia Sandburg á stúlku og leyfir sér að vona að þar sé týnda dóttirin komin aftur. Leikstjóri er David Auburn og meðal leikenda eru Sigourney Weaver, Kate Bosworth og Alessandro Nivola.
**02.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 National Lampoon's Christmas Vacation**
**10.00 Step Brothers**
**12.00 Dr. Dolittle: Million Dollar Mutts**
**14.00 National Lampoon's Christmas Vacation**
**16.00 Step Brothers**
**18.00 Dr. Dolittle: Million Dollar Mutts**
**20.00 Everybody's Fine**
**22.00 Mystic River**
**00.15 One Night with the King**
**02.15 Ne le dis à personne**
**04.25 Mystic River**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Í fínu formi**
**08.30 Oprah**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (27:175)
**10.15 Ramsay's Kitchen Nightmares** (1:4)
**11.05 Off the Map** (8:13)
**11.50 Glee** (1:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The Big Bounce** Gamanmynd með Charlie Sheen, Owen Wilson og Morgan Freeman sem fjallar um brimbrettakappa (Wilson) og smáglæpamann sem fer til Hawaii í leit að nýjum tækifærum. Þar fær hann vinnu við að annast virðulegan eldri dómara en kynnist um leið þokkadís sem er unnusta ríkisbubba. Nú þarf hann að velja hvort hann ætlar að halda sig frá vandræðum, stela stelpunni frá þeim ríka eða einfaldlega ræna hann.
**14.40 Friends** (14:24)
**15.05 Sorry I've Got No Head**
**15.35 Ævintýri Tinna**
**16.00 Tricky TV** (1:23)
**16.25 Mamma Mu**
**16.35 Hello Kitty**
**16.45 Krakkarnir í næsta húsi**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (8:23)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (14:23)
**19.45 Spurningabomban** (11:11)
**20.50 Austin Powers. The Spy Who Shagged Me**
**22.25 Bug** Spennandi hrollvekja um unga konu sem á sér skelfilega fortíð en telur sig vera örugga á niðurnídda hótelinu sem hún býr og starfar. Hún kynnist manni og þau stofna til ástarsambands en fljótlega fara hlutir að gerast sem benda til þess að ekki sé allt með felldu.
**00.05 Joe's Palace**
**01.55 Max Payne**
**03.35 The Big Bounce**
**05.00 The Simpsons** (8:23)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**18.15 Meistaradeild Evrópu: Chelsea - Genk** Útsending frá leik Chelsea og Genk í Meistaradeild Evrópu.
**20.00 FA Cup - Preview Show**
**20.30 La Liga Report**
**21.00 Kings Ransom** Einstök heimildarmynd um óvænta sölu íshokkístjörnunnar Wayne Gretzky frá Edmonton Oilers til Los Angeles Kings árið 1988.
**21.55 UFC 116** Útsending frá UFC 116 en þangað mættu margir af snjöllustu og færustu bardagamönnum heims í þessari mögnuðu íþrott.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.30 Sunnudagsmessan**
**16.50 Liverpool - Newcastle**
**18.40 Tottenham - Chelsea**
**20.30 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.00 PL Classic Matches: Nottingham Forest - Man. Utd.**
**21.30 Premier League World**
**22.00 PL Classic Matches: West Ham - Bradford, 1999**
**22.30 Fulham - Arsenal**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** (21:175)
**20.15 The Closer** (3:15) Sjötta serían af þessum hörkuspennandi þætti sem er einn af allra vinsælustu þáttunum á kapalstöðvunum í Bandaríkjunum. Kyra Sedgwick hefur verið tilnefnd til Golden Globe verðlauna sex ár í röð fyrir túlkun sína á yfirlögreglukonunni Brendu Leigh Johnson sem stöðugt þarf að glíma við íhaldssemi og ofríki karlanna í lögreglunni.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Human Target** (9:13)
**22.35 NCIS. Los Angeles** (3:24)
**23.20 Breaking Bad** (8:13)
**00.10 The Closer** (3:15)
**00.55 The Doctors** (21:175)
**01.35 Fréttir Stöðvar 2**
**02.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.45 America's Next Top Model** (4:13) (e)
**16.35 Rachael Ray**
**17.20 Dr. Phil**
**18.05 Cherry Goes Parenting** (e)
**18.55 Being Erica** (8:13)
**19.45 Will & Grace** (7:25) (e)
**20.10 Live To Dance** (1:8) Það er söng- og dansdívan Paula Abdul sem er potturinn og pannan í þessum skemmtilega dansþætti þar sem 18 atiði keppa um hylli dómaranna og 500.000 dala verðlaun. Áheyrnarprufur fyrir keppnina eru að hefjast og ballið byrjar í Los Angeles. Til að komast áfram þarf hvert atriði að fá allavega tvær gullstjörnur af þremur mögulegum frá dómurunum Paulu Abdul, Kimberly Wyatt og Travis Payne.
**21.00 Minute To Win It** Einstakur skemmtiþáttur undir stjórn þúsundþjalasmiðsins Guy Fieri. Þátttakendur fá tækifæri til að vinna milljón dollara með því að leysa þrautir sem í fyrstu virðast einfaldar.
**21.45 HA?** (15:31) Best of þáttur.
**22.35 Jonathan Ross** (7:19) Kjaftfori séntilmaðurinn Jonathan Ross er ókrýndur konungur spjallaþáttanna í Bretlandi. Jonathan er langt í frá óumdeildur en í hverri viku fær hann til sín góða gesti. Seth Rogen, Michael Bublé og David Williams eru gestir Jonathans að þessu sinni.
**23.25 30 Rock** (19:23) (e)
**23.50 Flashpoint** (1:13) (e)
**00.40 Whose Line is it Anyway?** (e)
**01.30 Real Hustle** (8:8) (e)
**01.55 Smash Cuts** (7:52) (e)
**02.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.40** Golfing World **08.30** Golfing World **09.20** Opna breska meistaramótið 2011 (4:4) **16.20** Golfing World **17.10** ADT Skills Challenge (1:1) **21.10** PGA TOUR Year-in-Review 2011 (1:1) **22.05** Inside the PGA Tour (1:45) **22.30** Tournament of Champions 2012 (1:4) **03.00** ESPN America

## N4

**18.00** Föstudagsþátturinn

## BBC entertainment

**06.25** ‚Allo ‚Allo! **06.55** The Weakest Link **07.40** The Vicar of Dibley **09.40** Jane Eyre **10.35** Come Dine With Me **12.15** My Family **12.45** Dara O'Briain Live at the Theatre Royal **13.35** Top Gear **14.30** The Vicar of Dibley **16.30** QI **17.30** Top Gear **18.25** Dara O'Briain Live at the Theatre Royal **19.20** Come Dine With Me **20.10** QI **21.10** Top Gear **22.00** Lee Evans Big Tour **22.50** Live at the Apollo **23.35** QI **00.05** QI **00.35** Lee Evans Big Tour **01.25** Live at the Apollo **02.10** The Graham Norton Show **02.55** The Weakest Link

## DR 1

**10.30** Forandring på vej **11.00** Skattejægerne **12.00** DR Update - nyheder og vejr **12.10** Lægeambulancen **13.00** Aftenshowet **13.55** Downton Abbey **15.00** DR Update - nyheder og vejr **15.10** Downton Abbey **16.00** Postmand Per **16.15** Timmy-tid **16.25** Det kongelige spektakel **16.40** Bamses Lillebitte Billedbog **17.00** Rockford **17.50** DR Update - nyheder og vejr **18.00** Hammerslag **18.30** TV Avisen med Sport og Vejret **20.00** X Factor **21.00** TV Avisen **21.30** 16 Blocks **23.05** Hollywood Homicide

## NRK 1

**11.05** Dallas **11.50** Filmavisen **12.00** NRK nyheter **12.10** Schrödingers katt **12.40** Urix **13.00** NRK nyheter **13.05** I Nansens fotspor **14.00** NRK nyheter **14.05** Den største elgen i verda **15.00** NRK nyheter **15.10** Ut i naturen **15.30** V-cup hopp kvinner **16.00** NRK nyheter **16.10** Sport i dag **16.25** Hoppuka **18.25** V-cup skiskyting **18.40** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen **19.40** Norge rundt **20.05** Popstokk **20.55** Nytt på nytt **21.25** Førstebetjent Banks **23.00** Kveldsnytt **23.15** Game of Thrones

## SVT 1

**09.00** Rapport **09.05** Stjärnorna på slottet **10.05** Fredriksdalsteatern 2011. Viva la Greta **12.05** Rapport **12.10** Helt hysteriskt 20 år **12.40** Eldkvarn på Cirkus **14.10** Vasa 1628 **15.05** Anslagstavlan **15.10** En idiot på resa **15.55** Rapport **16.00** En komikers arbetslivserfarenhet **16.30** Kenny Begins **17.55** Sportnytt **18.00** Rapport **18.10** Två hungriga italienare **19.10** Semester, semester, semester **19.30** Rapport **19.45** Humor godkänd av staten **20.00** På spåret **21.00** Twilight. New Moon **23.10** American teen

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




STEINI / PÉSI
& GAUR Á TROMMU

Laugardagur 07.01.2012 22:30
Föstudagur 13.01.2012 22:30
Föstudagur 27.01.2012 22:30

GAMLA BÍÓ LEIKHÚS

Miðasala á gamlabio.is og midi.is. Sími 563 4000.
Opið mán.-mið. 14:00-18:00 og fim.-sun. 14:00-20:00.

# RÝMINGARSALA

OG OPIÐ ALLA HELGINA

## LOKSINS SPORTBÚÐARÚTSALA
## SPORTBÚÐIN FLYTUR OG ALLT Á AÐ SELJAST

- BYSSUSKÁPAR Á MIKLUM AFSLÆTTI
- FLUGUSTANGIR Á ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
- RIFFLAR Á GRÍÐARLEGUM AFSLÆTTI
- VÖÐLUR Á STÓRFENGLEGUM AFSLÆTTI
- SPÚNAR Á SVÍVIRÐILEGUM AFSLÆTTI
- GÆSAGALLAR Á LYGILEGUM AFSLÆTTI
- HAGLABYSSUR Á ÓHEYRILEGUM AFSLÆTTI
- GERVIGÆSIR Á MÖGNUÐUM AFSLÆTTI
- HAGLASKOT Á SMÁAFSLÆTTI
- VEIÐIJAKKAR Á OFSAFENGNUM AFSLÆTTI
- FLUGULÍNUR Á SVAKALEGUM AFSLÆTTI
- VEIÐIHJÓL Á HRIKALEGUM AFSLÆTTI
- FULLT AF ALLSKONAR Á HÁLFVIRÐI

## OPIÐ TIL 18 FÖSTUDAG
## 10 TIL 16 Á LAUGARDAG
## OG 10 TIL 16 Á SUNNUDAG

## AUÐVELDAÐU OKKUR FLUTNINGINN OG HJÁLPAÐU OKKUR VIÐ AÐ TÆMA BÚÐINA

*Sportbúðin flytur í febrúar frá Krókhálsi 5 og opnar í mars að Krókhálsi 4.*

**SPORTBÚÐIN**

KRÓKHÁLSI 5 - 110 REYKJAVÍK - SÍMI 517 8050

*Í leiðinni úr bænum*

OPIÐ ALLA HELGINA - 10 TIL 16

## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér stundum Cheerios og appelsínu, en yfirleitt borða ég ekki morgunmat.“*

Óli Dóri, stjórnandi tónlistarþáttarins Straumur á X-inu.

# Nígeríusvindlarar herja á Elízu

„Það er svolítið langsótt að ég færi að senda póst út um allt ef ég myndi lenda í vandræðum. Ég myndi frekar hringja í pabba,“ segir Elíza Geirsdóttir Newman.

Tónlistarkonan lenti í því óskemmtilega atviki að brotist var inn í pósthólfið hennar og sendur út falskur póstur undir hennar nafni þar sem óskað var eftir fjárframlögum. Elíza átti að hafa verið í ferðalagi í Barcelona á Spáni og hafði tapað öllum farangrinum sínum, þar á meðal peningunum. „Allt í einu byrjuðu allir að hringja í mig og senda mér hundrað pósta og tékka hvort það væri ekki alveg örugglega allt í lagi með mig,“ segir hún.

Fréttablaðið sagði frá því í október þegar Ásmundur Jónsson, útgáfustjóri Smekkleysu, lenti í sams konar Nígeríusvindli en þá átti hann að hafa verið á ferðalagi í Madríd í stað Barcelona. „Þetta var svolítið stress fyrst. Það þurfti að fara í gegnum allar vefsíðurnar mínar og breyta öllum lykilorðum. Ég er að vona að þetta sé komið í lag núna,“ segir Elíza. Þetta er í fyrsta sinn sem hún lendir í svona löguðu en bróðir hennar lenti í þessu fyrir hálfu ári.

Elíza, sem er búsett í London, er með sína þriðju sólóplötu í smíðum sem kemur út í tveimur útgáfum. Sú fyrri verður á íslensku en sú síðari á ensku. „Það hafa verið einhver brot á plötunum mínum á íslensku en ekki heilu textarnir, ekki síðan ég var í Kolrössu,“ segir hún og býst við að fylgja plötunni eftir með tónleikaferð um Ísland í sumar og í framhaldinu ferðast hún um Evrópu. -fb



**HRINGIR FREKAR Í PABBA** Elíza Geirsdóttir Newman hringir frekar í pabba sinn ef hún lendir í vandræðum í stað þess að senda tölvupóst út um allt.


**Nýlistasafnið auglýsir eftir verkum að láni eftir listakonuna Myriam Bat-Yosef vegna sýningar sem opnar í safninu í lok janúar.**



Öll verk verða tekin til skoðunar en sérstaklega er lýst eftir þrívíðum, máluðum hlutum (Painted objects).

Töluvert var af slíkum verkum á sýningu í Norræna húsinu árið 1971. Allir þeir sem vita um verk eftir Bat-Yosef í einkaeigu, vinsamlega hafið samband við Nýlistasafnið nylo@nylo.is sími 551-4350 eða Gunnhildi Hauksdóttur gunnhildur@nylo.is sími 843-6576



ÚTSALA
38
ÞREP
Laugavegi 49 / sími 561 5813



LÁRA SVEINSDÓTTIR ÁSAMT DJASSHLJÓMSVEIT ÚLFS ELDJÁRNS KYNNA:




SUNNUDAGINN 8. JANÚAR KL. 16:00
OG
FÖSTUDAGINN 13. JANÚAR KL. 22:00
MIÐASALA: WWW.MIDI.IS OG Í SÍMA: 551 1200




**GERIST FRAMKVÆMDASTJÓRI** Sigtryggur Baldursson tekur við starfi framkvæmdastjóra ÚTÓN 1. febrúar næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

SIGTRYGGUR BALDURSSON: ÉG ER FÍNN Í AÐ TALA VIÐ FÓLK

# Bogomil Font gerist framkvæmdastjóri ÚTÓN

„Ég geri mitt besta í þessu,“ segir tónlistarmaðurinn Sigtryggur Baldursson sem tekur 1. febrúar við starfi framkvæmdastjóra Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar, ÚTÓN. Fréttablaðið greindi frá því fyrir áramót að þetta væri í bígerð og í gærmorgun gekk stjórn ÚTÓN frá ráðningunni.

„Það góða við þetta er að ég er að ganga inn í mjög gott batterí sem er mjög vel skipulagt og virkar vel. Það finnst mér skemmtilegast við þetta. Þetta gerir mikið gagn og vonandi kemur þetta til með að gera ennþá meira gagn í náinni framtíð,“ segir Sigtryggur, sem er ráðinn tímbundið til hálfs árs. Eftir það verður tekin ákvörðun með framhaldið.

Aðspurður hvort þetta verði ekki þægilegt skrifstofustarf segir Sigtryggur, sem er einnig þekktur sem Bogomil Font, að sú sé ekki raunin nema að litlu leyti. „Þetta er auðvitað skrifstofustarf en gengur líka út á upplýsingamiðlun og -öflun. Þetta gengur að stórum hluta út á að tala við fólk og ég er fínn í því.“

Sigtryggur er enn einn Sykurmolinn sem festir rætur, ef svo má segja, í góðri skrifstofuvinnu. Síðast gerðist Einar Örn Benediktsson borgarfulltrúi. „Það má segja að Bragi [Ólafsson] hafi verið duglegastur. Hann gerðist rithöfundur strax en við erum að þroskast upp í að taka því aðeins rólegra. Eins og góð kona sagði við mig: „Sumir eru bara svona seinþroska“,“ segir Sigtryggur og hlær.

Samhliða vinnu sinni hjá ÚTÓN heldur Sigtryggur áfram starfi sínu við Hljómskálann í Sjónvarpinu. Vinna við fimm nýja þætti er hafin, auk þess sem trymbillinn verður spyrill í forkeppni Eurovision-keppninnar þar sem hann ræðir við lagahöfunda.

Anna Hildur Hildibrandsdóttir segir núna skilið við ÚTÓN eftir fimm ára starf. „Þetta er búinn að vera frábær tími. Þetta er eiginlega algjört draumadjobb að fá að vinna við og markaðssetja íslenska tónlist erlendis. Ég kveð líka mjög glöð yfir því að við höfum náð góðum árangri,“ segir Anna Hildur. Haft hefur verið samband við hana vegna starfs á Norðurlöndunum. Ekkert er þó frágengið í þeim efnum en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er um að ræða starf hjá Útflutningsskrifstofu norrænnar tónlistar, NOMEX. freyr@frettabladid.is

# Inga Lind gerir þáttaröð um offitu

Inga Lind Karlsdóttir, fyrrum sjónvarpskona, er nú á fullu að viða að sér efni um offitu Íslendinga. Hún hefur stofnað fyrirtækið ilk ehf. í kringum framleiðslu á heimildarþáttaröð sem hún hyggst gera um þetta vandamál en það virðist sífellt verða stærra og umfangsmeira hér á landi.

Inga Lind segist í samtali við Fréttablaðið vera komin með fullt af efni og að verkefninu miði vel áfram. „Ég mun bara halda þeirri vinnu áfram,“ segir hún. Eins og Fréttablaðið greindi frá í apríl á síðasta ári hafði Inga Lind í hyggju að gera heimildarmynd um of feit börn en þá höfðu nýlegar rannsóknir sýnt fram á að fimmtungur barna á aldrinum sjö til níu ára væri of þungur. „En síðan óx þetta bara og þróaðist út í að verða að heimildarþáttaröð um offitu almennt. Ég mun því ekki eingöngu einblína á börnin heldur allt umhverfið.“

Inga Lind hefur verið áberandi í opinberri umræðu eftir að hún hætti í sjónvarpi. Hún hlaut meðal annars kosningu til stjórnlagaþingsins en kaus að þiggja ekki sætið eftir að Hæstiréttur úrskurðaði kosningu þess ólögmæta. Hún hefur jafnframt setið í stjórn Hjallastefnunnar á Íslandi. Í samtali við Fréttablaðið í apríl sagði Inga að ekkert eitt hefði orðið til þess að hún ákvað að athuga jarðveginn fyrir þessari heimildarmynd. „Þetta er bara eitt vandamálið í þjóðfélaginu þar sem við getum gert betur og vonandi breytt einhverju.“ - fgg



**Á FULLU** Inga Lind Karlsdóttir er nú á fullu að undirbúa heimildarþáttaröð um offitu á Íslandi.

# Sony Center

www.sonycenter.is







Þriggja mánað áskrift að SkjáEinum fylgir öllum sjónvörpum!

VISA

6 MÁNAÐA VISA VAXTALAUS LÁN Í SONY CENTER

ANBEFALT! HJEMMEKINO 6

HÁGÆÐA 40" 3D LED SJÓNVARP KDL-40EX720

- Full HD 1920x1080 punktar
- EDGE LED baklýsing
- X-Reality myndvinnslukerfi
- 200Hz myndvinnsla
- Þráðlaus nettenging
- Bravia Internet sjónvarp

**189.990.-** Verð áður 249.990.-




FLOTTUR MP3 SPILARI Á FRÁBÆRU VERÐI! NWZB163FB

- 4 GB minni
- Allt að 1000 lög
- Góð heyrnatól fylgja
- Innbyggt útvarp

**9.990.-** Verð áður 16.990.-




DSLR MYNDAVÉL Á FLOTTU VERÐI DSLR-A230

- 10.2 megapixla CCD myndflaga
- Tökuhraði 2,5 rammar á sekúndu
- 18-55 mm linsa
- Rykvarnarkerfi

**49.990.-** Verð áður 99.990.-




MYNDAVÉL MEÐ DSLR EIGINLEIKUM NEX-3

- 14.2 megapixla Exmor myndflaga
- 3" Trueblack skjár
- HD Movie
- 16mm linsa

**69.990.-** Verð áður 119.990.-




HÁGÆÐA 46" 3D LED SJÓNVARP KDL-46EX720

- Full HD 1920 x1080 punktar
- EDGE LED baklýsing
- X-Reality myndvinnslukerfi
- Bravia Internet sjónvarp

**259.990.-** Verð áður 319.990.-

Sony Center
Kringlunni
588 7669

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni
569 7700

**Takmarkað magn!**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Sigur Yrsu staðfestur

Bóksalar hafa beðið spenntir eftir því að fyrsti metsölulisti ársins frá Rannsóknarsetri verslunarinnar líti dagsins ljós því þá er endanlega ljóst hvernig baráttan í jólabókaflóðinu hefur farið eftir að hörðu pökkunum hefur verið skilað. Það kemur kannski fáum á óvart að sú sem stendur með pálmann í höndunum er **Yrsa Sigurðardóttir** og bók hennar Brakið en henni tókst að skáka glæpasagnakónginum Arnaldi Indriðasyni og Einvíginu. Brakið var mest selda bókin árið 2011 samkvæmt listanum, Einvígið hafnaði í öðru sæti og sænska bókin Gamlinginn hirti þriðja sætið.



### Hóstakjöltur í beinni

Kvefpest hefur um skeið hrjáð hluta af starfsfólki Ríkisútvarpsins og er dagskrárgerðarfólk þar ekki undanskilið. Hins vegar er í hljóðstofum svokallaður hóstahnappur sem tryggir að hóstar, ræskingar og önnur búkhljóð fari ekki út á öldur ljósvakans. Eitthvað var þessi tækni þó að stríða þeim **Frey Eyjólfssyni** og **Margréti Marteinsdóttur** í Morgunútvarpi Rásar 2 í gær, þegar hlustendur máttu ítrekað í grafalvarlegum viðtölum um kadmíuminnihald í áburði heyra hóstakjöltur og ræskingar útvarpsfólksins. Ekki truflaði það þó að ráði, en einhverjum hlustendum var skemmt yfir nýbreytninni.

**- fgg, óká**



## Mest lesið vísir


1. Hrottaleg líkamsárás í Árbæjarhverfi
2. Leonard-þjófur dæmdur
3. Hver ætti að setjast að á Bessastöðum í vor?
4. Auglýsing Landsbankans hugsanlega brotleg…
5. Ikea innkallar barnastólabelti



YFIR 10.000 EINSTAKLINGAR hafa nýtt sér legugreininguna frá okkur og fengið rúm sérsniðið að þeirra þörfum. Komdu og prófaðu og við gerum þér tilboð í heilsurúm sem hentar þér!

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is



NÝTT HJÁ HRINGDU GSM



**0 kr.** innan kerfis
1.500 mínútur og 1.000 SMS

**14,9 kr.** að hringja í **74 lönd**

**14,9 kr.** utan kerfis

**9,9 kr.** SMS

**Stærsta** dreifikerfið

# Hringdu meira fyrir minna.

Hringdu er sjálfstætt fjarskiptafyrirtæki sem þjónustar einstaklinga og fyrirtæki með internet, heimasíma og farsíma á verðum sem ekki hafa boðist hingað til. Hringdu býður þjónustu sína um allt land.

Þjónustuver er opið alla virka daga frá 10-22 og um helgar frá 10-18

**537 7000**
www.hringdu.is

INTERNET
HEIMASÍMI
FARSÍMI

Hringdu
- Það er ódýrara